

Fyrirhuguð mynd



# AÐALSKIPULAG ÍSAFJARÐARBÆJAR 2025-2050

Greinargerð – **Drög**, kafli 1-11

8. maí 2026



## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br., var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann

---

---

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann

---

---

---

## ÖNNUR SKIPULAGSGÖGN

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050. Umhverfismatskýrsla, dags. -- - A4.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050. Aðalskipulagsuppdráttur nr. 1/3, dags. -- - A0, Sveitarfélagsuppdráttur norðan Djúps.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050. Aðalskipulagsuppdráttur nr. 2/3, dags. -- - A0, Sveitarfélagsuppdráttur sunnan Djúps.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050. Aðalskipulagsuppdráttur nr. 3/3, dags. -- - A0, Þéttbýlisuppdráttur.

# AÐALSKIPULAG ÍSAFJARÐARBÆJAR 2025-2050

## Greinargerð



## EFNISYFIRLIT

<i>Efnisyfirlit</i> .....	3	Fyrirliggjandi stefna um náttúruvá og öryggi .....	20
<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>	Loftslagsbreytingar .....	20
1 <i>Aðalskipulag</i> .....	7	Ofanflóð .....	21
1.1 Skipulagssvæðið .....	7	Gróðureldar .....	22
1.2 Framsetning .....	7	Sjávarflóð og vatnsflóð .....	22
Skipulagsgögn .....	8	Aftakaveður .....	25
1.3 Vinnuferli (Uppfært síðar) .....	8	Varúðarsvæði .....	25
Umsagnir, samráð og þátttaka hagsmunaaðila .....	8	4.2 Markmið og stefna - Náttúruvá og öryggi .....	25
Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög .....	9	5 <i>Lífriki og landslag</i> .....	28
1.4 Afgreiðsla skipulagsins (Uppfært síðar) .....	10	5.1 Forsendur .....	28
1.5 Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi (uppfært síðar) .....	10	Fyrirliggjandi stefna um lífríki og landslag .....	28
1.6 Samantekt umhverfismats (uppfært síðar) .....	10	Lagaumgjörð náttúruverndar .....	28
1.7 Eftirfylgni og vöktun .....	11	Gildi náttúrunnar og verðmætamat .....	29
<b>Helstu áherslur</b> .....	<b>12</b>	Náttúruverndarsvæði .....	30
2 <i>Leiðarljós og meginmarkmið</i> .....	13	Hverfisvernd .....	31
2.1 Leiðarljós .....	13	Óbyggð víðerni .....	31
2.2 Meginmarkmið .....	14	5.2 Markmið og stefna – Lífríki og landslag .....	33
Náttúra .....	14	6 <i>Auðlindir</i> .....	36
Innviðir .....	14	6.1 Forsendur .....	36
Samfélag .....	14	Fyrirliggjandi stefna um auðlindir .....	36
<b>Náttúra</b> .....	<b>15</b>	Orka .....	37
3 <i>Staðhættir</i> .....	16	Neysluvatn .....	38
3.1 Landslag og jarðfræði .....	16	Jarðefni .....	39
3.2 Veðurfar .....	16	6.2 Markmið og stefna – Auðlindir .....	40
3.3 Vatnarfar .....	17	7 <i>Óbyggð svæði og strandsvæði</i> .....	42
3.4 Jarðvegur .....	17	7.1 Forsendur .....	42
3.5 Lífríki .....	17	Fyrirliggjandi stefna um um óbyggð svæði og strandsvæði .....	42
3.6 Vistgerðir .....	18	Óbyggð svæði .....	42
4 <i>Náttúruvá og öryggi</i> .....	20	Strandsvæði .....	42
4.1 Forsendur .....	20	7.2 Markmið og stefna – Óbyggð svæði og strandsvæði .....	43
		<b>Samfélag</b> .....	<b>45</b>
		8 <i>Byggð</i> .....	46
		Saga og þróun byggðar .....	46
		8.1 Menningar- og búsetuminjar .....	47

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

8.1.1	Forsendur .....	47
	Fyrirliggjandi stefna um menningar- og búsetuminjar.....	47
	Menningarminjar .....	47
	Byggingarafur og húsfriðun .....	50
	Búsetu- og menningarlandslag.....	51
	Verndarsvæði í byggð .....	51
8.1.2	Markmið og stefna - Menningar- og búsetuminjar .....	52
8.2	Íbúðarbyggð .....	54
8.2.1	Forsendur .....	54
	Fyrirliggjandi stefna um íbúðarbyggð .....	54
	Íbúafjöldi .....	55
	Samsetning íbúa.....	57
	Uppbygging íbúðarhúsnæðis .....	58
8.2.2	Markmið og stefna – íbúðarbyggð .....	59
8.3	Byggð í dreifbýli .....	61
8.3.1	Forsendur .....	61
	Fyrirliggjandi stefna um byggð í dreifbýli .....	61
	Staða og þróun byggðar í dreifbýli .....	61
8.3.2	Markmið og stefna – byggð í dreifbýli .....	61
8.4	Frístundabyggð.....	62
8.4.1	Forsendur .....	62
	Fyrirliggjandi stefna um frístundabyggð .....	62
	Staða og þróun frístundabyggðar .....	62
8.4.2	Markmið og stefna – Frístundabyggð.....	63
8.5	Miðsvæði.....	65
8.5.1	Forsendur .....	66
	Fyrirliggjandi stefna um miðsvæði .....	66
	Einkenni miðsvæða í Ísafjarðarbæ .....	66
8.5.2	Markmið og stefna - Miðsvæði.....	67
8.6	Gæði byggðar .....	68
8.6.1	Forsendur .....	68
	Fyrirliggjandi stefna um gæði byggðar.....	68
	Birta og skuggavarp.....	68
	Gróður, skali og fagurfræði .....	68
	Hljóðvist .....	68
	Myrkurgæði.....	68
	Loftgæði .....	69

8.6.2	Markmið og stefna – Gæði byggðar .....	69
9	Atvinna.....	71
9.1	Atvinnuþróun .....	71
9.1.1	Forsendur .....	71
	Fyrirliggjandi stefna um atvinnuþróun.....	71
	Staða og þróun .....	71
9.1.2	Markmið og stefna – Atvinnuþróun .....	72
9.2	Sjávarútvegur .....	73
9.2.1	Forsendur .....	73
	Fyrirliggjandi stefna um sjávarútveg .....	73
	Staða og þróun sjávarútvegs.....	74
9.2.2	Markmið og stefna - Sjávarútvegur .....	74
9.3	Landbúnaður .....	75
9.3.1	Forsendur .....	75
	Fyrirliggjandi stefna um landbúnað .....	75
	Staða og þróun landbúnaðar .....	76
	Flokkun landbúnaðarlands.....	77
	Votlendi og endurheimt votlendis .....	77
	Skógrækt .....	77
9.3.2	Markmið og stefna - Landbúnaður .....	78
9.4	ferðapjónusta .....	81
9.4.1	Forsendur .....	81
	Fyrirliggjandi stefna um ferðapjónustu .....	81
	Staða og þróun ferðapjónustu .....	81
9.4.2	Markmið og stefna – Afþreyingar- og ferðapjónusta .....	83
9.5	Verslun og þjónusta.....	84
9.5.1	Forsendur .....	85
	Fyrirliggjandi stefna um verslun og þjónustu .....	85
	Staða og þróun verslunar og þjónustu .....	85
9.5.2	Markmið og stefna – Verslun og önnur þjónusta .....	85
9.6	Iðnaðar- og athafnasvæði .....	86
9.6.1	Forsendur .....	86
	Fyrirliggjandi stefna um iðnaðar- og athafnasvæði .....	86
	Starfsemi á iðnaðar- og athafnasvæðum .....	87
9.6.2	Markmið og stefna – Iðnaðar- og athafnastarfsemi .....	87
9.7	Hafnir og Hafnarsvæði.....	89

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

9.7.1	Forsendur .....	89	13	<i>Landnotkun</i> .....	110
	Fyrirliggjandi stefna um hafnarsvæði .....	89	13.1	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) .....	110
	Starfsemi og þróun á hafnarsvæðum .....	89	13.2	Athafnasvæði (AT) .....	112
9.7.2	Markmið og stefna – Hafnarsvæði .....	90	13.3	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) .....	116
9.8	Úrgangur .....	93	13.4	Flugvellir (FV) .....	121
9.8.1	Forsendur .....	93	13.5	Frístundabyggð (F) .....	122
	Fyrirliggjandi stefna um úrgang .....	93	13.6	Hafnir (H) .....	130
9.8.2	Úrgangsméðhöndlun og sorphirða .....	94	13.7	Iðnaðarsvæði (I) .....	135
9.8.3	Markmið og stefna – Úrgangur .....	94	13.8	Íbúðarbyggð (ÍB) .....	143
10	<i>Samfélagsþjónusta</i> .....	96	13.9	Íþróttasvæði (ÍÞ) .....	148
10.1	Skólar og menntastofnanir .....	96	13.10	Kirkjugarðar og grafreitir (K) .....	151
10.1.1	Forsendur .....	96	13.11	Landbúnaðarsvæði (L) .....	152
	Fyrirliggjandi stefna um skóla og menntastofnanir .....	96	13.12	Miðsvæði (M) .....	155
	Starfandi skóla- og menntastofnanir .....	96	13.13	Opin svæði (OP) .....	157
10.1.2	Markmið og stefna – skólar og menntastofnanir .....	97	13.14	Óbyggð svæði (ÓB) .....	160
10.2	Menning .....	98	13.15	Samfélagsþjónusta (S) .....	162
10.2.1	Forsendur .....	98	13.16	Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN) .....	166
	Fyrirliggjandi stefna um menningu .....	98		Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) .....	168
	Menning og menningararfur .....	98	13.17	Strandsvæði (ST) .....	170
10.2.2	Markmið og stefna – Menning .....	99	13.18	Vegir, götur og stígar (VE) .....	171
10.3	Félags- og heilbrigðismál .....	100	13.19	Veitur og helgunarsvæði (VH) .....	172
10.3.1	Forsendur .....	100	13.20	Verslun og þjónusta (VP) .....	173
	Fyrirliggjandi stefna um félags- og heilbrigðismál .....	100	13.21	Vötn, ár og sjór (V) .....	177
	Starfsemi í félags- og heilbrigðismálum í Ísafjarðarbæ .....	100		<b>Takmarkanir á landnotkun</b> .....	<b>179</b>
10.3.2	Markmið og stefna – Félags og heilbrigðismál .....	101	14	<i>Verndarákvæði</i> .....	180
11	<i>Útivist, opin svæði og íþróttir</i> .....	103	14.1	Hverfisvernd (HV) .....	181
11.1	Forsendur .....	103	14.2	Minjavernd (MV) .....	186
	Fyrirliggjandi stefna um útivist og opin svæði .....	103	14.3	Náttúruvá (NV) .....	187
	Aðstaða og gildi útivistar, opinna svæða og íþróttar .....	103	14.4	Náttúruvernd (FS, ÖN) .....	188
11.2	Markmið og stefna – útivist og opin svæði .....	105	14.5	Vatnsverndarsvæði og Vatnsból (VF, VG, VB) .....	191
<b>Innviðir – birt síðar</b> .....	<b>107</b>		15	<i>Heimildir</i> .....	193
<b>Skipulagsákvæði</b> .....	<b>108</b>			<i>Viðaukar</i> .....	197
12	<i>Almenn atriði</i> .....	109		Vegir í náttúru Íslands í Xxxx .....	198
				Flokkun landbúnaðarlands .....	200

DRÖG

## INNGANGUR

### 1 AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 er nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið og jafnframt heildarendurskoðun á *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020*. Fyrra skipulag var staðfest árið 2010 og frá þeim tíma hafa tekið gildi ný skipulagslög nr. 123/2010 og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 sem og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt síðast nefndu lögum er aðalskipulagið háð umhverfismati áætlana. Umhverfismatið, þ.m.t. kynningar- og samráðsferlið og greiningarvinna, var unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins. Umfjöllun um einstaka þætti umhverfismatsins er fléttuð inn í greinargerðina en nánari upplýsingar um umhverfismatið, svo sem forsendur þess, aðferðir og niðurstöður, er að finna í umhverfismatsskýrslu. Árið 2019 samdi Ísafjarðarbær við ráðgjafa til að vinna að gerð aðalskipulagsins. Skipulagslýsing vegna verkefnisins var kynnt í mars 2020 en í kjölfarið fór vinna við aðalskipulagið í dvala. Samningi við ráðgjafann var rift og í maí 2025 skrifuðu Ísafjarðarbær og Verkís undir ráðgjafasamning.

#### 1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar. Sveitarfélagið nær til norðvesturhluta Vestfjarða, þ.e. frá Geirólfsnúpi í norðri að Langanesi í Arnarfirði í suðri, að landi Bolungarvíkurkaupstaðar undanskildu. Sveitarfélagið skiptist í tvö landfræðilega aðskilin svæði, sem eru annars vegar norðan og hins vegar sunnan Ísafjarðardjúps.

Í sveitarfélaginu eru fimm þéttbýliskjarnar, þ.e. Þingeyri við Dýrafjörð, Flateyri við Önundarfjörð, Suðureyri við Súgandafjörð, Ísafjörður í Skutulsfirði og Hnífsdalur. Ísafirði, sem er stærsti kjarninn, er skipt í þrjú meginhverfi í aðalskipulaginu, þ.e. Fjörð, Efribæ og Eyri.



Mynd Skipulagssvæðið. (Mynd: Verkís)

#### 1.2 FRAMSETNING

Aðalskipulagið er sett fram sem greinargerð og skipulagsupprættir auk umhverfismatsskýrslu. Skipulagsgögn eru prentuð og auk þess er skipulaginu skilað á stafrænu formi til Skipulagsstofnunar.

Greinargerðinni er skipt upp í átta meginhluta. Í *inngangi* er lýst afmörkun aðalskipulagsins, helstu gögnum, aðferðum og vinnuferli við skipulagsvinnuna. Leiðarljós og meginmarkmið aðalskipulagsins eru sett fram í kaflanum *Helstu áherslur*. Stefna aðalskipulagsins er sett fram í þremur megin málaflokkum, þ.e. *Náttúra*, *Samfélag* og *Innviðir*. Þar er lýst forsendum og sett fram markmið og útfærsla fyrir einstök viðfangsefni. Þá er gerð grein fyrir almennum og sértækum ákvæðum fyrir landnotkunarflokka í kaflanum *Skipulagsákvæði*. Að lokum er kafli um

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

takmörkun á landnotkun, þ.e. viðbótarákvæði sem varða takmörkun á landnotkun annarra landnotkunarflokka. Auk þess fylgir viðauki með greinargerðinni en þar eru viðbótarupplýsingar.

Í sérstakri umhverfismatskýrslu er fjallað um áhrif aðalskipulagsins á umhverfi og samfélag. Umhverfismatið er einnig fléttað inn í greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. inn í umfjöllun um einstök viðfangsefni þess. Í lok hvers kafla er stutt samantekt á umhverfisáhrifum þeirrar stefnu sem mörkuð er í aðalskipulaginu.

Uppdrættir aðalskipulagsins eru sveitarfélagsuppdráttur í mælikvarða 1:50.000 og þéttbýlisuppdráttur í mælikvarða 1:10.000.

### Skipulagsgögn

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050. Greinargerð, dags. -- - A4.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050. Umhverfismatskýrsla, dags. -- - A4.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050. Aðalskipulagsuppdráttur nr. 1/3, dags. -- - A0, Sveitarfélagsuppdráttur norðan Djúps.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050. Aðalskipulagsuppdráttur nr. 2/3, dags. -- - A0, Sveitarfélagsuppdráttur sunnan Djúps.

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050. Aðalskipulagsuppdráttur nr. 3/3, dags. -- - A0, Þéttbýlisuppdráttur.

### 1.3 VINNUFERLI (UPPFÆRT SÍÐAR)

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar, verkefnisstjóri á umhverfis- og eignasviði auk tveggja ráðgjafa mynduðu verkefnisstjórn sem hélt utan um vinnuna við endurskoðun aðalskipulagsins.

Skipulagsferlið var opið og gegnsætt og íbúar og aðrir hagsmunaaðilar upplýstir um gang mála. Einnig var boðið upp á beina þátttöku íbúa og hagsmunaaðila við gerð skipulagstillögunnar. Notast var við vefsíðuna Betra Ísland til að miðla upplýsingum og gefa fólki færi á að senda inn upplýsingar og ábendingar um aðalskipulagsvinnuna. Skipulagsfulltrúi stóð fyrir opnu húsi í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins í tengslum við aðalskipulagsvinnuna í október og nóvember 2025. Nánar er gerð grein fyrir íbúafundum í næsta undirkafli.

Leitað var álits sérfræðinga þegar þörf var á faglegu mati eða öðrum sérhæfðum upplýsingum vegna skipulagsvinnunnar.

### Umsagnir, samráð og þátttaka hagsmunaaðila

Aðalskipulagsvinnan var kynnt í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þar er gert ráð fyrir kynningu á skipulagslýsingu, kynningu á skipulagstillögu á vinnslustigi og auglýsingu skipulagstillögu.

**Kynning skipulagslýsingar:** Lýsingin var samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2020 og auglýst í framhaldinu. Hún var aðgengileg á vef Ísafjarðarbæjar og á skrifstofu sveitarfélagsins.

- Opið var fyrir athugasemdir frá 19. október til 19. nóvember 2020. Á sama tíma var lýsingin send til umsagnaraðila.

**Mótun skipulagstillögu:** Haustið 2025 voru opin hús í þéttbýliskjörnum Ísafjarðarbæjar í tengslum við mótun skipulagstillögu. (Uppfært síðar)

- Þingeyri, dags
- Flateyri, dags
- Suðureyri, dags
- Ísafjörður og Hnífsdalur, dags

Nefndir Ísafjarðarbæjar fjölluðu um afmörkuð málefni skipulagsins áður en það var kynnt á vinnslustigi. Nánari upplýsingar má sjá í bókunum nefnda á vefsíðu Ísafjarðarbæjar.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

### Kynning skipulagstillögu á vinnslustigi (Uppfært síðar)

Vinnslutillagan var kynnt á opnum fundum í byggðakjörnum sveitarfélagsins:

- Þingeyri, dags
- Flateyri, dags
- Suðureyri, dags
- Ísafjörður og Hnífsdalur, dags

### Afgreiðsla og auglýsing skipulags (Uppfært síðar)

- Skipulags- og mannvirkjanefnd lagði til við bæjarstjórn þann --- 2026 að senda aðalskipulagstillöguna til yfirferðar Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Bæjarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar þann --- 2026.
- Skipulagsstofnun fékk tillögu að aðalskipulaginu til yfirferðar --- og skilaði stofnunin umsögn sinni þann ---- 2027.
- Skipulags- og mannvirkjanefnd lagði til við bæjarstjórn þann --- 2027 að aðalskipulagið yrði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga. Bæjarstjórn samþykkti þann -- 2027 að aðalskipulagstillagan yrði auglýst.

### Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög

Eftirtaldir aðilar fengu skipulagstillöguna til umsagnar, auk Skipulagsstofnunar.

#### Opinberar stofnanir

- Umhverfis- og orkustofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

- Veðurstofa Íslands
- Náttúrufræðistofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Ferðamálastofa
- Land og Skógur
- Kirkjugarðaráð
- Samgöngustofa
- Fjarskiptastofnun

#### Opinber fyrirtæki

- Landsnet
- Orkubú Vestfjarða
- Míla
- Isavia

#### Nærliggjandi sveitarfélög og samtök þeirra

- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Bolungarvíkurkaupstaður
- Súðavíkurhreppur
- Strandabyggð
- Vesturbyggð (Táknafjarðarhreppur)
- Reykhólahreppur
- Árneshreppur

Alls bárust -- umsagnir og ábendingar eftir kynningu vinnslutillögunnar, sbr. eftirfarandi töflu. (Uppfært síðar)

### 1.4 AFGREIÐSLA SKIPULAGSINS (UPPFÆRT SÍÐAR)


Þann --- lagði skipulags- og mannvirkjanefnd það til við bæjarstjórn að skipulagstillagan yrði auglýst. Bæjarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar á fundi sínum þann ---. Skipulagstillagan ásamt umhverfismatsskýrslu var auglýst frá -- 2027 til og með -- 2027.

Eftirtaldir aðilar gerðu athugasemdir. (Uppfært síðar)

### 1.5 HELSTU BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI (UPPFÆRT SÍÐAR)

Heildarendurskoðun felur annars vegar í sér uppfærslu á grunnupplýsingum sem settar eru fram í aðalskipulaginu og hins vegar á stefnu skipulagsins. Árið 2010 tóku gildi ný skipulagslög þar sem m.a. eru breyttar skilgreiningar á landnotkun og landnotkunarflokkum. Skipulagið hefur verið uppfært m.t.t. þess.

Stefnan er í takt við eldra aðalskipulag en tekur einnig mið af stefnumörkun sveitarfélaga og ríkisins. Það á t.d. við um landsskipulagsstefnu og Svæðisskipulag Vestfjarða 2025 – 2050 en nánar er fjallað um aðra stefnu í einstökum köflum aðalskipulagsins. Stefnan tekur einnig mið af lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, auk annarra laga og lagabreytinga sem varða innihald aðalskipulags. Hér er sett fram mun ítarlegri stefna, mótvægisáðgerðir og aðlögun vegna loftslagsbreytinga í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru tilgreindar hér að neðan. (Uppfært síðar)



Mynd Ljósmynd

### 1.6 SAMANTEKT UMHVERFISMATS (UPPFÆRT SÍÐAR)

Umhverfismat aðalskipulagsins er birt í umhverfismatsskýrslu, dags. --, sem er fylgiskjal með skipulagi þessu.

Heildaráhrif aðalskipulagsins og þeirra valkosta sem urðu fyrir valinu við mótnun skipulagsins eru metin. Umhverfisviðmiðin eru að stofni til byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og stefnu

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

stjórnvalda er varðar landnotkun. Einnig eru innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins og samræmi við stefnu stjórnvalda greind. Matsspurningum er beitt til að greina hvort stefnan samræmist þeirri stefnu sem viðmiðin fela í sér.

### Valkostir

(Uppfært síðar)

### Greining á heildaráhrifum stefnunnar

Metin eru helstu áhrif stefnunnar í megin viðfangsefnum aðalskipulagsins á helstu matsþætti. Í lok hvers stefnukafla í greinargerð aðalskipulagsins er samantekt á þeim umhverfisáhrifum sem metin eru.

Stefna aðalskipulagsins um náttúru og landslag hefur heilt yfir --

Stefna um samfélag sem inniheldur m.a. stefnu um byggð og atvinnumál hefur einnig heilt yfir --

Stefna um innviði hefur --

(Uppfært síðar)

### Samlegðaráhrif stefnunnar

Aðalskipulagið markar stefnu sveitarstjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í Ísafjarðarbæ. Í þeirri stefnu geta falist fjölmargar stórar og smáar framkvæmdir eða uppbygging. Vísað er til deiliskipulags hvað varðar skilgreiningu og útfærslu einstakra framkvæmda. Stefna aðalskipulagsins gerir m.a. ráð fyrir að --

Í heildina eru samlegðaráhrif aðalskipulagsins --

(Uppfært síðar)

## 1.7 EFTIRFYLGNI OG VÖKTUN

---

(Uppfært síðar)

Drögg

## HELSTU ÁHERSLUR

## 2 LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ

### 2.1 LEIÐARLJÓS

Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er eftirfarandi haft að leiðarljósi, auk markmiða skipulagslaga og leiðarljóss landsskipulagsstefnu.

*Leiðarljós aðalskipulagsins er það að sveitarfélagið Ísafjarðarbær verði fjölbreytt, framsækið, heilsueflandi, fjölskylduvænt samfélag með góðri þjónustu við alla íbúa og gesti og með þróttmikilli atvinnusköpun. Sveitarfélagið samanstendur af fimm byggðakjörnum þar sem sérstaða hvers þeirra fær svigrúm til að þroskast og dafna. Lífsgæðin og framtíðartækifærin felast í sögu, menningu, náttúru svæðisins, auðlindum og þeim mannaði sem er til staðar. Áhersla er lögð á að viðhalda þessum gæðum og takmarka ekki frelsi komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum. Jafnframt skal lögð áhersla á virka þátttöku almennings sem ber ábyrgð á þróun samfélagsins og umhverfisins.*

Aðalskipulagið er ekki spá um líklega þróun í sveitarfélaginu, heldur er það stefna sveitarfélagsins um æskilega þróun í þeim málaflokkum sem eru til umræðu. Til að sú þróun verði að veruleika er lögð áhersla á raunsæ markmið. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að bæta búsetuskilyrði og efla byggð með styrkleikum svæðisins og uppbyggingu innviða. Þetta eru forsendur þess að sveitarfélagið sé samkeppnishæft, bæði m.t.t. búsetu og atvinnustarfsemi. Reynt er að skapa frjóan jarðveg fyrir fjölbreytt atvinnulíf, svo sem sjávarútveg, ferðaþjónustu, iðnað, tækniiðnað, menntasamfélag og ýmsa nýsköpun þessu tengdu. Boðið er upp á fjölbreytta búsetumöguleika og aðlaðandi umhverfi í góðum tengslum við náttúru, sögulegt umhverfi og önnur sérkenni. Í aðalskipulaginu er fjallað um viðbrögð við loftslagsbreytingum og aðlögun vegna þeirra. Áhersla er lögð á að uppbygging samfélagsins byggji á sveigjanleika og hafi seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

### Fyrirhuguð mynd



Mynd

Ljósmynd

## 2.2 MEGINMARKMIÐ

### Náttúra

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um náttúru:

Nýting náttúru og auðlinda fari fram á sjálfbæran hátt  
Íbúar í sveitarfélaginu búi við hreint og heilnæmt umhverfi  
Að varðveita sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar, svo sem landslag, náttúruminjar og jarðfræðilega og líffræðilega fjölbreytni  
Landnýtingu og skipulagi verði hagað með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga  
Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár

### Innviðir

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um innviði:

Frekari uppbygging og viðhald innviða í þágu íbúa og atvinnulífs, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu  
Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða

### Samfélag

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags um samfélag:

Í Ísafjarðarbæ þrífist fjölbreytt, framsækið og fjölskylduvænt samfélag með góðri þjónustu við alla íbúa og gesti

Samfélagið verði heilsueflandi með góðu aðgengi að útivistarsvæðum og góðri íþróttaaðstöðu

Áhersla verði lögð á fjölbreytta búsetumöguleika og aðlaðandi umhverfi í góðum tengslum við náttúru, sögulegt umhverfi og önnur sérkenni þar sem sérstaða hvers byggðakjarna fær að njóta sín

Unnið verði að bættum og vistvænum samgöngum í þéttbýli og dreifbýli  
Grunnur verði lagður að sjálfbæru, fjölbreyttu og þróttmiklu atvinnulífi sem byggir ímynd sína á hreinleika, sérkennum náttúrunnar en einnig fúmkvöðla- og sköpunarkrafti íbúa

Uppbygging samfélagsins byggir á sveigjanleika og hafi jafnframt seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum

DRÖG

Staðhættir - Náttúruvá og öryggi - Lífríki og landslag – Auðlindir - Óbyggð svæði

**NÁTTÚRA**

### 3 STADHÆTTIR

#### 3.1 LANDSLAG OG JARÐFRÆÐI

Landsvæði sveitarfélagsins er hálent með sæbröttum fjöllum og takmörkuðu undirlendi. Strandlínan er mjög vogskorin og inn í hálendið ganga firðir, dalir og önnur form sem jöklar fyrri tíma hafa skorið út og mótað. Á Hornströndum eru tilkomumiklir sjávarhamrar, mótaðir af sjávarrofi. Margar ár falla af hálendi svæðisins sem er nú jökullaust, ef frá er talinn Drangjökull sem teygir sig til Ísafjarðarbæjar.

Svæðið liggur utan virku gosbeltanna og tilheyrir jarðsögutímabilinu tertíer. Berggrunnurinn er að mestu leyti basalt sem hlóðst upp á um þremur milljónum ára, fyrir 12-15 milljónum ára og er því elsti hluti landsins. Samhliða upphleðslu jarðlaganna hafa þau hallast og haggast. Nokkrir helstu fundarstaðir steingervinga landsins eru í sveitarfélaginu, m.a. í Svalvogum við Dýrafjörð og í Botni í Súgandafirði.

Finna má fornar megineldstöðvar sem hafa mótað landslag svæðisins með fjölbreyttum bergtegundum og formum. Á meðal þeirra er Tjaldaneseldstöðin, á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, sem er elsta megineldstöð landsins. Lágheitsvæði er að finna á afmörkuðum svæðum.

Nánar er fjallað um landslag í kafla 5.

#### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

#### 3.2 VEÐURFAR


Veðurathuganir hafa verið gerðar á Ísafirði frá 1999 og Hólum í Dýrafirði frá 1983. Á Ísafirði eru ríkjandi vindáttir úr norðaustri og suðvestri en á Hólum í Dýrafirði eru meginvindáttir úr norðvestri, suðri og suðaustri.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Veðurstofa Íslands (2026a).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Meðalúrkoma á Ísafirði frá júní til ágúst er undir 40 mm en í september til nóvember er hún 116 mm. Meðalhiti á Ísafirði í júlí, sem er heitasti mánuðurinn, er 10,3 gráður en í desember, sem er kaldasti mánuðurinn, er hann -0,3 gráður. Í janúar til mars er meðalhitinn rétt yfir 0 gráðum.<sup>2</sup> Hafa skal í huga að veðurfar í sveitarfélaginu er mjög breytilegt eftir legu og landslagi og því nýtast þessar staðbundnu upplýsingar á takmarkaðan hátt við nánari skipulagákvæðanir í sveitarfélaginu. Við frekara skipulag verður því að ákvarða hvort ástæða sé til frekari gagnaöflunar eða skoðunar á veðurfari. Þetta á sérstaklega við um vind.

Snjóalög eru almennt mikil á norðanverðum Vestfjörðum. Að meðaltali er snjóþyngst í janúar til mars. Á þeim tíma er jafnframt lægstur sjávarhiti og fer hitinn úti fyrir Vestfjörðum niður fyrir 3°C.



<sup>2</sup> Veðurstofa Íslands (2026b)

Vindmælingar frá veðurstöð við Skeiði á Ísafirði. Myndin sýnir meðalvind árána 2010-2019.<sup>3</sup>

### 3.3 VATNARFAR

Berggrunnur á svæðinu er þéttur og úrkoma sem fellur innan þess rennur því að miklu leyti á yfirborði. Vatnshlotum í Ísafjarðarbæ er skipt í straumvatnshlot, stöðuvatnshlot, grunnvatnshlot og strandsjavarhlot í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Lögnum er m.a. ætlað að vernda vatn og vistkerfi þess og stuðla að sjálfbærri nýting vatns. Nánar er fjallað um neysluvatn og vatnsvernd í kafla 6. Auðlindir.

### 3.4 JARÐVEGUR

Skríðujarðvegur er algengasti jarðvegur á Vestfjörðum og ræktanlegt land er tiltölulega lítt hluti af flatarmáli svæðisins. Móajarðveg er að finna á heiðum. Gróður- og jarðvegseyðing er alvarlegt vandamál hér á landi. Nær allir skógar, kjarr og meira en helmingur af gróðurþekjunni eru taldir hafa tapast síðastliðin 1100 ár. Beitarálag á Vestfjörðum er minna en víða á landinu og hefur dregið úr því síðustu áratugi.

### 3.5 LÍFRÍKI

Í sveitarfélaginu þrífst fjölskrúðugur gróður. Samfelldur gróður nær þó sjaldnast í meira en 200-400 m h.y.s. (mynd -). Ræktanlegt land er tiltölulega lítt hluti af flatarmáli svæðisins, enda er undirlendi lítið. Á láglandi og í neðri hlíðum fjalla er mikill gróður. Mest áberandi er lyng- og kjarrgróður, einkum birki. Í sveitarfélaginu, m.a. í Lónafirði, er að finna einar elstu minjar um gróðurfar á landinu. Mosar og fléttur eru á hásléttum en annars er

<sup>3</sup> Veðurstofa Íslands (2026b).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

gróðurlítið eða gróðursnautt efst til fjalla. Fuglabjörg eru þó vel gróin. Síðustu áratugi hefur dregið úr beitarálagi í Ísafjarðarbæ með jákvæðum áhrifum á vöxt gróðurs.

Sjaldgæfar plöntur og plöntur með alþjóðlegt verndargildi finnast í Ísafjarðarbæ, t.d. burknar, hrísastör og dvergtungljurt. Beitarálag er lítið á svæðinu og á snjóþungum svæðum hlífir snjórinn viðkvæmum tegundum. Hornstrandafriðland hefur verið friðað fyrir beit í nokkra áratugi. Svæðið einkennist af mikilli grósku blómgróðurs á bæjarstæðum og í skjólsælum brekkum og þar hafa fundist um 260 tegundir háplantna, margar þeirra sjaldgæfar.

Fuglalíf er fjölskrúðugt í sveitarfélaginu enda eru álitleg búsvæði fugla í björgum, á leirum og víðar. Um 30 fuglategundir verpa í Hornstrandafriðlandi. Mikill fjöldi fugla er í Hornbjargi, Hælavíkurbjargi og Rit. Þar eru stuttnefja, langvía, snjótittlingur og þúfutittlingur á meðal algengustu tegunda. Æðey er alþjóðlega mikilvægt fuglaverndarsvæði og eru teista, æður, lundi og kría algengir varpfuglar. Þar er eitt stærsta æðarvarp landsins. Náttúrufræðistofnun Íslands gefur út valista fugla þar sem má sjá útbreiðslu fugla á listanum eftir tegundum.<sup>4</sup> Á mynd – má sjá mikilvæg fuglasvæði í Ísafjarðarbæ skv. kortasjá Náttúrufræðistofnunar.

Hagamýs eru algengar en af spendýrum er refurinn mest áberandi. Refurinn er eina landspendýrið sem var hér á landi við landnám. Í Hornstrandafriðlandi er refurinn friðaður. Selir eru áberandi við ströndina og silungur er víða í ám og vötnum. Nánar er fjallað um lífríki í kafla 5.

### 3.6 VISTGERÐIR

Innan sömu vistgerðar eru aðstæður með þeim hætti að þar þrífast svipuð samfélög plantna og dýra. Með flokkun lands í vistgerðir fæst yfirlit yfir sérstæðar og sjaldgæfar vistgerðir, einkenni þeirra og útbreiðslu. Vistgerðir gefa því mikilvægar upplýsingar um verndargildi lands og er gott að hafa til

hliðsjónar við vernd og nýtingu náttúrunnar. Samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands finnast 50 vistgerðir í Ísafjarðarbæ og af þeim eru 17 með hátt eða mjög hátt verndargildi. Algengustu vistgerðirnar eru – (uppfært síðar).


Alaskalúpína og skógarkerfill eiga sér ekki langa sögu hér á landi en báðar tegundir eru skilgreindar sem framandi ágengar tegundir.<sup>5</sup> Tegundirnar voru upphaflega fluttar inn sem garðplöntur en síðar var lúpínan nýtt til uppgræðslu. Skógarkerfillinn virðist þrífast vel í lúpínubreiðum. Um er að ræða stórar og áberandi plöntur sem á skömmum tíma hafa náð að festa rætur á ákveðnum stöðum í sveitarfélaginu. Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar til að hefta útbreiðslu þeirra, með misjöfnum árangri.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó, samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.


<sup>4</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands (2025a).

<sup>5</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands (2025b).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG



**Mynd** Útbreiðsla gróðurs í Ísafjarðarbæ. Náttúrufræðistofnun Íslands (2025c).



**Mynd** Mikilvæg fuglasvæði í Ísafjarðarbæ. Náttúrufræðistofnun Íslands (2025c).

## 4 NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI

Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu sveitarfélagsins um viðbrögð við náttúruvá og viðbrögð við hættu af völdum loftslagsbreytinga. Undir náttúruvá flokkast hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jökklum, flóð í ám, ofanflóð, flóð frá sjó, hafískoma, lagnaðaris og fárviðri. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um hraunflóð, gjóskufall og jarðskjálfta þar sem skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis. Ekki er heldur fjallað um flóð undan jökklum. Sérstök umfjöllun er um loftslagsbreytingar, ofanflóð og sjávarflóð í kaflanum. Við skipulagsgerðina hefur verið tekið tillit til annarra náttúruhamfara eins og gögn leyfa og tilefni er til. Almennir skortir grunnupplýsingar um náttúruhamfarir í Ísafjarðarbæ að ofanflóðum undanskildum. Nánari umfjöllun um loftslagsmál er fléttuð inn í aðra kafla greinargerðarinnar.

### 4.1 FORSENDUR

#### Fyrirliggjandi stefna um náttúruvá og öryggi

##### *Landsskipulagsstefna*

Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.

Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma.

##### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Styrkja samfélagið gagnvart náttúruvá og afleiðingum loftslagsbreytinga með áherslu á skipulag, varnir og viðbragðsáætlanir.

##### *Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum*

Að íslenskt samfélag og lífríki búi að viðnámsþrótti gagnvart loftslagsvá og að aðlögun að loftslagsbreytingum sé fastur þáttur í áætlunum og starfsemi hins opinbera.

#### Loftslagsbreytingar

Loftslagsbreytingar hafa þegar haft umtalsverð áhrif á náttúru Íslands, m.a. á vatnafar, lífríki á landi og aðstæður í sjó. Í fjórðu samantektarskýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar segir<sup>6</sup>:

*Veðurfar og náttúruaðstæður á landinu og í hafinu umhverfis það verða í lok aldarinnar án fordæma frá upphafi byggðar á Íslandi. Súrnun sjávar og hlýnun munu breyta umhverfisaðstæðum og útbreiðsluvæðum tegunda í hafi.*

*Umtalsverð áhrif loftslagsbreytinga á atvinnuvegi, byggða innviði og efnahag skapa verulegar áskoranir, jafnvel í geirum þar sem viðbrögð við hlýnun geta haft jákvæð áhrif í för með sér. Sjávarstöðubreytingar og aukin náttúruvá geta aukið samfélagslegt tjón og áhrif loftslagsbreytinga erlendis skapað umtalsverða kerfisáhættu hérlendis, t.d. með áhrifum á aðfangakeðjur, fæðuöryggi og lýðheilsu. Loftslagsbreytingar eru stærsta heilsufarsógn sem mannkynið stendur frammi fyrir.*

*Loftslagsvandinn er efnahagsmál sem mun hafa áhrif á verðlag, fjármálastöðugleika og öryggi fjármálakerfisins. Aðlögun að og viðbrögð við loftslagsbreytingum hafa í för með sér áskoranir sem krefjast umbyltingar í neyslu, iðnaði og tækni. Áhrif loftslagsbreytinga ná meðal annars til félagslegra innviða, menningar, sjálfsmyndar þjóðar og vekja upp siðferðilegar spurningar gagnvart öðrum þjóðum, komandi kynslóðum og vistkerfum.*


Í skýrslunni kemur einnig fram að umbyltingu þurfi í lífsháttum og umgengni við náttúruna til að tryggja að áskoranirnar sem staðið er frammi fyrir verði ekki meiri en við er ráðið.

<sup>6</sup> Halldór Björnsson o.fl. (2023).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Ljóst er að loftslagsbreytingar kalla á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aðlögun að breyttum aðstæðum. Hafa ber í huga að loftslagsbreytingar geta haft áhrif á náttúruvá.

Íslensk stjórnvöld hafa sett fram stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum<sup>7</sup> og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum<sup>8</sup>. Viðbrögð við loftslagsbreytingum eru eitt af lykilviðfangsefnum í Landsskipulagsstefnu 2025-2050 í samræmi við stefnu stjórnvalda. Samkvæmt lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 ber sveitarfélögum að marka sér loftslagsstefnu. Ísafjarðarbær vinnur nú að slíkri stefnu á grundvelli undirbúningsvinnu Vestfjarðastofu um orkuskipti, kolefnisjöfnun, innleiðingu rafræns græns bókhalds og úttekt á kolefnisspori Vestfjarða.



**Mynd** Ljósmynd.

<sup>7</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2021).

<sup>8</sup> Stjórnarráð Íslands (2024).

## Ofanflóð

Ofanflóð hafa fallið víða í sveitarfélaginu, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Við gerð skipulags eða veitingu byggingar- eða framkvæmdaleyfis, á svæði þar sem ofanflóð eru hugsanleg og ekki liggur fyrir staðfest hættumat, skal sveitarstjórn leita álits Skipulagsstofnunar á því hvort óska beri eftir staðbundnu hættumati hjá Veðurstofu Íslands, samkvæmt reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Hættumatið skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Gildandi aðalskipulag skal vera í samræmi við hættumat svæðisins, enda ber sveitarfélögum skv. reglugerð um hættumat að „stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu“ á svæðum sem varin hafa verið með varnarkjóm.

Hættusvæði skiptast í þrjú flokka, A, B og C, eftir staðaráhættu. Staðaráhætta er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi.<sup>9</sup> Hættusvæðin afmarkast af jafnánhættulínunum. Heimilt er að tryggja öryggi fólks með eftirliti og rýmingu á hættusvæðum A og B en á hættusvæði C skal öryggi tryggt með varanlegum varnarkjóm eða uppkaupum íbúðarhúsnæðis. Á C svæðum eru engar nýbyggingar heimilar nema frístundahús að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Á B svæðum er leyfilegt að byggja atvinnuhúsnæði án styrkinga. Þá má einnig byggja íbúðarhús og viðbyggingar þar sem búist er við miklum mannsafnaði, ef þau eru styrkt. Á A svæðum þarf að styrkja hús ef búist við miklum mannsafnaði.

Í kjölfar mannskæðra snjóflóða í Ísafjarðarbæ árin 1994 og 1995 var ráðist í gerð hættumats og byggingu varnarkjoma og uppkaup húsa í samræmi við hættumat. Fyrir liggur hættumat á öllum þéttbýlisstöðum í Ísafjarðarbæ. Nú eru engin íbúðarhús á C svæði á Þingeyri, Suðureyri og Ísafirði. Mörg íbúðarhús eru hins vegar á A og B svæðum á þessum stöðum. Í Hnífsdal eru hús á C svæði undir Bakkahyrnu og þar er gert ráð fyrir þvergarði og

<sup>9</sup> Reglugerð nr. 505/2000

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

upptakastoðvirkjum. Á Flateyri er unnið að endurbótum varnarvirkja en þar eru íbúðarhús á C svæði samkvæmt drögum að hættumati sem unnið var í kjölfar snjóflóða í janúar 2020.<sup>10</sup> Varnarvirkjunum er einnig ætlað draga úr snjóflóðahættu á hafnarsvæði Flateyrar. Hættumat verður endurskoðað m.t.t. nýrra varnarvirkja.

Í dreifbýli hefur aðeins verið gert staðbundið hættumat á nokkrum stöðum í tengslum við uppbyggingu. Hættumatslínur eru sýndar á meðfylgjandi skipulagsupprætti.

Aðalskipulagið er samþykkt með fyrirvara um hættumat ofanflóða á þeim svæðum þar sem það liggur ekki fyrir. Til viðmiðunar má nefna að snjóflóð falla oftast í brekkum sem hafa 30-50° halla. Blaut flóð, krapaflóð, geta þó fallið í minni halla.

### Gróðureldar

Gróðureldar eru ekki algengir á Íslandi en geta verið illviðráðanlegir ef eldur berst í þurran gróður. Á undanförunum áratugum hefur trjám verið plantað í miklum mæli á Íslandi. Ógrisjaður, þéttur skógur er hættulegastur með tilliti til gróðurelda. Enn fremur geta breytingar í landbúnaði haft áhrif á hættu af gróðureldum, s.s. minnkandi beit sem eykur líkur á sinu og þar með hættu á sinubruna.

Stýrihópur um mótun vinnureglna í brunavörnum í skógi og öðrum gróðri gaf árið 2018 út skýrsluna „Gróðureldar; Varnir og viðbrögð“.<sup>11</sup> Í skýrslunni kemur fram að skipuleggja þurfi skógarsvæði með tilliti til eldvarna. Sérstaklega eigi þetta við um svæði þar sem umferð fólks er mikil, svo sem fjölsótt útivistarsvæði og frístundahúsabyggð. Mikilvægt sé að huga m.a. að aðgengi slökkviliðs, flóttaleiðum, uppbyggingu vega og slóða, varnarlínnum og brunahólfum, sem og vatnstökustöðum og vatnsbólum.

<sup>10</sup> Veðurstofa Íslands (2020).

<sup>11</sup> Stýrihópur um mótun vinnuregla í brunavörnum í skógi og öðrum gróðri (2018).

Hætta á gróðureldum hefur ekki verið metin í sveitarfélaginu en með vaxandi skógrækt og frístundabyggð má búast við að hættan aukist.

### Sjávarflóð og vatnsflóð

Í Ísafjarðarbæ hafa þéttbýliskjarnar utan Hnífsdals byggst upp á eyrum sem flokkast sem lágsvæði en slík svæði geta verið berskjölduð fyrir sjávarflóðum.

Við ákveðnar aðstæður gengur sjór og grjót á land á Eyrinni á Ísafirði, bæði við Fjarðarstræti, Pollgötu og við Neðstakaupstað á Suðurtanga. Hætta á sjávarflóðum á Eyrinni er einkum við háa sjávarstöðu og mikla veðurhæð í SV-átt. Veðurstofa Íslands hefur skráð 15 flóðaviðburði með verulegu tjóni á Eyrinni síðustu 130 árin.<sup>12</sup> Víða á Eyrinni er rafdrifinn dælubúnaður tengdur holræsakerfinu. Við þetta má bæta að landsig er nokkurt á Ísafirði en á tímabilinu 2009-2015 mældist að meðaltali 1,82 mm sig á ári.

Þó svo að óvissa sé um loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra næstu áratugi er ljóst að heimshöfin hafa hækkað og öfgar í veðurfari hafa aukist. Búast má við að hækkandi sjávarstaða muni auka rof og ölduálag til lengri tíma litið (mynd 7.4).

Í 5. gr. laga nr. 28/1997 um sjóvarnir segir að taka beri tillit til sjóvarnarmannvirkja við skipulagsgerð. Þar segir jafnframt að byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar eigi að jafnaði að njóta forgangs við gerð sjóvarna.

Samkvæmt lögum um samgönguáætlun nr. 33/2008 skal gera áætlun um sjóvarnir í samgönguáætlun. Við gerð áætlana um sjóvarnir skal Vegagerðin hafa samvinnu og samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir. Í tillögu til þinsályktunar um samgönguáætlun 2024-2039 er ekki gert ráð fyrir nýjum sjóvörnum í Ísafjarðarbæ.

Í gr. 5.3.2.18. í skipulagreglugerð nr. 90/2013 segir að óheimilt sé að byggja á þekktum flóðasvæðum við ár, vötn og sjó. Í reglugerðinni segir að setja

<sup>12</sup> Björn Erlingsson (2014).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

skuli almenn skipulagsákvæði eða skilmála til að framfylgja stefnu um takmarkanir á landnotkun, m.a. vegna sjávarflóða og sértæk ákvæði eða skilmála eftir þörfum fyrir hvert svæði sem takmarkanir gilda um vegna verndarákvæða.

Staðbundið hættumat vegna sjávarflóða hefur ekki verið gert fyrir Eyrina eða önnur svæði í Ísafjarðarbæ en Vegagerðin hefur gefið út viðmiðunarreglur fyrir landhæð á lágsvæðum.<sup>13</sup> Árið 2014 vann Veðurstofa Íslands drög að bráðabirgðahættumati vegna sjávarflóða á Skutulsfjarðareyri.<sup>14</sup> Skv. matinu er hætta á sjávarflóði með 10 ára endurkomutíma á hluta Eyrarinnar. Í matinu segir að svæðið liggja það lágt að ekki þurfi mikla vindöldu af suðvestri til að það flæði yfir brimvörnina þegar hásjávað er. Tekið hefur verið mið af matinu við deiliskipulagsgerð, m.a. með ákvæðum um hæð gatna.

Vorið 2025 var opnaður loftslagsatlas Veðurstofu Íslands.<sup>15</sup> Þar er birt mat á útbreiðslu flóða miðað við mismunandi sviðmyndir Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC). Birt er möguleg útbreiðsla flóða sem hafa 20, 50 og 200 ára endurkomutíma við núverandi aðstæður en einnig fyrir árin 2100 og 2150. Matið var gert út frá reiknilíkani með það að markmiði að kortleggja flóðahættu með samræmdri aðferð fyrir allt landið. Fram kemur að töluverð óvissa fylgir matinu og ekki sé ráðlegt að taka útbreiðslu flóða bókstafalega fyrir einstaka byggingar og hverfi. Matið sýnir hins vegar vel áhrif hækkunar sjávarstöðu á mögulega útbreiðslu strandflóða og á hvaða svæðum sjávarstöðuhækkun getur valdið tjóni út frá landslagi. Mynd – sýnir útbreiðslu 50 ára flóðs á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Ísafjörður er einn af þeim þéttbýlisstöðum sem koma hvað verst út úr þessu mati en ljóst er að eyrar þéttbýlisins eru berskjaldaðar fyrir sjávarflóðum en gera þarf staðbundið hættumat eins og áður kom fram. Í slíku mati er æskilegt að tekið sé tillit til samfélagslegrar áhættu sem flóð geta valdið og hvað getur talist ásættanlegt í þessum efnum. Skilgreina þarf áhættuviðmið fyrir landið.


Ekki liggur fyrir almenn greining á mögulegum vatnsflóðum í Ísafjarðarbæ en við skipulagsgerðina hefur verið tekið tillit til þeirra eins og fyrirliggjandi gögn og staðbundin þekking leyfa. Mikilvægt er að huga nánar að vatnsflóðum við deiliskipulagsgerð.

<sup>13</sup> Vegagerðin (2018).

<sup>14</sup> Björn Erlingsson (2014).

<sup>15</sup> Veðurstofa Íslands (2025a).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG



**Mynd** Útbreiðsla 50 ára flóðs miðað við núverandi aðstæður. (Veðurstofa Íslands, 2025b)

### Aftakaveður

Í skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi<sup>16</sup> kemur m.a. fram að með hlýnandi loftslagi megi vænta meiri veðuröfuga. Samkvæmt skýrslunni teljast dagar með aftakaveðri dagar þar sem vindhraði fer yfir 20 m/s á a.m.k. 45% veðurstöðva á öllu landinu. Í skýrslunni kemur einnig fram að þanþol íslensks þjóðfélags gagnvart aftakaveðri er mun meira nú en fyrrum, þ.e. frá tímum landbúnaðarsamfélagsins. Einnig kemur fram að almennt efnahagslegt þol hafi stóraukist en tjónnæmi sé enn umtalsvert, sérstaklega ef litið er á afkomu einstakra atvinnugreina, fyrirtækja og einstaklinga.

Í skipulagi snúast viðbrögð við hættu af aftakaveðrum einkum að mögulegri aukinni tíðni aftakaveðra, áhrifum á grunninnviði og þoli þeirra til að takast á við slíka atburði þegar þeir verða.

Veður er eðlilega mjög breytilegt eftir svæðum innan sveitarfélagsins. Ekki liggur fyrir sérstök greining á aftakaveðri í Ísafjarðarbæ en við skipulagsgerðina hefur verið tekið tillit til veðurs eins og fyrirbyggjandi gögn og staðbundin þekking leyfa. Gerð var sérstök greining á vindafari vegna nýrrar íbúðarbyggðar í Tunguhverfi.<sup>17</sup>

### Varúðarsvæði

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal í aðalskipulagi gera grein fyrir svæðum þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Undir varúðarsvæði heyrja einnig svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

Ekki er talin þörf á að skilgreina varúðarsvæði í aðalskipulaginu en við deiliskipulagsgerð ber að taka til greina þá þætti sem snúa að heilsu og öryggi. Fjallað er um virkjanir og verndar- og orkunýtingaráætlun og verndun neysluvatns í kafla 6 og hljóðsvist í kafla 8.6. Upplýsingar um svæði með menguðum jarðvegi má finna í Kortaglugga Náttúrufræðistofnunar Íslands.

<sup>16</sup> Halldór Björnsson o.fl. (2023).

## 4.2 MARKMIÐ OG STEFNA - NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI

### Markmið

- ◆ Íbúar Ísafjarðarbæjar búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár
- ◆ Íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum í samræmi við hættumat vegna náttúruvár
- ◆ Eignir á hættusvæðum verði varðar í samræmi við hættumat og fyrirbyggjandi viðmið
- ◆ Sjóvarnir verði byggðar upp og haldið við þar sem hætta er á sjávarflóðum við byggð
- ◆ Skipulag byggðar taki tillit til hækkunar sjávarborðs
- ◆ Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda og binding þeirra aukin
- ◆ Áhersla verði lögð á að auka viðnámsþol og seiglu samfélagsins gagnvart náttúruhamförum
- ◆ Tekið verði tillit til ásýndar byggðar og lands við uppbyggingu varna vegna náttúruvár

### Útfærsla stefnu

Stefna um náttúruvá og öryggi verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Þar sem ekki eru fyrirbyggjandi gögn um náttúruvá og þætti sem snúa að öryggi ber að afla þeirra við nánari útfærslu skipulagstillagna og leita álits

<sup>17</sup> Einar Sveinbjörnsson (2025).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

hjá viðkomandi fagmönnum og staðkunnugum til að forðast neikvæð áhrif þeirra.

- ◆ Stuðla ber að öryggi fólks með almennum viðbúnaði og öryggisáætlunum. Bæta þarf upplýsingar og efla vitund íbúa og gesta vegna náttúruvá.
- ◆ Æskilegt er að verja byggð í samræmi við ofanflóðahættumat, fremur en að kaupa upp byggingar, þar sem það er mögulegt og fýsilegt.
- ◆ Neðan varnarvirkja verði snjóflóðahættusvæði A og B eingöngu nýtt undir byggingu stöku húsa á þegar þéttbyggðum svæðum. Þar verði ekki skipulögð ný byggð. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu eða auknum umsvifum á hættusvæðum C. Til lengri tíma litið er áætlað að leggja af atvinnustarfsemi á hættusvæðum C, þar sem viðveru yfir vetrartímann er krafist, og ekki er fyrirhugað að reisa varnir. Almennt skal gilda um snjóflóðahættusvæði að þar sé ekki mikill mannsafnaður yfir vetrartímann. Gert er ráð fyrir varnarvirkjum í Hnífsdal, sbr. skipulagsákvæði og uppdrátt.
- ◆ Byggðar verði nýjar sjóvarnir, sem tilgreindar eru í skipulagsákvæðum og á uppdrætti. Viðhalda skal þegar byggðum sjónvörnum. Mikil óvissa er um sjávarstöðubreytingar og því er mikilvægt að bregðast við og aðlagast jafnóðum breytingum og spám um breytingar. Við skipulag og hönnun sjóvarna skal jafnframt að huga að útsýni og ásýnd byggðar. Tryggja skal gott aðgengi að varnargörðunum til að hægt sé að sinna viðhaldi.
- ◆ Gert verði staðbundið hættumat vegna sjávarflóða á viðkvæmum lágsvæðum í samvinnu við opinbera aðila. Þar til slíkt mat liggur fyrir skal, við deiliskipulagsgerð, meta aðstæður í hverju tilviki í samræmi við viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar<sup>18</sup> fyrir landhæð á lágsvæðum. Horfa þarf langt fram í tímann og taka tillit til langtíma sjávarstöðubreytinga

við hönnun, því líftími bygginga getur verið hundruð ára. Taka skal mið af hæstu mögulegu sjávarstöðu og spám um sjávarborðshækkun.

- ◆ Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum á þekktum hættusvæðum, nema mannvirki verði varin fyrir flóðum. Meta skal hættu á náttúruvá við deiliskipulagsgerð á slíkum svæðum ef fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir.
- ◆ Í deiliskipulagi nýrra og stórra frístundahúsasvæða og annarrar byggðar verði sérstaklega hugað að flóttaleiðum og aðgengi slökkviliðs. Einnig skal huga að því að halda gróðri í lágmarki við byggingar eða raflínur í skógum.
- ◆ Markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aukna bindingu þeirra verði m.a. náð með orkuskiptum í samgöngum, notkun vistvænna ferðamáta, skógrækt og endurheimt og viðhaldi votlendis. Nánar er fjallað um þetta í öðrum köflum aðalskipulagsins. Aðgerðir verða útfærðar nánar í loftslogsstefnu Ísafjarðarbæjar og aðgerðaáætlun, sem nú eru í vinnslu.

Skipulagsákvæði eru sett fram í kafla 16 og verndarákvæði í kafla 17.

### ***Helstu stefnubreytingar***


Uppfært síðar

### ***Umhverfisáhrif stefnu***

Uppfært síðar

---

<sup>18</sup>Vegagerðin (2018).



**Mynd** Ljósmynd

## 5 LÍFRÍKI OG LANDSLAG

Ísafjarðarbæ ber skylda til að vernda náttúruna og fjölbreytni hennar fyrir komandi kynslóðir, í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda og gildandi lög. Mikilvægt er að vernda það sem er sérstætt en einnig að stuðla að því að endurheimta röskuð vistkerfi og auka þol gegn umhverfisbreytingum, svo sem hnattrænni hlýnun.

Sjálfbær þróun er lykilhugtak í allri umræðu samtímans um þróunar- og umhverfismál. Hugtakið felur í sér viðleitni til að mæta þörfum samtíðarinnar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.

Einnig er rétt að hafa í huga að allt frá landnámi hefur náttúran verið undirstaða búsetu á svæðinu. Helstu atvinnuvegir byggja á náttúruauðlindum og íbúar sem kjósa að búa í mikilli nánd við náttúruna laðast að svæðinu.

### 5.1 FORSENDUR

#### Fyrirliggjandi stefna um lífríki og landslag

##### *Landsskipulagsstefna*

Skipulag stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem stuðla þarf að með markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

##### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Auka þekkingu á landslagsgerðum, landslagsheildum og landslagsgæðum. Lágmarka sjónræn og umhverfisleg áhrif af innviðum.

Bæta aðgengi að náttúru Vestfjarða á sjálfbærán hátt, með hliðsjón af vernd víðerna og landslagsgæða.

Stofna og efla friðlýst svæði sem styrkja náttúruvernd, efla ferðaþjónustu og stuðla að jákvæðri byggðþróun.

Vernda líffræðilegan fjölbreytileika og viðkvæm vistkerfi með sérstakri áherslu á sjófuglabýggðir og selalátur, votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi.

Nýta náttúrumiðaðar loftslagslausnir til að styðja við kolefnisbindingu, endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu.

Skoðaðir verði möguleikar á stofnun þjóðgarðs við Hrafnseyri og Drangajökuls sem og stækkun Hornstrandafriðlands.

##### *Lög um náttúruvernd*

Markmið laganna er að „vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.“

#### Lagaumgjörð náttúruverndar

Í 2. og 3. grein náttúruverndarlaga eru skilgreind nánari verndarmarkmið. Í 2. gr. er fjallað um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Þar er tekið fram að stuðla skuli að vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Í 3. gr. laganna er fjallað um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Þar er lagt til að stuðlað skuli að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Í 61. gr. laganna eru tilgreind vistkerfi og jarðminjar sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til. Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. c-lið 3. gr. laganna:

- votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur.
- sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Eftirtaldar jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. náttúruverndarlaga:

- a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma.
- b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Náttúruminjar eru náttúrufrýrbæri sem ákveðið hefur verið að vernda með friðlýsingu, friðun eða með öðrum hætti eða fyrirbrigði sem tekin hefur verið afstaða til að rétt sé að vernda, þ.e. aðrar náttúruminjar. Náttúruminjaskrá skiptist í þrjá hluta sem auðkenndir eru sem A-, B- og C-hluti. Þar inniheldur A-hluti skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð. Í B-hluta er yfirlit yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og því er sá hluti nokkurs konar framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða eru skráðar á C-hluta náttúruminjaskrár.

Hægt er að vernda landsvæði á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (rammaáætlun), þ.e. vegna virkjunarkosta sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Í Ísafjarðarbæ eru ekki svæði í verndarflokki samkvæmt gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun).<sup>19</sup>

Samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki er skylt að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar.

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd.

### Gildi náttúrunnar og verðmætamat

Síðustu ár hefur íbúum í Ísafjarðarbæ fjölgað og umsvif í ákveðnum atvinnugreinum eflst. Segja má að nýting náttúruauðlinda sé fjölbreyttari en áður. Jafnframt hefur innviðaupbygging átt sér stað. Aukin samkeppni um land eykur álag á náttúruna og hugsanlegum hagsmunarárekstrum fjölgar. Á sama tíma er löggjöf sem snertir náttúru, umhverfi og skipulag landsins orðin strangari og ítarlegri en áður.

<sup>19</sup> Verkefnisstjórn rammaáætlunar (2025).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Í Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands er fjallað um mat á verndargildi náttúrunnar út frá þjónustu vistkerfa (e. *ecosystem services*), þ.e. þjónustu sem maðurinn er algerlega háður.<sup>20</sup> Náttúruna má flokka niður í þætti út frá þeim fyrirbærum sem þar finnast og talið er að búi yfir verðmætum: Jarðmyndanir, ferskvatn, haf, lífríki og landslag. Til viðbótar hafa verið skilgreindir eiginleikar eða *viðmið* sem verðmætin byggjast á og taka m.a. til þátta eins og auðgi og fjölbreytni, fágætis, stærðar og samfellu, upprunaleika, þekkingargildis, fagurfræði eða upplifunar og táknræns eða tilfinningalegs gildis.

### Náttúruverndarsvæði

#### Friðlýst svæði

Í Ísafjarðarbæ eru tvö friðlýst svæði, Hornstrandafriðland og Dynjandi, sem er náttúruvætti.

*Hornstrandafriðland* er 580 km<sup>2</sup> og var friðlýst árið 1975. Friðlýsingin var endurskoðuð árið 1985 með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 332/1985. Hornstrandafriðland afmarkast af landsvæðinu norðan Skorarheiðar sem er á milli Hrafnfjarðar og Furufjarðar. Svæðið er verndað vegna stórbrotins landslags, fjölbreytilegs gróðurfars og iðandi dýralífs, einkum fugla. Svæðið geymir einnig vel minjar um forna búskaparhætti enda er svæðið einangrað, því engir akvegir liggja innan friðlandsins. Í gildi er stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins fyrir tímabilið 2019-2028.<sup>21</sup>

*Dynjandi* er 0,7 km<sup>2</sup> náttúruvætti sem var friðlýst árið 1981 og friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 348/1986. Í gildi er stjórnunar- og verndaráætlun Dynjanda fyrir tímabilið 2015-2024.<sup>22</sup>

#### Svæði á B-hluta náttúruminjaskrár

Samkvæmt tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands er lagt til að 8 svæði í Ísafjarðarbæ fari á B-hluta náttúruminjaskrár. Þessi svæði eru:

- *Patreksfjörður – Djúp*. Tilnefnt vegna fugla.
- *Dýrafjörður ásamt fjörum, frá botni og út fyrir Lambadal*. Tilnefnt vegna fjöruvistgerða.
- *Önundarfjörður*. Tilnefnt vegna vistgerða á landi.
- *Kaldalón*. Tilnefnt vegna vistgerða á landi.
- *Æðey*. Tilnefnd vegna fugla.
- *Hornstrandafriðland*. Tilnefnt vegna fugla.
- *Furufjörður – Munaðarnes*.
- Tilnefnt vegna sela.
- *Drangajökull*. Svæðið nær yfir Drangajökul og nágrenni hans.


Í nóvember 2025 samþykkti Alþingi þingsályktun umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skv. tillögum Náttúrufræðistofnunar. Í áætluninni eru engin svæði innan Ísafjarðarbæjar.

<sup>20</sup> Umhverfisráðuneytið (2011).

<sup>21</sup> Umhverfisstofnun (2019).

<sup>22</sup> Umhverfisstofnun (2015).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG



Mynd Náttúruminjasrá í Ísafjarðarbæ. Náttúrufræðistofnun Íslands (2025c).

### Aðrar náttúruminjar

Níu svæði í sveitarfélaginu eru á náttúruminjasrá og flokkast sem aðrar náttúruminjar (C-hluti):

*Kaldalón:* Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf. Svæðið er að hluta utan sveitarfélagsins.

*Snæfjallahreppur hinn forni:* Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólum. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.

*Skaginn á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar:* Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnsæyi er fjölsóttur ferðamannastaður með söguminjum.

*Ketilseyri í Dýrafirði:* Jarðlög með plöntusteingervingum í norðurhlíð fjallsins Töflu, við bæinn Ketilseyri. Einstæður fundarstaður plöntuleifa í rauðu milllagi frá tertíer.

*Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð:* Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði. Svæðið er að hluta utan sveitarfélagsins.

*Holtsengi og Vöð í Öndarfirði:* Fjörur og grunnsævi í innsta hluta Öndarfjarðar, innan Holtsodda, ásamt mýrlendi á milli Þórustaða og óss Bjarnardalsár. Fjölbreytt lífríki.

*Botn í Súgandafirði, Seljalandsdalur og Tungudalur:* Fjölbreytt landslag, gil, ár og fossar. Sérstætt gróðurfar, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra steingerðra plöntuleifa, á meðal elstu minja um gróðurfar héraðs.

*Fjörur í botni Skutulsfjarðar:* Víðáttumiklar, lífauðugar leirur, mikið fuglalíf.

*Arnarnes:* Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf.

### Hverfisvernd

Sveitarstjórn getur afmarkað hverfisverndarsvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi. Þá eru sett ákvæði um vernd á sérkennum eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

### Óbyggð víðerni


Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er sett fram markmið um að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Í skilgreiningu náttúruverndarlaga, skv. 19. tl. 5. gr., er óbyggð víðerni: „Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínunum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.“

Í Ísafjarðarbæ eru umfangsmikil óbyggð víðerni, sérstaklega norðan Ísafjarðardjúps og á Glámuhálendinu. Nákvæm opinber afmörkun víðerna liggur þó ekki fyrir þar sem nánari viðmið um greiningu hafa ekki verið ákvörðuð. Í tengslum við rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða voru óbyggð víðerni afmörkuð (mynd -).<sup>23</sup> Óbyggð víðerni voru einnig kortlögð af Wildland Research Institute, sem er sjálfstæð stofnun við háskólann í Leeds í Englandi (mynd -).<sup>24</sup> Kortlagningin byggist á greiningu á stafrænum þrívíðum landupplýsingagögnum sem eru m.a. notuð til að greina sýnileika mannvirkja sem geta haft áhrif á víðernaupplifun.


Í Landsskipulagsstefnu fyrir tímabilið 2024-2028 er sett fram markmið um að lokið verði við kortlagningu víðerna út frá þeim viðmiðum sem sett eru fram í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.



**Mynd** Óbyggð víðerni samkvæmt skilgreiningu sem birt er í rammaáætlun. Þorvarður Árnason o.fl. (2017).

<sup>23</sup> Þorvarður Árnason o.fl. (2017)

<sup>24</sup> Víðerniskortið (2025).



Mynd Óbyggð víðerni skv. greiningu Wildland Research Institute. Víðerniskortið (2025).

## 5.2 MARKMIÐ OG STEFNA – LÍFRÍKI OG LANDSLAG

### Markmið

- ◆ Nýting náttúru og auðlinda fari fram á sjálfbæran hátt
- ◆ Verndun og varðveisla sérkenna svæðisins en þau felast m.a. í óbyggðum víðernum, fjörum, fjöllum, skógum og fuglalífi
- ◆ Verndun sérstæðrar náttúru, svo sem náttúruminja, landslagsheilda, fjölbreytileika landslags og jarðfræðilegrar fjölbreytni

- ◆ Líffræðileg fjölbreytni tegunda og vistgerða verði vernduð og varðveitt og komið í veg fyrir útbreiðslu tegunda sem ógna líffræðilegum fjölbreytileika
- ◆ Stuðlað verði að verndun votlendis, kolefnisríks jarðvegs og merkra birkiskóga
- ◆ Stuðlað verði að verndun viðkvæmra og sérstæðra strandsvæða
- ◆ Íbúar og gestir hafi aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins, frá fjöru að fjalli, í sátt við náttúruna

### Útfærsla stefnu

Stefna um lífríki og landslag verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Mikilvægt er að halda í náttúrufarsleg sérkenni og yfirbragð svæðisins og nýta þá kosti sem felast í mikilli nálægð byggðarinnar við náttúruna. Öll nýting náttúru og auðlinda skal vera í sem mestri sátt við umhverfið og hafi sem minnst óafturkræf áhrif. Forðast skal framkvæmdir á óbrotnu landi og lágmarka jarðrask vegna framkvæmda eins og kostur er. Við framkvæmdir skal beita varúðarsjónarmiðum og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. Áður en ráðist er í framkvæmdir sem valda umhverfisáhrifum skal skoða mismunandi valkosti og meta áhrif þeirra á umhverfið.
- ◆ Vernda skal vistgerðir, vistkerfi, tegundir, jarðminjar, vatnasvæði og landslag í samræmi við lög um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minja og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Beina skal umfangsmeiri mannvirkjagerð að stöðum sem ekki rýra óbyggð víðerni. Svæðið utan friðlands norðan Ísafjarðardjúps er hverfisverndað í aðalskipulaginu. Á óbyggðum svæðum sunnan Djúps er svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Stærri mannvirki, sem flokkast sem mikilvægir innviðir, eru ekki útilokuð á óbyggðum víðernum en meta skal ítarlega áhrif slíkra framkvæmda á áður en ákvarðanir eru teknar. Vinna þarf heildræna greiningu á landslagi og víðernum Vestfjarða í samræmi við svæðisskipulag Vestfjarða.
- ◆ Stofna og efla friðlýst svæði sem styrkja náttúruvernd, efla ferðaþjónustu og stuðla að jákvæðri byggðaðþróun. Unnið verði að stofnun Þjóðgarðs í Dynjandisvogi í samvinnu við Náttúruverndarstofnun og aðra hagsmunaaðila. Á skipulagstímabilinu verði skoðaðir möguleikar á stofnun Þjóðgarðs við Hrafseyri og Drangajökul, sem og stækkun Hornstrandafriðlands.
- ◆ Taka ber tillit til friðlýsingarskilmála og stjórnunar- og verndaráætlana friðlýstra svæða (Hornstrandafriðlands og náttúruvættisins Dynjanda) í sveitarfélaginu við skipulagsgerð og framkvæmdir.
- ◆ Innan Hornstrandafriðlands eru sett ákvæði um einstaka landnotkunarreiti sem miða að því að vernda landslag og lífríki (kafla 15). Þau taka mið af friðlýsingarskilmálum og stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins.
- ◆ Í aðalskipulaginu eru skilgreind sjö hverfisverndarsvæði í dreifbýli (átta með garðinum Skrúði í Dýrafirði). Hverfisverndinni er ætlað að vernda svæðin fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum og tryggja aðgengi almennings að þeim. Einnig að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn sveitarfélagsins og hefur jákvæð áhrif á þróun þess. Landbúnaðarsvæði í ábúð og góðri tengingu við innviði falla ekki undir hverfisvernd, sbr. upprátt. Um hverfisverndarsvæði gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska

þeim þáttum sem vernd þeirra byggir á. Við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa innan hverfisverndarsvæða skal þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Ákvæði hverfisverndaðra svæða er að finna í kafla 17.4. Hverfisverndarsvæðin eru eftirfarandi:

Innanverður **Dýrafjörður** og suður um **Arnarfjörð** að sveitarfélagsmörkum að undanskildu landbúnaðarsvæði sem er í ábúð og góðri tengingu við innviði. Svæðið einkennist af fjölbreyttu og stórbrotnu landslagi, jökulhvilftum, árgljúfrum framhlaupum, jökulminjum og plöntusteingervingum. Á svæðinu eru einnig gróðursælar hlíðar og dalir með fjölskrúðugu gróður, kjarr- og skóglendi. Stór hluti svæðisins er lítt snortinn. Jarðir geyma minjar um sögu og menningu, m.a. Hrafseyri en einnig eyðijarðir. Dynjandi og nágrenni er náttúruvætti og stór hluti svæðisins er á náttúruminjasrá.

Hluti af utanverðum skaganum á milli **Dýrafjarðar** og **Öundarfjarðar**: Lítt snortin landslagsheild frá fjöru að fjallstoppum. Fjallstopparnir eru dæmigerðar rofsléttur sem einkennandi eru fyrir Vestfirði.

Utanverður sunnanverður skaginn á milli **Öundarfjarðar** og **Súgandafjarðar**. Lítt snortin landslagsheild frá fjöru að fjallstoppum. Fjallatopparnir eru dæmigerðar rofsléttur sem einkennandi eru fyrir Vestfirði. Járnnáma í Eyrarfjalli ofan Flateyrar.

Svæðið við norðanverðan **Súgandafjörð** utanverðan, að sveitarfélagsmörkum. Lítt snortin landslagsheild frá fjöru að fjallstoppum. Fjallstopparnir eru dæmigerðar rofsléttur sem einkennandi eru fyrir Vestfirði.

**Holtsengi** og **Vöð** í Öundarfirði. 1239 ha. Fjörur og grunnsævi og fjölbreytt lífríki.

Fjörur í botni **Skutulsfjarðar**. 148 ha. Víðáttumiklar, lífauðugar leirur og mikið fuglalíf. Sjá þéttbýlisupprátt.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Arnarnes við Skutulsfjörð. 209 ha. Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf.

- ◆ Aðalskipulaginu er ætlað að tryggja að hægt verði að njóta ósnortinnar náttúru sem og þeirrar náttúru sem er nær byggð. Stýra þarf umferð á viðkvæmum svæðum m.t.t. álags á náttúru og gæta þess að nýframkvæmdir skerði ekki aðgengi að útivistarsvæðum.
- ◆ Tryggja skal upplýsingaflæði og fræðslu um náttúru og umhverfi.
- ◆ Bæta skal eftirlit og eftirfylgni með stefnumörkun, reglum og áætlunum sem varða náttúru og umhverfi og í gildi eru á skipulagssvæðinu.

Skipulagsákvæði eru sett fram í kafla 16 og verndarákvæði í kafla 17.

### ***Helstu stefnubreytingar***

Uppfært síðar

### ***Umhverfisáhrif stefnu***

Uppfært síðar

## 6 AUÐLINDIR

Til náttúruauðlinda teljast allir þættir náttúrunnar sem nýtast manningum, svo sem jörð, lífríki, vatn, loft og sólarljós, t.a.m. í formi orku, fisks og beitar- og byggingarlands. Í þessum kafla er fjallað um orku, neysluvatn og jarðefni. Í öðrum köflum greinargerðarinnar er umfjöllun um aðrar auðlindir, svo sem lífríki, landslag, jarðveg, víðerni, loftgæði og myrkurgæði.

### 6.1 FORSENDUR

#### Fyrirliggjandi stefna um auðlindir

##### *Landsskipulagsstefna*

Skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efli atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi.

Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi.

Skipulagsgerð vegna orkunýtingar gæti að náttúruvernd.

Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituvinnviðum sem tryggja örugga afhendingu orku.

Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi.

Skipulag feli í sér stefnu um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag.

Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis.

Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns.

##### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Tryggja næga sjálfbæra orkuvinnslu á Vestfjörðum til framtíðar, með sem minnstum umhverfisáhrifum.

Bæta nýtingu raforku á Vestfjörðum, með því að beisla jarðhita og bæta orkunýtni þar sem kostur er.

Draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu með bættu skipulagi og hagnýtingu hringrásarhagkerfisins.

##### *Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun)*

Áætlunin byggir á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Samkvæmt 7. gr. laganna er áætlunin bindandi við gerð skipulagsáætlana. Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjanakosta sem verkefnisstjórn hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira.

##### *Lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun*

Markmið laganna um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vinna skal vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun á grunni laganna.

### Orka

Orkuframleiðsla *vatnsaflsvirkjana* á Vestfjörðum er að jafnaði 11-23 MW, en aflþörf svæðisins er 26-46 MW, eftir árstíma. Þetta bil er brúað með flutningi raforku til svæðisins, að jafnað 21-33 MW. Tiltækt varafli á svæðinu er 30 MW en það er knúið með jarðefnaeldsneyti. Orkuspa fyrir Vestfirði til ársins 2040 gerir ráð fyrir að meðalafli þurfi að lágmarki að vera 79 MW. Spá um aukna orkunotkun er tilkomin vegna áætlaðrar fólksfjölgunar, vaxandi umsvifa í atvinnulífi og orkuskipta.<sup>25</sup> Unnið er að undirbúningi Kvíslatunguvirkjunar í Strandabyggð (9,9 MW) og Hvalárvirkjunar (55 MW) en fleiri virkjanakostir eru til skoðunar innan fjórðungsins.

Orkubú Vestfjarða rekur fjórar vatnsaflsvirkjanir í sveitarfélaginu; Mjólkárviðvarmáttavirkjun í Arnarfirði, Mýrarárvirkjun á Snæfjallaströnd, Tungudalsviðvarmáttavirkjun í Tungudal og Fossavatns- og Nónhornsvatnsviðvarmáttavirkjun í Engidal. Með aðalskipulagsbreytingu árið 2017 var heimilað uppsett afl Mjólkárviðvarmáttavirkjunar aukið úr 8,1 MW í 12,05 MW.

Virkjanir með uppsett afl 200-570 kW eru í Dagverðardal (Úlfsárviðvarmáttavirkjun), Breiðadal (Breiðdalsviðvarmáttavirkjun og Þverárviðvarmáttavirkjun), Botnsdal (Dalsorka) og í Önundarfirði (Kaldárvirkjun). Auk þess eru smáviðvarmáttavirkjanir í einkaeign, sem ekki eru tengdar inn á dreifikerfi, s.s. á Læk í Dýrafirði og Vöðlum í Önundarfirði. Smáviðvarmáttavirkjanir eru ekki sýndar á skipulagsupprætti. Fimm tengivirki (aðveitustöðvar) eru í Ísafjarðarbæ, við Mjólká, á Hrafnseyri, Þingeyri, Ísafirði og í Breiðadal.

Í Ísafjarðarbæ eru ýmsir möguleikar á uppsetningu smærri vatnsaflsvirkjana. Í skýrslu sem unnin var fyrir Vestfjarðastofu er metin hagkvæmni 18 mögulegra virkjanakosta í sveitarfélaginu af stærðinni 0,2-2,5 MW.<sup>26</sup> Í skýrslunni er ekki umfjöllun um umhverfisáhrif kostanna. Engir virkjanakostir úr rammaáætlun (vernd og orkunýtingu landsvæða) eru innan marka Ísafjarðarbæjar.

<sup>25</sup> Vestfjarðastofa (2025a).

<sup>26</sup> Vestfjarðastofa og Verkís (2020). Smáviðvarmáttavirkjanir á Vestfjörðum. Frumúttekt kostna. Mars 2020.

Landeigendur jarðanna Botns og Dranga í Dýrafirði hafa undanfarin ár unnið að undirbúningi Botnsviðvarmáttavirkjunar og Hvallátursviðvarmáttavirkjunar. Skipulagsstofnun úrskurðaði í febrúar 2024 að Botnsviðvarmáttavirkjun væri háð mati á umhverfisáhrifum en landeigendur hafa ekki lagt fram matskýldufyrirspurn vegna Hvallátursviðvarmáttavirkjunar.

Engin stærri *vindorkuver* eða vindmyllur eru í Ísafjarðarbæ. Vindorka er óreglulegur raforkuframleiðandi en gæti þó hentað á Vestfjörðum með vatnsaflum sem beislað er.<sup>27</sup> Áhrif vindorkuvera eru margvísleg og hafa þau ekki verið metin sérstaklega fyrir skipulagsvæðið. Íslensk stjórnvöld hafa ekki markað heildstæða stefnu um vindorku. Í svæðisskipulagi Vestfjarða er ekki mótuð stefna um vindorku en lagt til að sveitarfélög kanni tækifæri sem felast í endurnýjanlegum orkugjöfum á sjó og við strendur Vestfjarða, svo sem virkjun sjávarfalla, ölduorku, hafvindorku og sólarorku. Þessir möguleikar hafa ekki enn verið skoðaðir markvisst með m.t.t. hagkvæmni og staðarvals.

*Jarðhita* er að finna í Ísafjarðarbæ. Í sunnaverðum Súgandafirði er jarðhitasvæði sem kennt er við Laugar. Svæðið er nýtt til húshitunar á Suðureyri og í sundlauginna. Sumarið 2024 fannst heitt vatn við jarðhitaleit Orkubús Vestfjarða í Seljalandshverfi í Tungudal. Orkubúið undirbýr nýtingu jarðvarmans og uppbyggingu hitaveitu á Ísafirði. Frekari jarðhitaleit er fyrirhuguð við Seljaland. Með því að nýta jarðhita til húshitunar í stað rafkyndingar eykst framboð á raforku til annarra nota. Jarðhitanýtingin minnkar þannig kerfislega vanda flutningskerfis raforku á Vestfjörðum.

Heitt vatn er að finna á fleiri stöðum eins og í Mosdal, Unaðsdal og í Reykjarfirði.

Fjallað er um veitur í kafla 12.

<sup>27</sup> Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið (2022).

### Neysluvatn

Á grundvelli rammatilskipunar Evrópusambandsins um verndun vatns (vatnatilskipun 2000/60/EB) eru í gildi lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðir nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Samkvæmt lögunum nær vatn yfir straumvötn, stöðuvötn, árósa, strandsjó, grunnvatn og jökla. Snertifletir skipulagsáætlana og vatnaáætlunar eru margvíslegir, t.d. í tengslum við framkvæmdir við ár og vatnsbakka, framkvæmdir er tengjast grunnvatni, breytingar á rennsli straumvatna og hreinsun fráveituvatns og ofanvatns. Vatnaáætlun Íslands<sup>28</sup> var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Skráð vatnshlot í sveitarfélaginu eru alls 104, þar af eru 76 fyrir straumvatn, 3 fyrir stöðuvötn, 14 fyrir grunnvatn, og 11 fyrir strandsjó (Mynd -).

Vistfræðilegt ástand straumvatnshlota í Ísafjarðarbæ er metið mjög gott nema í tilviki Mjólkar (101-426-R) sem er óflokkuð en áin er virkjuð í Borgarfirði. Vatnshlot Mjólkar er á bráðbirgðalista yfir mikið breytt og manngerð vatnshlot. Efnafræðilegt ástand straumvatns er óþekkt. Vistfræðilegt ástand Ljótarvatns og Stóra-Eyjavatns er metið mjög gott en Langavatn/Hólmavatn (101-754-L) er óflokkað en er á bráðbirgðalista yfir mikið breytt og manngerð vatnshlot. Efnafræðilegt ástand stöðuvatna og ástand grunnvatnshlota í sveitarfélaginu eru óþekkt.

Skilgreina má vatnshlot sem mikið breytt þegar það hefur orðið fyrir umtalsverðum vatnsformfræðilegum breytingum af mannavöldum og ekki er talið raunhæft að ná lögbundnu markmiði um a.m.k. gott vistfræðilegt ástand með aðgerðum sem hefðu ekki óhófleg eða umtalsverð skaðleg áhrif

á tilgreind umsvif eða umhverfið. Gert hefur verið svokallað tilnefningarpróf fyrir Mjólka og Langavatn/Hólmavatn til að greina ástæður breytinganna og hvort breytingarnar uppfylli skilyrði laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.<sup>29</sup> Niðurstaða tilnefningarprófsins sýnir að til að ná „góðu vistfræðilegu ástandi“ þyrfti að fjarlægja stíflur, aftengja veituskurði og/eða lækka miðlanir. Slíkar aðgerðir jafngilda verulegri rekstrarskerðingu eða niðurlagningu Mjólkárviðkjunar og teljast því hafa umtalsverð skaðleg áhrif á rekstur og umhverfi viðkjunarinnar. Vísbendingar eru uppi um að fleiri vatnshlot á áhrifasvæði Mjólkárviðkjunar hafi orðið fyrir umtalsverðum vatnsformfræðilegum breytingum en þessi tvö fyrrnefndu.

Vistfræðilegt ástand strandsjávar Borgarfjarðar í Arnarfirði og Dýrafjarðarbotns er mjög gott en önnur strandsjávarvatnshlot eru óflokkuð. Staðbundið álag er í Skutulsfirði vegna fráveitu án hreinsunar, samgangna og sjókvíaldis en ekki liggur fyrir hve mikil áhrifin eru. Ísafjarðarbær vinnur að uppsetningu hreinsistöðva og sameiningu útrása fráveitulagna í Skutulsfirði í samræmi við Aðgerðaáætlun Vatnaáætlunar 2022-2027.<sup>30</sup> Álag er á strandsjó vegna fiskveiða og eldis í fjörðum og vegna þéttbýlis. Nánar ef fjallað um vatnshlot, stöðu þeirra og álag í vatnavefsja.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999 m.s.br., er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis af mannavöldum. Skv. reglugerðinni skal sveitarstjórn flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Flokkun vatns skv. reglugerðinni hefur ekki farið fram í Ísafjarðarbæ en líklegt má telja að flokka megi ástand vatns sem ósnortið eða lítið snortið vegna dreifðrar byggðar og fámennis, sbr. flokkun vatnshlota í sveitarfélaginu. Vatnsverndarsvæði eru afmörkuð á aðalskipulagsuppdrætti. Þau skiptast í brunnsvæði (vatnsból), grannsvæði og fjarsvæði skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Reglugerðin tilgreinir einnig takmarkanir á athöfnum og framkvæmdum innan vatnsverndarsvæða.


<sup>28</sup> Umhverfisstofnun (2022a).

<sup>29</sup> Verkís....Tinna

<sup>30</sup> Umhverfisstofnun (2022b).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Hér á landi eru einnig í gildi önnur lög, reglugerðir og alþjóðlegar samþykktir er varða mengun, þar á meðal lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samningur um verndun hafrýmis NA-Atlantshafsins (OSPAR).



Mynd Vatnshlot í Ísafjarðarbæ. Veðurstofa Íslands (2025b)

### Jarðefni

Aðgengi að efnisnánum er forsenda margs konar mannvirkjagerðar. Áður en framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku er gefið út skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku sbr. gr. 13 og 14 skipulagslaga. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna. Leyfi

þarf frá Fiskistofu fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Óheimilt er að veita leyfi fyrir efnistöku sem er tilkynningar- og matskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana áður en ákvörðun um matskyldu liggur fyrir og/eða álit í mati á umhverfisáhrifum. Skilyrði um umhverfismat er m.a. háð umfangi efnistökusvæða en einnig er efnistaka á verndarsvæðum tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Tafla 6.1 Efnistaka og mat á umhverfisáhrifum (skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana).

Efnistaka	Flokkur	Umhverfismat
Efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m <sup>3</sup> eða meira.	A	Ávallt háð umhverfismati.
Efnistaka þar sem áætlað er að raska 2,5 - 25 ha svæði eða efnismagn er 50.000 – 500.000 m <sup>3</sup> .	B	Tilkynningarskyld og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.	B	Tilkynningarskyld og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Neðanjarðarnámur.	B	Tilkynningarskyld og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Samkvæmt námuskrá Vegagerðarinnar eru 83 setnámur og 13 bergnámur í Ísafjarðarbæ. Af þeim eru 44 námur fullfrágengnar, 27 frágengnar með vottun, 11 hálffrágengnar, 13 ófrágengnar og 1 óopnuð.

Efnistöku er lokið í hluta þessara náma og vinnur Vegagerðin að frágangi þeirra í samræmi við áætlanir sínar. Í Dagverðardal í Skutulsfirði er bergnáma á vegum Ísafjarðarbæjar. Samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 átti að loka henni á fyrri hluta skipulagstímabilsins en ekki hefur orðið af því. Um er að ræða einu opnu bergnámuna í sveitarfélaginu sem ekki er sérstaklega vegna vegagerðar. Í gildandi aðalskipulagi er skilgreind bergnáma á Breiðadalshéiði (kennd við Austmannsfall) en hún hefur ekki verið opnuð.

### 6.2 MARKMIÐ OG STEFNA – AUÐLINDIR

- ◆ Nýting auðlinda fari fram á sjálfbæran hátt
- ◆ Tryggt verði nægt framboð endurnýjanlegrar orku fyrir íbúa og sjálfbæra atvinnustarfsemi. Stuðlað verði að orkuskiptum og dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda
- ◆ Orkuframleiðsla fari fram á sjálfbæran hátt með sem minnstum umhverfisáhrifum
- ◆ Unnið verði að jarðhitaleit og nýtingu jarðvarma, þannig að sem stærstur hluti byggðar njóti hitaveitu
- ◆ Kannaðir verði möguleikar á nýtingu vindorku í sátt viðumhverfi og samfélag
- ◆ Allir íbúar sveitarfélagsins og fyrirtæki eigi kost á nægu ómenguðu, heilnæmu vatni til neyslu og annarra nytja

- ◆ Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi og uppbyggingu innviða
- ◆ Nýting jarðefna valdi sem minnstum umhverfisáhrifum og ónæði fyrir íbúa
- ◆ Nýting jarðefna miði að því að hámarka virði þeirra og draga úr sóun

#### Útfærsla stefnu


Stefna um auðlindir verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti í.

- ◆ Aðalskipulagið heimilar landeiganda, þar sem aðstæður og hagkvæmni leyfa, að reistar verði litlar vatnsaflvirkjanir, litlar vindmyllur og sólarcellur. Mannvirki skulu vera í sátt við umhverfi og náttúru. Nánari ákvæði er að finna í kafla 15 (ákvæði).
- ◆ Í Dýrafirði er gert ráð fyrir Botnsvirkjun (5 MW) og Hvallátursvirkjun (2,5 MW). Unnið er að umhverfismati fyrir Botnsvirkjun.
- ◆ Ákvarðanir um aðrar stærri vatnsaflvirkjanir sem ekki eru tilgreindar í aðalskipulaginu skulu teknar í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli umhverfismats áætlana og framkvæmda samhliða breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Nálkast ber orkuöflun með virðingu fyrir náttúru og tryggja að virkjanir og tengingar þeirra hafi sem minnst áhrif á víðerni og mikilvægar landslagsheildir. Æskilegt er að lokið verði við kortlagningu víðerna út frá þeim viðmiðum sem sett eru fram í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. kafla um óbyggð víðerni hér að framan.
- ◆ Á fyrri hluta skipulagstímabilsins skal Ísafjarðarbær móta stefnu um uppbyggingu vindorkuvera í sveitarfélaginu. Tekin verður afstaða til nýtingar vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Stefnan mun byggja á stefnu stjórnvalda um nýtingu vindorku á landsvísu þegar hún liggur

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

fyrir,<sup>31</sup> svo og viðmiða í lögum og reglugerðum sem varða skipulagsmál með tilliti til vindorkuvera.

- ◆ Sveitarfélagið vill stuðla að því að konnuð verði tækifæri sem felast í öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum á sjó og við strendur, svo sem virkjun sjávarfalla, ölduorku, hafvindorku og sólarorku.
- ◆ Lögð er áhersla á áframhaldandi jarðhitaleit í sveitarfélaginu. Líklegt er talið að hægt sé að nýta heitt vatn víðar en gert er í dag, en frekari athugana er þörf á þessu sviði. Heimilt er að leita eftir vatni án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Á landbúnaðarsvæðum er minni háttar nýting jarðhita heimil. Við Seljaland í Skutulsfirði er fyrirhuguð nýting jarðhita og áframhaldandi jarðhitaleit ofan og neðan Efri Skógarbrautar. Frekari jarðhitaleit á opnum svæðum í þéttbýli er jafnframt heimil, án þess að það sé nánar tilgreint í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir áframhaldandi nýtingu jarðhita og jarðhitaleit við Laugar í Súgandafirði.
- ◆ Til að ná settum markmiðum um vatnsvernd er mikilvægt að beina framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við heilbrigðiseftirlit svæðisins. Tryggja skal, í samræmi við lög og reglugerðir, að mengun frá atvinnustarfsemi berist ekki í jarðveg eða vatn.
- ◆ Aðalskipulagið heimilar – efnistökusvæði og eru þau ásamt skilmálum tilgreind í kafla 15.7. Öðrum námum verður lokað og frá þeim gengið í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins og deiliskipulag þar sem það er í gildi. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis minni háttar efnistaka á eignarlandinu til eigin nota. Settir eru skilmálar um umgengni og frágang á efnistökusvæðum (kafla 15.3).



**Mynd** Efnistökusvæði í Ísafjarðarbæ.

### ***Helstu stefnubreytingar***

Uppfært síðar

### ***Umhverfisáhrif stefnu***

Uppfært síðar

<sup>31</sup> Vísað er m.a. til rammaáætlunar og landsskipulagsstefnu.

## 7 ÓBYGGÐ SVÆÐI OG STRANDSVÆÐI

Í kaflanum er mörkuð stefna um óbyggð svæði og strandsvæði. Óbyggð svæði eru, samkvæmt skipulagsreglugerð, svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og beitolönd, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, beitaraftotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Í aðalskipulaginu er einnig mörkuð stefna um strandsvæði, þ.e.a.s. svæði innan netlaga sem ná 115 m út frá stórstraumsfjöruborði, enda tekur aðalskipulagið til þessa svæðis.

### 7.1 FORSENDUR

#### Fyrirliggjandi stefna um óbyggð svæði og strandsvæði

##### *Landskipulagsstefna*

Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarmínja.

Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.

Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns.

##### *Svæðisskipulag*

Vernda líffræðilegan fjölbreytileika og viðkvæm vistkerfi með sérstakri áherslu á sjófuglabyggðir og selalátur, votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi.

Stofna og efla friðlýst svæði sem styrkja náttúruvernd, efla ferðaþjónustu og stuðla að jákvæðri byggðapróun.

Lágmarka sjónræn og umhverfisleg áhrif af innviðum.

Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Efla bláa hagkerfið sem grunn sjálfbærs atvinnulífs.

##### *Strandsvæðisskipulag Vestfjarða*

Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði í fjörðum og flóum (utan netlaga) þar sem sett er fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins. Leiðarljós þess er:

- Sjálfbær þróun, heildarsýn á málefni hafsins og vistkerfisnálgun
- Viðnámsþróttur gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum
- Lífsgæði og samkeppnishæfni

#### Óbyggð svæði

Í Ísafjarðarbæ eru umfangsmikil óbyggð svæði, bæði norðan og sunnan Djúps. Þar er að finna óbrotið land og oft á tíðum landsvæði sem eru auk þess vernduð sérstaklega sem náttúruverndarsvæði, þjóðmínja-verndarsvæði, hverfisverndarsvæði og/eða vatnsverndarsvæði. Óbyggð svæði eru oft áhugaverð til útivistar og um þau liggja í sumum tilfellum vegslóðar og gönguleiðir. Hluti óbyggðra svæða í Ísafjarðarbæ flokkast sem óbyggð víðerni, sbr. kafla 5.

#### Strandsvæði

Ísafjarðarbær er hálendur með sæbröttum fjöllum, takmörkuðu undirlendi og vogskorinni strandlínu. Strandlengja fasta landsins er um 607 km og eyja og skerja um 21 km.<sup>32</sup> Strandsvæðin einkennast af fjölbreyttum náttúrulegum ferlum og fjölbreyttu lífríki. Þar er m.a. að finna fjölbreytt fuglalíf. Helstu mannvirki innan strandsvæðisins eru veitur, hafnarmannvirki

<sup>32</sup> Þórir Örn Guðmundsson (2012).

og vegir og þar er einnig að finna ýmsar auðlindir. Auðlindirnar eru nýttar á takmarkaðan hátt í dag en vísbendingar eru um að aukin ásókn verði í þær í framtíðinni. Strandsvæðin draga einnig að sér ferðamenn og því er aðgengi að þeim mikilvægt. Í þéttbýli hafa verið gerðar landfyllingar síðustu áratugi, enda undirlendi takmarkað.

Stórstraumfjöruborð hefur ekki verið kortlagt á landinu og því ríkir óvissa um legu netlaga.

### 7.2 MARKMIÐ OG STEFNA – ÓBYGGÐ SVÆÐI OG STRANDSVÆÐI

#### Markmið

- ◆ Viðhalda stórum samfelldum óbyggðum svæðum þar sem mannvirki eru fá og áhrifa mannsins gætir lítið
- ◆ Uppbygging innviða og aðstöðu fyrir ferðamenn á óbyggðum svæðum taki mið af náttúru, menningu og sögu.
- ◆ Að vernda sérkenni og fjölbreytileika strandsvæða en stuðla jafnframt að sjálfbærri nýtingu þeirra auðlinda sem þar er að finna
- ◆ Við framkvæmdir verði vernd sjónræns gildis og heildstæð mynd umhverfisins ávallt höfð að leiðarljósi

#### Útfærsla stefnu

Stefna um óbyggð svæði og strandsvæði verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Öll nýting náttúru og auðlinda skal vera í sem mestri sátt við umhverfið og hafi sem minnst óafturkræf áhrif. Forðast skal framkvæmdir á óbrotnu landi og lágmarka jarðrask vegna framkvæmda eins og kostur er. Við framkvæmdir skal beita varúðarsjónarmiðum og vistkerfisnálgun

þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. Áður en ráðist er í framkvæmdir sem valda umhverfisáhrifum skal skoða mismunandi valkosti og meta áhrif þeirra á umhverfið.

- ◆ Í aðalskipulaginu eru skilgreind hverfisverndarsvæði á óbyggðum svæðum. Um hverfisverndarsvæði gilda þau almennu ákvæði að þar má ekki raska þeim þáttum sem vernd þeirra byggir á. Ákvæði hverfisverndaðra svæða er að finna í kafla 17.4.
- ◆ Svæðið utan friðlands norðan Ísafjarðardjúps er hverfisverndað í aðalskipulaginu. Á óbyggðum svæðum sunnan Djúps er svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Stærri mannvirki, sem flokkast sem mikilvægir innviðir, eru ekki útilokuð á óbyggðum víðernum en meta skal ítarlega áhrif slíkra framkvæmda áður en ákvarðanir eru teknar. Vinna þarf heildræna greiningu á landslagi og víðernum Vestfjarða í samræmi við svæðisskipulag Vestfjarða.
- ◆ Skógrækt er heimil á óbyggðum svæðum. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt í Hornstrandafriðlandi. Á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli eru ákvæði um skógrækt. Taka skal mið af lífríki, landslagi og annarri landnýtingu við ákvarðanir um skógrækt. Nánar er fjallað um skógrækt í kafla 9.3.
- ◆ Aðalskipulagið heimilar landeiganda á óbyggðu svæði, þar sem aðstæður og hagkvæmni leyfa, að reistar verði litlar vatnsaflvirkjanir, litlar vindmyllur og sólarcellur. Mannvirki skulu vera í sátt við umhverfi og náttúru. Nánari ákvæði er að finna í kafla 15 (ákvæði).
- ◆ Gæta þarf að samræmi strandsvæðisskipulags og aðalskipulags. Aðalskipulagið heimilar minni háttar sjálfbæra nýtingu auðlinda á strandsvæðum. Umfangsmeiri nýting kallar á aðalskipulagsbreytingu.

Skipulagsákvæði eru sett fram í kafla 15 og verndarákvæði í kafla 16.

*Helstu stefnubreytingar*

Uppfært síðar

*Umhverfisáhrif stefnu*

Uppfært síðar

DRÖG

DRÖG

## SAMFÉLAG

Byggð - Atvinna - Samfélagsþjónusta – Útivist, íþróttir og opin svæði

### 8 BYGGÐ

Ísafjarðarbær er nokkuð landstórt sveitarfélag með fimm byggðakjörnum og byggð í dreifbýli. Í kaflanum er gerð grein fyrir áherslum og stefnu Ísafjarðarbæjar um byggðina og almenn búsetuskilyrði í sveitarfélaginu.

#### Saga og þróun byggðar

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær varð til árið 1996 þegar sex sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum sameinuðust. Byggðin hefur þróast og mótast af náttúru og náttúruauðlindum svæðisins. Aðstæður til sjósóknar eru góðar og því myndaðist snemma þéttbýli með öflugri útgerð og verslun. Fólksfjöldgun varð með tilkomu þilskipaútgerðar á seinni hluta 19. aldar og í kjölfar vélvæðingar bátaflotans á fyrsta áratug 20. aldarinnar. Um aldamótin 1900 var Ísafjarðarkaupstaður þriðji stærsti kaupstaður landsins. Sjávarútvegur er enn undirstaða byggðarinnar en aðrar greinar hafa vaxið á skipulagstímabilinu, svo sem ferðaþjónusta og ýmis nýsköpun í tæknigeiranum. Fiskeldi hefur nú bæst við flóru sjávarútvegs. Viðvarandi fólksfækkun var í sveitarfélaginu á 10. áratugnum og fram undir 2015-2017 en síðan þá hefur íbúum fjölgað.

Ísafjörður fékk fyrst kaupstaðarréttindi árið 1786 og svo aftur árið 1866. Mannfjöldi í Skutulsfirði á 18. öld og fram á byrjun 19. aldar var nokkuð stöðugur, um og yfir 200 manns. Talsverð fólksfjöldgun varð á seinni hluta 19. aldar, í kjölfar vaxandi gengis þilskipaútgerðar og á fyrsta áratug 20. aldarinnar varð mikil fólksfjöldgun samhliða vélvæðingu bátaflotans. Eftir það fjölgaði fólki jafnt og þétt til ársins 1940. Segja má því að á tímabilinu 1830-1945, þegar íbúar Ísafjarðar voru orðnir rúmlega 2900, hafi bærinn þróast úr litlu sjávarþorpi í kaupstað með fjölbreyttri þjónustu og öflugri útgerð.

Eitt af einkennum byggðarinnar á Ísafirði eru þær byggingar sem hér voru reistar. Frumkvöðlar í byggingarlist settu mark sitt á umhverfið og byggt var af framsýni og stórhug. Auk þess má nefna að fyrsta lögformlega skipulagið á Íslandi náði yfir Skutulsfjarðareyri.

Hnífsdalur, sem er aðeins í fimm km fjarlægð frá Ísafirði, óx eins og aðrir byggðakjarnar í sveitarfélaginu upp í kringum útgerð og fiskvinnslu.

Fólksfjöldi var þar mestur í kringum aldamótin 1900 en á þessari öld hefur byggð dregist talsvert saman þar, einkum vegna niðurrifs húsa á snjóflóðahættusvæði.

Heimildir eru um búsetu á Þingeyri á 10. öld en staðurinn er forn þingstaður. Atvinnurekstur erlendra aðila var mikill og settu útlendir sjómenn mark sitt á bæinn. Kaupún tók að myndast um miðja 19. öld, þó svo að þorpsmyndun hafi verið mest á tveimur síðustu áratugum 19. aldar. Á Framnesi, í firðinum norðanverðum, var um tíma rekin norsk hvalveiðistöð sem veitti fjölda manns atvinnu. Árið 1890 voru íbúar 66 talsins en árið 1910 voru þeir orðnir 337. Íbúafjöldi næstu áratugi var nokkuð stöðugur.

Á Flateyri var verslun allt frá upphafi 18. aldar og varð þorpið löggiltur verslunarstaður árið 1823. Með þilskipaútgerð, sem hófst á síðari hluta 19. aldar, varð mikil þorpsmyndun og fólksfjöldgun. Í lok 19. aldar var starfrækt hvalveiðistöð sem var þá eitt stærsta fyrirtæki landsins. Á þessum tíma varð Flateyri næst stærsta útflutningshöfn landsins. Árið 1890 bjuggu um 100 manns á Flateyri, 249 manns árið 1900 og 300 manns árið 1920. Þróun byggðarinnar á Flateyri á 20. öld hefur verið í takt við sveiflur í sjávarútvegi.

Á Suðureyri myndaðist þorp seinna en í öðrum þéttbýliskjörnum, en verbúðir voru þar lengi áður. Þorpsmyndunin varð þó mjög hröð í byrjun 20. aldar. Aðeins tvö íbúðarhús voru á Suðureyri í byrjun 20. aldar en upp úr því fór þeim að fjölga verulega samfara uppgangi í sjávarútvegi. Fyrsti vélbáturinn á Suðureyri var keyptur árið 1906 og stuttu síðar, eða árið 1911, voru íbúarnir orðnir 200.

Minni þéttbýliskjarnar mynduðust einnig við sjávarsíðuna vegna aukinna fiskveiða og áttu þeir blómatíma frá árinu 1880 og fram yfir aldamótin 1900. Á meðal þessara staða eru Arnarnes við Skutulsfjörð, Hesteyri og Aðalvík á Hornströndum og Keldudalur og Haukadalur í Dýrafirði.

Byggð í dreifbýli hefur breyst, m.a. með samdrætti í landbúnaði og auknum áhuga á uppbyggingu sumarhúsa, skógrækt, útivist og ferðaþjónustu. Fjöldi bæja hefur lagst í eyði á síðari hluta tuttugustu aldar, m.a. öll byggð í Jökulfjörðum og á Hornströndum.

## 8.1 MENNINGAR- OG BÚSETUMINJAR

Til menningarminja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, mannvirki og hvers konar nytjahlutir. Einnig aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir áherslu og stefnu sveitarfélagsins um varðveislu og viðhald menningararfs sem hefur gildi fyrir íbúa svæðisins og í stærra samhengi.

### 8.1.1 Forsendur

#### Fyrirliggjandi stefna um menningar- og búsetuminjar

##### *Landsskipulagsstefna*

Markmið um velsæld samfélags felur í sér að skipulag stuðli að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi.

Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.

##### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Nýta menningararf og sérkenni svæðisins í skapandi verkefni og kynningu.

##### *Lög um menningarminjar*

Lögin mynda lagamma um menningarminjar á Íslandi og þeim er ætlað að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

##### *Lög um verndarsvæði í byggð*

Markmið laganna er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Lögin gilda um byggð innan þéttbýlis og byggðarkjarna utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis.

#### Menningarminjar

Hugtakið menningarminjar er skilgreint í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem „*ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar*“. Fornleifar sem eru 100 ára eða eldri eru sjálfkrafa friðaðar samkvæmt lögum.

Í þéttbýli eru margar gamlar byggingar og miðbær Ísafjarðar hefur sögulegt gildi á landsvísu. Í dreifbýli eru minjar um byggð og búskaparhætti, einkum í Hornstrandafriðlandi. Í sveitarfélaginu eru margs konar mannvirki sem tengjast nýtingu sjávarauðlinda, svo sem fiskhjallar, varir, naust og verstöðvar. Þessi mannvirki setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga þarf að gera grein fyrir friðuðum og friðlýstum húsum og minjum, vinna að skráningu menningarminja í samráði við Minjastofnun og marka eftir atvikum stefnu um verndun svæða eða einstakra húsa eða minja. Í fornleifaskráningu er metin hættu á hvort fornleifar geti eyðst af manna- eða náttúrulegum völdum, með svokölluðu hættumati. Skráningu menningarminja í sveitarfélaginu er ekki lokið í en gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að skráningunni.

Í Skutulsfirði hafa jarðir verið skráðar<sup>33</sup> en að öðru leyti hefur skipulögð fornleifaskráning ekki farið fram í sveitarfélaginu. Talsvert hefur þó verið skráð vegna ýmissa framkvæmda. Hluti fyrirliggjandi fornleifaskráninga uppfyllir ekki að öllu leyti þær kröfur sem Minjastofnun gerir til slíkrar skráningar í dag.

<sup>33</sup> Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher (2022).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG


Í Ísafjarðarbæ eru 72 friðlýstar fornminjar<sup>34</sup> og eru þær sýndar á mynd 6-1, skipulagsupprætti og tilgreindar í kafla 16.2.

DRÖG

---

<sup>34</sup> Minjastofnun (2025).

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG



Mynd Friðlýstar fornminjar og friðuð og friðlýst hús og mannvirki í Ísafjarðarbæ. Minjastofnun (2025)

### Byggingararfur og húsfriðun

Samkvæmt 4. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs og á það við um eftirfarandi:

- ♦ *Stök hús eða hluta þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir.*
- ♦ *Kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar.*
- ♦ *Brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.*

Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru því friðuð skv. 29. grein laganna og er óheimilt að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er enn fremur skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Landrými í sveitarfélaginu er lítið og því varð byggðin þétt, sérstaklega á Eyrinni í Skutulsfirði. Fyrsta lögformlega skipulagið á Íslandi náði yfir

Skutulsfjarðareyri og frumkvöðlar í byggingarlist settu mark sitt á húsbýggingar. Þetta tvennt leiddi til þess að á Ísafirði varð til sterkur miðbær sem enn í dag heldur sínum sterku sérkennum og yfirbragði. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins hafa þróast með mismunandi hætti og hafa því sín sérkenni en eiga það sameiginlegt að geyma menningarsögu svæðisins og hluta af menningarsögu þjóðarinnar. Miðað við önnur sveitarfélög, eru mörg gömul hús í Ísafjarðarbæ enn uppistandandi.

Í Ísafjarðarbæ eru 28 hús og mannvirki friðlýst. Minnst 226 hús friðuð skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.<sup>35</sup> Fjölmargar byggingar verða 100 ára á skipulagstímabilinu og munu þar með njóta friðunar skv. ofangreindum lögum.

Á Straumnesfjalli í Hornstrandafriðlandi standa rústir ratsjárstöðvar sem reist var af Bandaríkjamönnum um miðjan sjötta áratug síðustu aldar. Rústir mannvirkja sem reist voru af Bretum á svipuðum tíma er einnig að finna á Lækjarfjalli sunnan Aðalvíkur. Umrædd mannvirki eru ekki fornleifar en teljast merk vegna staðsetningar og sögu. Fjallað er um búsetu- og menningarlandslag hér á eftir.

<sup>35</sup> Minjastofnun (2025).

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

### Búsetu- og menningarlandslag

Til búsetu- eða menningarlandslags telst allt landslag þar sem ummerki mannsins sjást. Hugtakið er oftast tengt landslagi mótuðu af hefðbundnum landbúnaði.<sup>36</sup> Í núverandi lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) er

<sup>36</sup> Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Árnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir (2010).

búsetulandslag skilgreint sem hluti fornleifa og ber því að vernda á sama hátt og aðrar fornleifar.

Á norðanverðum Vestfjörðum er tækifæri til að rannsaka þessa þætti því byggð hefur minnkað og þéttst, auk þess sem stórt svæði norðan Djúps er einangrað, þ.e. án vegtengingar við önnur svæði og þannig hafa verðmætin varðveist.

### Verndarsvæði í byggð

Í Ísafjarðarbæ njóta gamli bærinn á Eyrinni og Neðstikaupstaður verndar skv. lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016 (Mynd -). Tillaga Ísafjarðarbæjar um verndarsvæði var staðfest af ráðherra í október 2023.<sup>37</sup> Þessi svæði innihalda mörg gömul hús frá fyrstu árum þéttbýlismyndunar á Íslandi og eru auk þess nátengd hjarta Ísafjarðar og mikilvægur hluti miðsvæðis hans. Í greinargerð um verndarsvæðið segir að helstu rök fyrir varðveislugildi byggðarinnar séu eftirfarandi:

- Byggðin á Eyrinni sem hefur varðveist er dýrmætur fjársjóður fyrir Ísfirðinga og hefur einnig ótvírætt sögulegt gildi á landsvísu.
- Kaupstaðirnir þrír, þar sem húsabyrpingar, almenningsrými og söguleiðin á milli þeirra hefur varðveist, hafa mikið menningarsögulegt gildi.
- Svipmót byggðar í bæjarrýmum skapar fallega heild og notalegt umhverfi sem endurspeglar bæi fyrri tíma.
- Á svæðinu má finna margar samstæðar heildir byggingarstíla sem segja sögu þéttbýlismyndunar á Íslandi.

Í skilmálum verndarsvæðanna eru skilgreind fjögur þemu og markmið fyrir hvert þema. Þemun eru eftirfarandi:

- Falinn fjársjóður – svipmót landslags

<sup>37</sup> Ísafjarðarbær og Alta (2022).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- Verslun og fiskur – bær mótaður af saltfiski
- Fágæt göturými – upplifun vegfarandans
- Bernskuár þéttbýlis – byggingarheildir sem segja sögu



Mynd Verndarsvæði í byggð á Ísafirði. Ísafjarðarbær og Alta (2022)

### 8.1.2 Markmið og stefna - Menningar- og búsetuminjar

#### Markmið

- ♦ Skapa umhverfi sem styrkir efnahags- og samfélagslegan grunn Ísafjarðarbæjar og styrkja jákvæða þróun sveitarfélagsins með því að standa vörð um byggingararf svæðisins og taka tillit til hans við mannvirkjagerð.
- ♦ Sérkenni hvers byggðakjarna fái að njóta sín. Ísafjarðarbær myndi fimm aðlaðandi byggðakjarna með öflugum miðsvæðum - Hina fögru fimm - þar sem Ísafjarðarbær verði þekktur sem gamli bærinn á Íslandi.
- ♦ Menningar- og búsetuminjar og sérkenni verði vernduð fyrir framkvæmdum og ágangi náttúrunnar.
- ♦ Varðveita það menningarlandslag sem mótað hefur svæðið um aldir og ráðist hefur af nýtingu landsins.
- ♦ Sérstaða svæðisins í landslagi, sögu og menningu verði dregin fram við umhverfismótun og mannvirkjagerð, svo sem á áfangastöðum ferðamanna.
- ♦ Íbúar og gestir geti notið þeirrar menningar og sögu sem felast í búsetuminjum svæðisins.

#### Útfærsla stefnu

Stefna um menningar- og búsetuminjar verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ♦ Almenn skal beina framkvæmdum frá minjastöðum. Stöðva ber framkvæmdir og tilkynna Minjastofnun komi fornleifar í ljós, skv. 24. gr.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

laga um menningarminjar. Í skógræktaráætlunum þarf að taka tillit til fornminja og ekki er plantað nær þekktum fornminjum en 20 m.

- ◆ Í skipulaginu er leitast við að varðveita gömul hús í þéttbýli og dreifbýli, þ.e. hús sem hafa á einhvern hátt verndargildi. Með endurbyggingu horfinna húsa með sögulegt gildi má bæta heildaryfirbragð byggðar, einkum í þéttbýli. Í sveitarfélaginu eru margs konar mannvirki, úr nútíð og fortíð, sem tengjast nýtingu sjávarauðlinda, s.s. fiskhjallar, varir, naust og verstöðvar. Þessi mannvirki setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess. Einnig er leitast við að vernda staði sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum, svo og mannvirki sem bera vitni um búsetu og menningu sem er horfin. Þessari stefnu er ætlað að styrkja staðaranda og stuðla að áhugaverðu umhverfi fyrir íbúa og gesti og styðja við ferðaþjónustu og fleiri atvinnuvegi.
- ◆ Við uppbyggingu nýrra mannvirkja ber að taka mið af landslagi og byggingararfi, svo sem m.t.t. staðsetningar, forms, lita og efna. Við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa skal þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar og eftir atvikum leitað álits fagaðila ef ástæða er til.
- ◆ Afmörkuð eru eftirfarandi hverfisverndarsvæði til að styðja við ofangreind markmið.

Á miðsvæði hvers þéttbýliskjarna eru skilgreind hverfisverndarsvæði. Markmið hverfisverndarsvæðanna er að vernda miðsvæðin, bæði einstakar byggingar og yfirbragð þeirra og þannig viðhalda og skapa aðlaðandi umhverfi. Ákvæði hverfisverndar taka til breytinga, viðhalds, niðurrifs og nýbyggingar húsa. Einnig taka þau á notkun, starfsemi og umhverfi. Hverfisverndinni er ætlað styrkja efnahagslegan og samfélagslegan grunn og að styrkja jákvæða þróun sveitarfélagsins en jafnframt að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og ásýnd þess. Ákvæði hverfisverndar taka mið af ákvæðum um verndarsvæði í byggð.

Skilgreint er Hverfisverndarsvæði í Neðstakaupstað en þar er safnasvæði með elstu húsaþyrpingu landsins. Húsin, sem byggð eru á 18. öld, eru Faktorshús, Krambúð, Turnhús og Tjöruhús. Markmið hverfisverndarinnar er að varðveita húsaþyrpinguna og fjöruna, tryggja gæði umhverfisins og aðgengi að svæðinu þannig að það styrkist sem heild.

Á Sólbakka í Önundarfirði er afmarkað hverfisverndarsvæði. Svæðið tekur til minja hvalveiðistöðvar sem tók til starfa árið 1889 og var sú stærsta sem reist hafði verið við Norður-Atlantshaf og var á þeim tíma stærsta og umfangsmesta atvinnufyrirtækið á Íslandi. Starfsemi hvalstöðvarinnar lauk árið 1901 í kjölfar stórbruna. Markmið hverfisverndarinnar er að varðveita minjar um hvalveiðistöðina og miðla atvinnusögu Önundarfjarðar.

Í dreifbýli eru afmörkuð hverfisverndarsvæði utan friðlands norðan Djúps og á afmörkuðum svæðum sunnan Djúps frá Súgandafirði að sveitarfélagsmörkum Vesturbyggðar. Ákvæðin miða m.a. að því að viðhalda ásýnd svæðanna eins og þau voru þegar þau voru í byggð og taka m.a. á útliti og fjölda bygginga.

Í Skutulsfirði og innanverðum Önundarfirði eru afmörkuð hverfisverndarsvæði. Þar eru ákvæði sem miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins, m.a. landslagsheildir og menningarsögu.

- ◆ Taka ber tillit til friðlýsingarskilmála og stjórnunar- og verndaráætlana friðlýstra svæða í sveitarfélaginu (Hornstrandafriðlands og náttúruvættisins Dynjanda) við skipulagsgerð og framkvæmdir.
- ◆ Innan Hornstrandafriðlands eru sett ákvæði á einstökum landnotkunarreitum sem miða að því að vernda minjar um byggð og búskaparhætti (kafla 15). Í friðlandinu má viðhalda gömlum tóftum, göngu- og reiðleiðum, stikum, bryggjum og vörðum sem eru í notkun. Mannvirki ratsjárstöðvarinnar á Straumnesfjalli skal vernda, enda um

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

sérstæðar minjar að ræða en þar er þó svigrúm til uppbyggingar ferðapjónustuaðstöðu. Stríðsminjar á Lækjarfjalli skulu einnig verndaðar.

- ♦ Lögð er áhersla á að íbúar og gestir verði upplýstir um sögu og menningu svæðisins og þannig verði stuðlað að góðri umgengni og aukinni virðingu fyrir fornleifum og menningararfi svæðisins. Gömul örnefni og gönguleiðir verði endurvakin og notuð. Jafnframt verði aðgengi almennings að menningar- og náttúruminum tryggt eftir því sem kostur er.
- ♦ Áfram verði unnið að skráningu menningarminja.

### *Helstu stefnubreytingar*

Uppfært síðar

### *Umhverfisáhrif stefnu*

Uppfært síðar

## 8.2 ÍBÚÐARBYGGÐ

Hér er sett fram stefna um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Ísafjarðarbæ. Stefnan bygging á Húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar<sup>38</sup> og fleiri lykiltölum varðandi húsnæðismál og lýðþróun.

<sup>38</sup> Ísafjarðarbær (2026).

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

### 8.2.1 Forsendur

#### Fyrirliggjandi stefna um íbúðarbyggð

*Landsskipulagsstefna*

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Skipulag stuðli að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði með uppbyggingu hagkvæms og vandaðs íbúðarhúsnæðis sem svari þörfum ólíkra félagshópa.

Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.

Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðarkjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðapörf.

Skipulag leggi áherslu á að lágmarka kolefnisspor húsnæðisuppbyggingar og mannvirkjagerðar með betri endingu og bættri efnisnotkun.

### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Efla þéttbýliskjarna með fjölbreyttri uppbyggingu og styrkja samkeppnishæfni byggðanna.

Tryggja fjölbreytt, hagkvæmt og aðgengilegt íbúðarhúsnæði sem mætir þörfum nútímasamfélags.

Uppbygging verði í góðum tengslum við eldri byggð og staðbundin sérkenni, þar sem nýjar byggingar og þróunarsvæði styðja við bæjarmynd og félagslega innviði.

Aukið framboð af fjölbreyttum íbúðagerðum í þéttbýli og dreifbýli, þar á meðal raðhús, minni fjölbýlishús og húsnæði fyrir einstaklinga og ungt fólk.

### *Húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar*

Meginmarkmið með gerð húsnæðisáætlunar er að stuðla að auknu húsnæðisöryggi heimila. Hún er sett fram í samhengi við aðrar áætlanir sem hafa áhrif á skipulag, fjármögnun og rekstur húsnæðismála. Mikilvægur eiginleiki húsnæðisáætlunar er að greina aðstæður en umfangsmeiri

ákvarðanir og stefnumörkun um byggðapróun í heild til lengri tíma eru í skipulagsáætlunum.

### Íbúafjöldi

Þann 1. janúar 2025 voru íbúar í Ísafjarðarbæ 3832.<sup>39</sup> Árið 1990 voru íbúar í Ísafjarðarbæ (þeim sveitarfélögum sem nú mynda Ísafjarðarbæ) 4894. Lágpunkti var náð árið 2014 en þá voru íbúar sveitarfélagsins 3550 og hafði þeim því fækkað um ríflega 27% frá árinu 1990. Frá árinu 2017 hefur íbúum fjölgað ef undan er skilið tímabilið 2020-2021. Á tímabilinu 2017-2025 fjölgaði um 276 einstaklinga eða sem nemur um 8%. Ef lítið er til breytinga á mannfjölda í einstaka byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar má sjá eftirfarandi:

- Ísafjörður: Íbúum fjölgaði um tæp 2% á tímabilinu 2010-2025. Íbúum á Ísafirði fækkaði jafnt og þétt frá árinu 1998 til ársins 2015 en þá varð viðsnúningur sem hefur að mestu haldist síðan þá ef undan er skilin fækkun árin 2019 og 2020.
- Þingeyri: Íbúafjöldi stóð að mestu í stað tímabilið 2010-2025. Fyrri hluta tímabilsins var lítills háttar fækkun en síðustu fimm á hefur íbúum fjölgað.
- Flateyri: Íbúum fækkaði um 17% á tímabilinu 2010-2025. Fækkun var fyrri hluta tímabilsins en fjölgun frá 2018.
- Suðureyri: Lítil breyting var á fjölda íbúa á tímabilinu 2010-2025. Lítils háttar fækkun var 2010-2012 en fjölgun frá 2017.
- Hnífsdalur: Íbúum fækkaði um 10% frá 2010-2025. Fjöldi íbúa hefur sveiflast upp og niður en frá árinu 2022 hefur þeim fjölgað.


Í töflu – má sjá íbúafjölda í Ísafjarðarbæ og einstökum byggðakjörnum árin 2000, 2010, 2020 og 2025. Heilt yfir má sjá svipaða þróun í kjörnunum, þ.e.a.s. fólksfækkun á fyrri hluta líðandi skipulagstímabils (2010-2025) og fjölgun á síðari hluta þess.

<sup>39</sup> Hagstofa Íslands (2025).


## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

**Tafla** --. Íbúafjöldi í Ísafjarðarbæ og þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins 1. janúar á mismunandi tímum. Hagstofa Íslands (2025).


	2000	2010	2020	2025
Ísafjörður	2799	2659	2623	2705
Þingeyri	344	267	252	268
Flateyri	289	236	198	195
Suðureyri	296	299	270	293
Hnífsdalur	310	242	208	218
Ísafjarðarbær	4280	3899	3712	3832



**Mynd** Fjöldi íbúa á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og í Hnífsdal 1. janúar hvers árs. Hagstofa Íslands (2021A)



**Mynd** Fjöldi íbúa á Ísafirði 1. janúar hvers árs. Hagstofa Íslands (2021A)



**Mynd** Fjöldi íbúa í Ísafjarðarbæ 1. janúar hvers árs. Hagstofa Íslands (2021A)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Vestfirðingar voru rúm 14% af mannfjölda landsins árið 1920 en árið 1990 var þetta hlutfall komið niður undir 4%. Í dag eru íbúar Vestfjarða um 2% af mannfjölda landsins. Frá árinu 2017 hefur íbúum á Vestfjörðum fjölgað um 6% eftir viðfarandi fólksfækkun síðustu þrjá áratugi þar á undan.<sup>40</sup> Landshlutinn fylgir nú sama takti og landsmeðaltalið. Fjölgunina má rekja til aukinnar atvinnuuppbyggingar en fleiri þættir hafa áhrif, eins og t.d. hátt fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu, auknir möguleikar til fjarvinnu og jafnvel aukinn áhugi ungs fólks á að lifa einfaldara lífi á minni stöðum.

Íbúapróun er háð búferlaflutningum og náttúrulegri fjölgun, þ.e. fjölda fæddra umfram dána. Búferlaflutningar í sveitarfélaginu voru neikvæðir frá 2010 til 2016 en á tímabilinu fluttu 443 fleiri frá sveitarfélaginu en til þess. Á tímabilinu 2017-2024 voru aðfluttir hins vegar 208 fleiri en brottfluttir.<sup>41</sup>

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var gert ráð fyrir aukinni fólksfjölgun er liði á skipulagstímabilið og að undir lok þess næmi hún 0,6%. Seinni hluta skipulagstímabilsins (2017-2025) hefur fólksfjölgun að jafnaði verið um 1% á ári. Fólksfækkun fyrri hluta skipulagstímabilsins (2010-2017) heldur meiri en fjölgunin á seinni hluta skipulags tímabilsins. Fólksfækkun á tímabilinu 2010-2025 nam að meðaltali um 0,1% á ári.

Í svæðisskipulagi Vestfjarða er gert ráð fyrir að íbúum á kjálkanum fjölgi um 40% á næstu 25 árum. Forsenda fjölgunarinnar er sú að störfum muni áfram fjölga og að nægt húsnæði verði fyrir nýja íbúa.

Í húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar 2025<sup>42</sup> eru settar fram þrjár spár um íbúapróun:

- Háspá - fólksfjölgun um 1,5% á ári
- Miðspá – fólksfjölgun um 1% á ári
- Lágspá – fólksfjölgun um 0,5% á ári

Spárnar byggja á greiningu á áhrifum fiskeldis á samfélagið. Í Háspá er gert ráð fyrir að væntingar um atvinnuuppbyggingu gangi eftir. Miðspá gerir ráð fyrir að væntingar gangi ekki eða að takmörkuðu leyti eftir. Miðað er við

miðspá í stefnu aðalskipulagsins en ljóst er að margir óvissuþættir geta haft áhrif á þróunina. Miðspá gerir ráð fyrir um 1100 manna fjölgun.

Aðalskipulaginu er ætlað að bæta búsetuskilyrði og efla byggð með styrkleikum svæðisins og uppbyggingu innviða. Það eru forsendur þess að sveitarfélagið sé samkeppnishæft, bæði m.t.t. búsetu og atvinnustarfsemi.

Í stöðumati fyrir Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050 voru skoðaðir mælikvarðar um lýðfræðilega áhættu svæðisins. Þeir gefa til kynna að Vestfirðir séu enn ungt og þróttmikið samfélag sem á góðan möguleika á fólksfjölgun og vexti. Vísar sem sýna fæðingar- og dánartíðni, flutningsjöfnuð, aldurssamsetningu og kynjahalla eru jákvæðir. Nánar er fjallað um íbúapróun í næsta kafla.

### Samsetning íbúa

Í Ísafjarðarbæ er hlutfall þeirra sem eru eldri en 55 ára hærra en á landsvísu ef undan er skilinn hópurinn 70-79 ára. Hlutfall 20-29 ára og 5-9 ára er einnig hærra í Ísafjarðarbæ en á landsvísu. Í öðrum aldurshópum eru hlutfallslega færri í Ísafjarðarbæ miðað við landsvísu, m.a. hópi 30-54 ára en einnig 0-4 ára og 15-19 ára.

Á Íslandi fjölgar hinum eldri almennt hraðar en hinum yngri. Ef horft er til mannfjöldabreytinga eftir aldri í Ísafjarðarbær frá því að fjölga tók í kringum árið 2017 (2017-2025) kemur í ljós að börnum á grunnskólaaldri og fólki á aldrinum 20 til 30 ára hefur fjölgað meira í Ísafjarðarbæ en á landsvísu. Í aldurshópunum 0-5 ára og 15-20 ára hefur hins vegar fækkað í sveitarfélaginu á meðan fjölgað hefur í þeim hópum á landsvísu á umræddu tímabili.

Í janúar 2025 voru karlar 51,4% af íbúum sveitarfélagsins, konur 48,5% og kynsegin og aðrir 0,1%. Þetta er nánast sama hlutfall og á landsvísu á sama tíma.

<sup>40</sup> Hagstofa Íslands (2025).

<sup>41</sup> Hagstofa Íslands (2025).

<sup>42</sup> Ísafjarðarbær (2026). (DRÖG)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Hlutfall erlendra ríkisborgara í Ísafjarðarbæ var í upphafi árs 2024 ríflega 19,4%. Það er heldur hærra en landsmeðaltalið, sem var á sama tíma um 16,6%.

Upplýsingar um samsetningu íbúa byggja á gögnum Hagstofu Íslands.<sup>43</sup>

### Uppbygging íbúðarhúsnæðis

Á mynd – má sjá fjölda íbúða eftir byggingarári í Ísafjarðarbæ. Í sveitarfélaginu er hlutfall gamalla húsa hærra en víða annars staðar en yfir 200 íbúðir voru byggðar fyrir 1910. Mest var byggt á tímabilinu 1970 til 1989. Á skipulagstímabilinu, þ.e. frá 2010 til 2025, hafa 80 íbúðir verið byggðar í sveitarfélaginu. Af þeim hefur 71 verið byggð í Skutulsfirði, en 9 í öðrum byggðakjörnum. Aukin uppbygging hefur haldist í hendur við fólksfjölgun og hækkandi húsnæðisverð en enn er þó nokkur munur á markaðsverði og byggingaverði. Lánakjör hafa verið óhagstæð síðustu ár og hefur það eflaust dregið úr fjölda nýbygginga. Í Ísafjarðarbæ voru 1726 íbúðir í lok árs 2025.<sup>44</sup> Af þeim eru um 45% einbýlishús, 45% í fjölbýli og 10% í sérbýli.

Eins og fram hefur komið er undirlendi takmarkað í sveitarfélaginu og í öllum byggðakjörnum þess eru takmarkanir á landnýtingu vegna ofanflóðahættu. Sjávarflóð takmarka einnig möguleika til uppbyggingar.

Tunguhverfi hefur verið í byggingu frá árinu 2004 en nokkrar lóðir eru enn óbyggðar þar. Unnið hefur verið deiliskipulag fyrir 25 lóðir í innri hluta hverfisins (áfanga I) í samræmi við gildandi aðalskipulag. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir frekari stækkun hverfisins í kjölfar endurskoðaðs aðalskipulags (áfangar II og III). Áfangar II og III geta rúmað um 70 íbúðir.

Í Seljalandshverfi er samkvæmt gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi rými fyrir 12 nýjar íbúðir við Seljaland og Skógarbraut.

Á Skutulsfjarðareyri er talsvert rými fyrir nýjar íbúðir, bæði á íbúðarsvæðum og miðsvæðum. Unnið er að deiliskipulagsbreytingu á miðsvæðinu, m.a. með það að markmið að þétta byggð.

Með skipulagsbreytingu árið 2024 var íbúðarsvæði í Dagverðardal breytt í svæði fyrir frístundabyggð og fækkaði mögulegum íbúðum um 50. Í aðalskipulagsbreytingu 2025 var íbúðarsvæði á Suðurtanga Skutulsfjarðareyri breytt í athafnasvæði og fækkaði mögulegum íbúðum þar um 70.

Með aðalskipulagsbreytingu árið 2023 er nú gert ráð fyrir landfyllingu norðan við Skutulsfjarðareyri. Þar er rými fyrir allt að 150 nýjar íbúðir skv. skipulagsbreytingunni.

Á Suðureyri er svigrúm fyrir allt um það bil 50 nýjar íbúðir skv. gildandi aðalskipulagi.

Í fyrra aðalskipulagi er heimild fyrir allt að 70 nýjum íbúðum á Þingeyri. Í deiliskipulagi frá árinu 2022 eru skipulagðar lóðir fyrir 51 nýja íbúð við Hlíðargötu.

Á Flateyri er gert ráð fyrir 20 nýjum íbúðum í fyrra skipulagi. Í kjölfar snjóflóðs árið 2020 var ráðist í uppbyggingu varnarkja og verður nýtt hættumat gert m.t.t. þeirra. Fyrir liggur bráðabirgðahættumat og ljóst er að takmarkað svigrúm er til uppbyggingar á efri og innri hluta Eyrarinnar. Hafin er vinna við deiliskipulagsbreytingu á Flateyrarodda þar sem m.a. er gert ráð fyrir íbúðarbyggð. Fyrirhugað er að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna í kjölfar eða samhliða endurskoðuðu aðalskipulagi.

Í Hnífsdal er gert ráð fyrir 23 nýjum íbúðum í fyrra aðalskipulagi. Þar takmarkast íbúðarbyggð af ofanflóðahættu en unnið er að hönnun snjóflóðavarnarkja fyrir byggðina.

Meðalfjöldi íbúa á íbúð árið 2025 í Ísafjarðarbæ var 2,46 árið 2021 en á landsvísu sama ár voru 2,65 íbúar á hverja íbúð.

Íbúðareigendur með lögheimili utan sveitarfélagsins, þ.e. þeir sem hafa tvöfalda búsetu, voru – árið 2010 -- árið 2025 (kemur síðar - gögn vantar).

Áætluð landþörf fyrir íbúðarbyggð ræðst m.a. af fólksfjölgun, þörf fyrir endurnýjun húsnæðis og vannýttu íbúðarhúsnæði. Mat á húsnæðisþörf

<sup>43</sup> Hagstofa Íslands (2025).


<sup>44</sup> HMS (2026).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

byggir einkum á aldursdreifingu, fjölskyldugerð, heimilisstærð, viðhorfum og efnahagsástandi á hverjum tíma.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að íbúum í Ísafjarðarbæ fjölgi um u.þ.b. 1100 manns á skipulagstímabilinu, eins og áður hefur komið fram. Ef miðað er við 2,4 íbúa á íbúð þarf u.þ.b. 450 nýjar íbúðir á skipulagstímabilinu. Hafa verður þó í huga að eitthvað af núverandi húsnæði kann að vera vannýtt.

Í húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar 2025<sup>45</sup> er gerð grein fyrir stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum eru greind og sett fram áætlun um hvernig sveitarfélagið ætlar að mæta húsnæðisþörf íbúa, bæði til skemmri og lengri tíma. Samkvæmt áætluninn er þörf fyrir - (kemur síðar - vantar upplýsingar í húsnæðisáætlun). Helgast það m.a. af því að hlutfall eldra fólks mun aukast á skipulagstímabilinu og fæðingatiðni hefur lækkað.



Mynd Fjöldi nýrra íbúða í Ísafjarðarbæ eftir tímabilum. HMS (2026b)

### 8.2.2 Markmið og stefna – íbúðarbyggð

#### Markmið

- ◆ Áhersla verði lögð á aðlaðandi og fjölbreytt umhverfi til búsetu.
- ◆ Íbúðarsvæði verði í góðum tengslum við náttúru svæðisins og í takt við sögulegt umhverfi.
- ◆ Ávallt verði tiltækar lóðir í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins fyrir íbúðarhús sem henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum.
- ◆ Íbúðarbyggð verði í góðum tengslum við þjónustu.

<sup>45</sup> Ísafjarðarbær (2026).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Vöxtur íbúðarsvæða verði sem sjálfbærastur.
- ◆ Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að kolefnisbinding aukin.

### Útfærsla stefnu

Stefna um íbúðarbyggð verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir vexti íbúðarbyggðar í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins með fjölbreyttu umhverfi og ólíkum gæðum þar sem sérkenni hverrar byggðar fá að njóta sín. Gæði byggðar felast m.a. í aðgengi að náttúru, útivistarsvæðum og grænum svæðum, vistvænum samgöngum og umferðaröryggi. Nánar er fjallað er um gæði byggðar í kafla --.
- ◆ Ný íbúðarsvæði eru valin m.t.t. náttúruvár, tengsla við núverandi innviði og aðgengis að þjónustu. Í nýjum hverfum og á þéttingarsvæðum er gert ráð fyrir fjölbreyttri stærð íbúða. Nánari útfærsla skal gera í deiliskipulagi.
- ◆ Miðað við 1% fjölgun á ári og 2,4 íbúa í íbúð þarf að lágmarki 450 nýjar íbúðir í Ísafjarðarbæ á skipulagstímabilinu. Til þess að nýta sem best þá innviði sem eru til staðar er gert ráð fyrir að þetta byggð þar sem það er fýsilegt en jafnframt þarf nýtt byggingarland. Gert er ráð fyrir þéttingu í öllum byggðakjörnum. Á Þingeyri og Suðureyri er svigrúm til allmikillar uppbyggingar en í Hnífsdal og á Flateyri takmarkast framboðið af ofanflóðhættu í samræmi við hættumat. Á Eyrinni á Ísafirði er talsvert svigrúm fyrir þéttingu og samfara henni eru tækifæri til að bæta ásýnd svæðisins. Þann – var samþykkt endurskoðað deiliskipulag fyrir miðbæ Ísafjarðar þar sem markmiðið var að þetta byggð og bæta ásýndina.

- ◆ Í aðalskipulaginu er, líkt og í fyrra aðalskipulagi, gert ráð fyrir landfyllingu norðan Eyrar. Einnig er gert ráð fyrir nýjum byggingarsvæðum í jaðri núverandi byggðar í Skutulsfirði, annars vegar stækkun Tunguhverfis og hins vegar nýju íbúðarsvæði á Hauganesi neðan Holtahverfis og Skutulsfjarðarbrautar. Forgangsröðun uppbyggingar í Skutulsfirði verður eftirfarandi:

1. Tunguhverfi og þétting í miðbænum
2. Hauganes
3. Landfylling norðan Eyrar

Stefna um þróun íbúðarbyggðar í Skutulsfirði byggir á greiningu tveggja valkosta í umhverfismati aðalskipulagsins. Báðir valkostirnir fela í sér vöxt þéttbýlis:

- Ný byggð í Tunguhverfi og á Hauganesi
- Ný byggð á landfyllingu í Pollinum eða utan við Mávagarð

Greiningin leiddi í ljós að ný byggð í Tunguhverfi og á Hauganesi er álitlegri valkostur en landfylling í Pollinum eða við Mávagarð. Nánar er fjallað um þetta í umhverfismati aðalskipulagsins sem finna má í viðauka. Ekki er þó útilokað að byggt verði á landfyllingu við Mávagarð og/eða í Pollinum að loknu skipulagstímabilinu.

- ◆ Skipulögð íbúðarsvæði eru fjölbreytt, bæði ef horft er til umhverfis sem og húsnaðisgerðar.
- ◆ Þétting byggðar, vistvænar samgöngur, góð tengsl nýrra íbúðarsvæða við þjónustu og innviði lágmarkar losun gróðurhúsalofttegunda.
- ◆ Með þéttingu og nýjum íbúðarsvæðum heimilar aðalskipulagið um 800 nýjar íbúðir, sem er talsvert meira rými en þörf er á miðað við þá fólksfjölgun sem stefnt er að á skipulagstímabilinu. Þannig verða tiltæk svæði fyrir íbúðarbyggð fari svo að fjölgun verði meiri en gert er ráð fyrir

í skipulaginu. Einnig verður gott svigrúm til uppbyggingar í mismunandi byggðakjörnum og hverfum.

- ♦ **Helstu stefnubreytingar**
- ♦ Uppfært síðar
  
- ♦ **Umhverfisáhrif stefnu**
- ♦ Uppfært síðar

### 8.3 BYGGÐ Í DREIFBÝLI

Hér er fjallað um byggð í dreifbýli. Fjallað er um frístundabyggð í kafla 8.4 og landbúnað í kafla 9.2.

#### 8.3.1 Forsendur

##### Fyrirliggjandi stefna um byggð í dreifbýli

###### *Landsskipulagsstefna*

Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.

Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðarkjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðapörf.

###### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Styrkja dreifbýli með fjölbreyttum búsetuvalkostum og sjálfbærri þróun byggðar í takt við breyttar þarfir samfélagsins

##### Staða og þróun byggðar í dreifbýli

Nokkrar breytingar hafa orðið á landnotkun í dreifbýli síðustu áratugi. Þær felast m.a. í aukinni ferðapjónustu, skógrækt, útivist og uppbyggingu frístundahúsa og samdrætti í landbúnaði. Fjöldi bæja hefur farið í eyði frá síðari hluta tuttugustu aldar, m.a. öll byggð á Hornströndum og í Jökulfjörðum. Á eyðijörðum hafa gömlu bæjarhúsin veri nýtt sem frístundahús eða ný frístundahús byggð. Einnig er búið á sumum jörðum, einkum í nágrenni þéttbýliskjarna sveitarfélagsins, án þess að landbúnaðar sé stundaður eða takmarkaður landbúnaður. Jarðir í Ísafjarðarbæ eru alls um 265 og samkvæmt lögbýlaskrá eru 149 af þeim lögbýli. Af þessum lögbýlum eru 53 eyðibýli.<sup>46</sup> Skv. jarðalögum nr. 81/2004. m.s.br. er lögbýli sérhver jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað og var skráð í jarðarskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Enn fremur geta jarðir sem hljóta síðar viðurkenningu landbúnaðarráðuneytis talist lögbýli. Ný býli sem hljóta viðurkenningu ráðuneytisins geta einnig talist lögbýli.

Víða er ofanflóðahætta í dreifbýli í sveitarfélaginu og takmarkar hún þróun byggðar í dreifbýli. Ekki liggur fyrir hættumat í dreifbýli nema þar sem gert hefur verið staðbundið hættumat vegna áforma um uppbyggingu, sbr. kafla 4.1.

#### 8.3.2 Markmið og stefna – byggð í dreifbýli

##### Markmið

- ♦ Styrking byggðar í dreifbýli með eflingu landbúnaðar og ferðapjónustu.
- ♦ Svigrúm verði fyrir hefðbundna hlunnindanýtingu á eyðijörðum.

<sup>46</sup> HMS (2026).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Svigrúm verði fyrir nýtingu þegar byggðra mannvirkja og innviða í dreifbýli, m.a. í tengslum við ferðapjónustu og uppbyggingu frístundahúsa.

### Útfærsla stefnu

Stefna um byggð í dreifbýli verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Íbúðaruppbyggingu er beint að þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins en á landbúnaðarsvæðum er svigrúm fyrir uppbyggingu og eflingu landbúnaðar og ferðapjónustu.
- ◆ Á jörðum þar sem landbúnaður hefur lagst af er svigrúm fyrir uppbyggingu frístundahúsa og innviða, svo sem minni háttar raforkuframléiðslu.
- ◆ Svæði sem í dag eru nýtt til landbúnaðar, auk þeirra svæða sem henta vel til landbúnaðar og eru í góðum tengslum við innviði eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Á öðrum eyðijörðum er hefðbundin hlunnindanýting heimil. Með þessu er reynt að halda í verðmæti landbúnaðarjarðanna og tryggja að hægt verði að nýta góð landbúnaðarsvæði eyðijarða til landbúnaðar í framtíðinni.
- ◆ Við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa vegna nýrra bygginga eða framkvæmda skal þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Staðinn verður vörður um byggingararf svæðisins og tekið tillit til hans við mannvirkjagerð. Draga ber fram sérstöðu svæðisins í landslagi, sögu og menningu við umhverfismótun og mannvirkjagerð.

### Helstu stefnubreytingar

Uppfært síðar

### Umhverfisáhrif stefnu

Uppfært síðar

## 8.4 FRÍSTUNDABYGGÐ

Hér er fjallað um frístundabyggð. Einnig er fjallað um byggð í dreifbýli í kafla – Landbúnaður.

### 8.4.1 Forsendur

#### Fyrirliggjandi stefna um frístundabyggð

##### Landsskipulagsstefna

Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.

Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.

##### Svæðisskipulag Vestfjarða

Styrkja dreifbýli með fjölbreyttum búsetuvalkostum og sjálfbærri þróun byggðar í takt við breyttar þarfir samfélagsins

#### Staða og þróun frístundabyggðar

Stærsta frístundabyggðin í sveitarfélaginu er í Tungudal inn af Skutulsfirði. Árið 1994 féll snjóflóð á frístundabyggðina og eyðilagði um 40 hús. Í kjölfarið var leyfð endurbygging húsanna með kvöð um skerta viðveru yfir vetrartímam. Meirihluti húsanna hefur nú verið endurbyggður og eru nú 35 hús á svæðinu. Skert viðvera í frístundahúsum er á fleiri stöðum í þéttbýli vegna ofanflóðahættu.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Önnur frístundabyggð er mun umfangsminni. Víða hafa verið reist hús á núverandi og fyrrum landbúnaðarlandi en auk þess eru gömlu íbúðarhúsin skilgreind sem frístundahús ef viðkomandi jarðir eru ekki í ábúð. Það útilokar þó ekki það að þau breytist í íbúðarhús ef býlin fara aftur í ábúð. Norðan Djúps er fjöldi frístundahúsa um 90, þar af eru ríflega 50 þeirra innan Hornstrandafriðlands. Í apríl 2026 voru 200 frístundahús skráð í Ísafjarðarbæ og hafði þeim fjölgað um 28 frá árinu 2009.<sup>47</sup> Þrjú af þessum frístundahúsum voru byggð norðan Djúps, þar af tvö í Hornstrandafriðlandi.

Stór hluti Ísafjarðarbæjar er á náttúruminjaskrá vegna sérstæðrar náttúru og menningarsögu. Hornstrandafriðland, Snæfjallaströnd og sunnanverðir Jökulfirðir hafa mikla sérstöðu vegna einangrunar, búsetuminja og sögu svæðisins, sbr. kafla -- og kafla --. Óheft uppbygging frístundahúsa þar er því líkleg til að rýra verulega gæði svæðisins og hafa óafturkræf áhrif á náttúru- og menningarminjar. Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 voru greindar mismunandi leiðir á uppbyggingu frístundahúsa norðan Djúps og á hverfisvernduðum svæðum H1-H4. Niðurstaða greiningarinnar var sú að uppbyggingin skyldi miðast við fyrri búsetu og sögu svæðisins. Í því fólst m.a. að innan Hornstrandafriðlands má almennt endurbyggja öll íbúðarhús, þjónustuhús og önnur hús, sem búið var í eða voru í notkun eftir 1908. Á hverfisverndarsvæði utan friðlandsins norðan Djúps er að auki heimilt að byggja tvö hús fyrir hvert íbúðarhús sem búið var í eftir 1908, samkvæmt ákveðnum takmörkunum þó.

Innan Hornstrandafriðlands gildir auglýsing nr. 332/1985, en þar kemur m.a. fram að mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi (innan netlaga) sé háð leyfi Náttúruverndarstofnunar. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á því að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá.

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd.

## 8.4.2 Markmið og stefna – Frístundabyggð

### Markmið

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Boðið verði upp á fjölbreytt svæði fyrir frístundabyggð á afmörkuðum svæðum í dreifbýli.
- ◆ Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu.
- ◆ Uppbygging frístundahúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka göngu- og reiðleiðum

### Útfærsla stefnu


Stefna um frístundabyggð og byggð í dreifbýli verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á skilgreindu landbúnaðarsvæði á hverri jörð ef aðstæður leyfa en hlífa skal góðu ræktarlandi. Þau svæði sem ætluð eru undir fleiri en þrjú frístundahús á landbúnaðarsvæðum má sjá í skilmálatöflu í kafla 15.10 og á meðfylgjandi skipulagsuppdraetti.
- ◆ Frístundabyggð skal vera í sátt við nærliggjandi landnotkun.
- ◆ Áhersla er lögð á að afmörkun lóða og skipulag hverfis hindri ekki gott aðgengi að náttúru. Við byggingu frístundahúsa skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í skilmálatöflu í kafla --. Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga, útivistarsvæði og fleira þess háttar.
- ◆ Við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa vegna nýrra bygginga eða framkvæmda skal þess gætt að vel sé vandað til mannvirkjagerðar og umhverfismótunar. Staðinn verður vörður um byggingararf svæðisins og tekið tillit til hans við mannvirkjagerð. Draga ber fram sérstöðu svæðisins í landslagi, sögu og menningu við umhverfismótun og mannvirkjagerð.

- ◆ Útlit frístundahúsa skal taka mið af umhverfinu, þ.e. náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi, þannig að sérstaða svæðisins skerðist ekki. Er þar átt við stærðarhlutföll, form og efnisnotkun sem og staðsetningu.
- ◆ Norðan Djúps og á hverfisvernduðum svæðum H1-H4 er takmarkaðri heimild til uppbyggingar. Stefnan er óbreytt frá fyrra aðalskipulagi en hún byggir á greiningu sem gerð var á mismunandi valkostum til uppbyggingar frístundahúsa á fyrrnefndum svæðum. Niðurstaða greiningarinnar var sú að uppbyggingin skyldi miðast við fyrri búsetu og sögu svæðisins. Ákvæðin eru í anda sjálfbærrar þróunar og áhersla er lögð á það að forðast að ráðstafa auðlindum svæðisins á skömmum tíma með tilheyrandi skerðingu fyrir komandi kynslóðir. Reynt er að koma til móts við óskir landeigenda og ferðaþjónustu um nýtingu án þess að skerða náttúruleg gæði umfram það sem gert var á meðan viðkomandi svæði voru í byggð.

Í Hornstrandafriðlandi má endurbyggja má öll íbúðarhús, þjónustuhús og önnur hús, sem búið var í eða voru í notkun eftir 1908. Á hverfisverndarsvæðum H18 og H1-H5 má byggja tvö hús fyrir hvert íbúðarhús sem búið var í eftir 1908. Frekari takmarkanir eru settar í skipulagsákvæðum í kafla 15.

- ◆ Haga skal uppbyggingu frístundabyggðar í samræmi við ofanflóðahættu og hættumat þar sem það liggur fyrir. Nánar er fjallað um ofanflóð í kafla um náttúruvá.
- ◆ Frístundabyggð skal skipulögð með tilliti til hættu af völdum gróðurelda. Huga skal að forvörnum vegna gróðurelda, svo sem með flóttaleiðum og varnarlínnum.



Mynd Ljósmynd

**Helstu stefnubreytingar**

Uppfært síðar

**Umhverfisáhrif stefnu**

Uppfært síðar

## 8.5 MIÐSVÆÐI

Samkvæmt skipulagslögum er miðsvæði ætlað fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi. Alla þessa starfsemi má finna á miðbæjarsvæði þéttbýlisins á Ísafirði en starfsemi í öðrum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins er ekki eins fjölbreytt sökum smæðar.



Mynd Ljósmynd

### 8.5.1 Forsendur

#### Fyrirliggjandi stefna um miðsvæði

##### Landsskipulagsstefna

Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.

Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.

Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

##### Svæðisskipulag Vestfjarða

Efla þéttbýliskjarna með fjölbreyttri uppbyggingu og styrkja samkeppnishæfni byggðanna.

Uppbygging verði í góðum tengslum við eldri byggð og staðbundin sérkenni, þar sem nýjar byggingar og þróunarsvæði styðja við bæjarmynd og félagslega innviði.

Þéttbýlisskipulag stuðli að því að dagleg þjónusta sé í innan við 15 mínútna fjarlægð fyrir sem flesta íbúa.

Endurnýja og þétta byggð í eldri hverfum til að stuðla að betri landnýtingu og hagkvæmri uppbyggingu innviða.

Draga úr ferðaþörf með því að skipulag byggðar styðji við daglegt líf íbúa og auðveldi val á vistvænum samgöngum

#### Einkenni miðsvæða í Ísafjarðarbæ

Í þéttbýliskjörnunum Ísafjarðarbæjar er fjöldi gamalla húsa og eiga þeir það sameiginlegt að geyma menningarsögu svæðisins og hluta af menningarsögu þjóðarinnar. Þeir hafa þó þróast með mismunandi hætti og hefur hver þeirra sín sérkenni.

Vistlegur miðbær er mikilvægur fyrir samfélagið í heild. Hann getur haft áhrif á það að íbúar velji að búa í sveitarfélaginu og styrkir þannig samkeppnisstöðu þess. Einn af grundvallarþáttum öflugs miðbæjar er að þar sé dagleg þjónusta sem íbúar sækja en auk þess að svæðið sé aðlaðandi þannig að þangað leiti íbúar og gestir án þess að eiga brýnt erindi.

Á síðustu árum hefur staðbundin verslun dregist saman á heimsvísu og færast í auknum mæli á netið. Sömu þróun má sjá á Ísafirði. Til viðbótar má nefna að þjónusta í þéttbýliskjörnum utan Ísafjarðar minnkaði með tilkomu jarðganga árið 1995.

Á Ísafirði varð snemma til sterkur miðbær sem enn í dag heldur sínum sterku sérkennum og yfirbragði. Miðbærinn er vel skilgreindur með Silfurtorg sem þungamiðju. Eins og fram kom í kafla 8.1. hefur miðbær Ísafjarðar sögulegt gildi á landsvísu og nýtur hluti hans verndar skv. lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016. Miðbærir í öðrum byggðakjörnum hafa hins vegar ekki eins skýra skilgreiningu.

Ísafjarðarbær og Vestfjarðastofa unnu fyrir nokkrum misserum að verkefninu Nýsköpunarbærinn Ísafjörður. Tilgangur verkefnisins var að efla Ísafjörð sem nýsköpunarbæ og ýta undir og efla hugarfar nýsköpunar á svæðinu. Einnig miðaði verkefnið að því að efla miðbæinn og tengja hann við hafnarsvæðið en um það fer fjöldi ferðamanna á háannatíma skemmtiferðaskipa. Ein af afurðum verkefnisins eru hugmyndir íbúa um hvernig efla megi miðbæ Ísafjarðar.

Unnið er að deiliskipulagi á miðsvæði Ísafjarðar, m.a. með það að markmiði að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu en einnig að bæta ásjón og auka umferðaröryggi.

### 8.5.2 Markmið og stefna - Miðsvæði

---

#### Markmið

- ◆ Lögð verði áhersla á eflingu miðbæja eða miðsvæða þannig að sérkenni hvers byggðakjarna fái að njóta sín. Svæðin verði gerð aðlaðandi með verndun gamalla húsa og annarra einkenna, sem og snyrtilegu umhverfi. Ísafjarðarbær myndi fimm aðlaðandi byggðakjarna - Hina fögru fimm - þar sem Ísafjarðarbær verði þekktur sem gamli bærinn á Íslandi.
- ◆ Á miðsvæðum geti þrífist fjölbreytt starfsemi sem mæti þörfum íbúa og skapar líflegan miðbæ.
- ◆ Góð tenging verði á milli miðsvæða og náttúru, þ.m.t. fjöru og hafnarsvæða.

#### Útfærsla stefnu

Stefna um miðsvæði verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Í aðalskipulaginu teygja miðsvæði sig yfir nokkuð stóran hluta af þéttbýli í byggðakjörnum sveitarfélagsins. Það er í samræmi við þróun þéttbýlisins sem einkennst hefur af fjölbreyttri starfsemi. Almenn þjónusta skal að mestu leyti vera innan miðsvæða. Þannig er haldið í þetta gamla mynstur og miðsvæðin verða áfram samkomustaður fólks og traustur grunnur fyrir þjónustu, verslun, mannlíf og aðra menningu. Áhersla er lögð á öflugna og líflega miðbæi með sterk tengsl við sögulegt umhverfi. Mikilvægt er að sérkenni byggðar fái notið sín og að þar dafni fjölbreytt starfsemi og búseta.
- ◆ Gert er ráð fyrir frekari þéttingu byggðar á miðsvæðum. Með þéttingu getur einnig skapast tækifæri til að bæta ásýnd. Með nýbyggingum á illa

nýttum svæðum við Pollgötu á miðsvæði Ísafjarðar er brugðist við aukinni eftirspurn íbúðarlóða auk þess sem bæta á ásýnd svæðisins. Á miðsvæði hvers þéttbýliskjarna eru skilgreind hverfisverndarsvæði. Markmið hverfisverndarsvæðanna er að vernda miðsvæðin, bæði einstakar byggingar og yfirbragð þeirra og þannig viðhalda og skapa aðlaðandi umhverfi. Fjallað er um hverfisverndarsvæðin í kafla 8.1.

- ◆ Leggja skal áherslu á umferðaröryggi og aukið göngu- og hjólahæfi byggðarinnar. Hafnir hafa í gegnum tíðina sett mikinn svip á mannlíf og yfirbragð bæjanna og mikilvægt er að svo verði áfram. Því er lögð áhersla á það að tengja miðbæina við hafnarsvæði og sögustaði, m.a. með göngu- og hjólréiðastígum að sjó og fjöru, útsýnisstöðum og tengingum við græn svæði. Byggð og umferðarleiðir ber að verja fyrir ágangi sjávar.
- ◆ Aðalskipulaginu er ætlað að tryggja bæði markvissa og frjálsa umferð um miðsvæðin en öflugur miðbær krefst hvoru tveggja. Markviss umferð myndast þar sem almennt þjónusta sem allir þurfa að sækja er til staðar. Mikilvægt er að hún sé í miðbænum en ekki dreifð yfir stórt svæði. Aðlaðandi miðbær gerir það að verkum að fólk velur að fara þar um, þar myndast frjáls umferð. Frjáls umferð getur verið þegar fólk velur frekar að ganga um svæðið, á leið sinni eitthvert annað, af því svæðið er meira aðlaðandi. Frjáls umferð er líka þegar fólk velur að fara um eða dvelja á svæðinu án þess að eiga annað erindi. Það er því mikilvægt að miðbærinn sé bæði aðlaðandi og að þar sé sem mest af þjónustunni í bænum. Til að ná þessu markmið er lögð áhersla á það að inngangar snúi að götu og að gluggar í atvinnuhúsnæði á jarðhæð séu gegnsærir.

#### Helstu stefnubreytingar

Uppfært síðar

#### Umhverfisáhrif stefnu

Uppfært síðar

### 8.6 GÆÐI BYGGÐAR

Skipulag byggðar getur haft bein áhrif á lýðheilsu og vellíðan. Nefna má þætti eins og gæði hins byggða umhverfis og tækifæri til útiveru og hreyfingar í daglegu lífi. Í þessum kafla er fjallað um birtu, fagurfræði, hljóðvist, myrkurgæði og loftgæði. Í kafla 11 ef fjallað um útivist, íþróttir og opin svæði og í kafla 13.1 um göngu- og hjólaleiðir.

#### 8.6.1 Forsendur

##### Fyrirliggjandi stefna um gæði byggðar

###### *Landsskipulagsstefna*

Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.

Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.

###### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Draga úr ferðaþörf með því að skipulag byggðar styðji við daglegt líf íbúa og auðveldi val á vistvænum samgöngum.

Þéttbýlisskipulag stuðli að því að dagleg þjónusta sé í innan við 15 mínútna fjarlægð fyrir sem flesta íbúa.

Draga úr ferðaþörf með því að skipulag byggðar styðji við daglegt líf íbúa og auðveldi val á vistvænum samgöngum.

<sup>48</sup> Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Skipulagsstofnun (2023).

### Birta og skuggavarp

Dagsljós í byggingum og við byggingar er nauðsynlegt fyrir gróður, manneskjur og dýr. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er ákvæði um að taka beri tillit til skuggavarfs og veðuraðstæðna við ákvarðanir um fjarlægð milli byggingareita. Unnið er að breytingu á byggingarreglugerð þar sem ljósvist verður innleidd í reglugerðina.

#### Gróður, skali og fagurfræði

Gróður, skali mannvirkja og fagurfræði hins manngerða umhverfis eru mikilvægir þættir sem hafa áhrif á lýðheilsu og vellíðan íbúa.<sup>48</sup> Takmarkað er fjallað um þessa þætti í lögum og reglugerðum og við skipulagsgerð fá þeir takmarkaða athygli við rýni og umsagnir fagstofnana.

#### Hljóðvist

Við skipulagsgerð skal hljóðstig vegna umferðar ökutækja, flugumferðar og atvinnustarfsemi vera undir skilgreindum mörkum í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Skv. reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005 skal sveitarstjórn gera hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði en veghaldarar og rekstraraðilar flugvalla fyrir stóra vegi og flugvelli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að aðgerðaáætlun sé gerð til að draga úr áhrifum hávaða, þar sem það á við. Reglugerðin kveður einnig á um það að skipulagsáætlanir séu í samræmi við niðurstöður hávaðakortlagningar.

#### Myrkurgæði

Myrkrið er manningum mikilvægt ekki síður en dagsbirtan. Í myrkriinu felast ákveðin gæði sem ættu að vera sjálfsagður þáttur náttúruverndar og líta ber á náttúrulegt myrkur sem umhverfisþátt sem bæði menn og dýr eigi að geta notið.<sup>49</sup> Þegar talað er um ljósmengun er átt við óheppileg hliðaráhrif sem gjarnan fylgja manngerðri lýsingu. Þá er lýsing notuð á rangan hátt, hún of

<sup>49</sup> Umhverfisráðuneytið (2013).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

mikil eða óþörf. LjósMengun myndast þannig þegar birtan dreifist umfram það sem óskað er eftir. Oft er hægt að greina ljósmengunina yfir þéttbýli sem birtuhjúp.

### Loftgæði

Í gildi er *Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029*<sup>50</sup> og er meginmarkmið hennar að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Í áætluninni koma fram mælanleg markmið, upplýsingar um loftgæði og tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun til að bæta loftgæði. Umhverfis- og orkustofnun fylgist með loftgæðum á öllu landinu með mælingum á stærstu þéttbýlisstöðum og stóriðnaðarsvæðum.<sup>51</sup> Mældur er styrkur helstu mengunarefna í lofti, svo sem svifryks, brennisteinsdíoxíðs, brennisteinsvetnis og köfnunarefnisdíoxíðs.

Skemmtiferðaskip sem leggjast við höfn í sveitarfélaginu valda loftmengun, m.a. svifryksmengun og einnig berast frá þeim nitroxíðsambönd sem teljast til gróðurhúsalofttegundar. Strangari alþjóðlegir samningar um loftmengun frá skipum og bættar mengunarvarnir hafa leitt til minni mengunar en áður.<sup>52</sup>

### 8.6.2 Markmið og stefna – Gæði byggðar

#### Markmið

- ♦ Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks og heilnæmi umhverfis með auknum gæðum byggðar og bættum búsetuskilyrðum.
- ♦ Tekið verði tillit til hljóðvistar, birtu, skuggavarps, myrkurgæða í öllu skipulagi.

<sup>50</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2017).

<sup>51</sup> Umhverfis- og orkustofnun (2024).

<sup>52</sup> Hafnir Ísafjarðarbæjar (2025).

- ♦ Dregið verði úr loftmengun frá skemmtiferðaskipum.

#### Útfærsla stefnu

Stefna um gæði byggðar verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ♦ Við skipulagsgerð skal stuðla að auknum gæðum byggðar þannig að íbúar Ísafjarðarbæjar eigi kost á því að búa við heilnæmt umhverfi. Við deiliskipulagsgerð skal, þar sem það á við, huga að ljósvist og gróðri. Einnig skal horfa til skala mannvirkja og fagurfræði hins manngerða umhverfis.
- ♦ Í deiliskipulagi skulu fjarlægðir milli byggingarreita taka mið af skuggavarpi og veðurfarslegum aðstæðum.
- ♦ Gera skal hávaðakort við deiliskipulagsgerð þar sem það nýtist við ákvarðanatöku.
- ♦ Lýsingu skal nálgast á heildrænan hátt þar sem velferð íbúa er sett í forgrunn. Lýsing skal vera í samhengi við umhverfi sitt og huga skal að næturásýnd sveitarfélagsins. Það á einnig við um ljósaskilti og sambærilega ljósgjafa. Í dreifbýli, einkum á náttúrusvæðum, er mælt til þess að myrkursvæði verði varðveitt eins og kostur er, um leið og öryggi vegfarenda er tryggt með ákjósanlegri lýsingu. Lýsing fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í þéttbýli skal vera að minnsta kosti jafnmikil eða meiri en á aðliggjandi samsíða vegum.
- ♦ Ísafjarðarbær hefur sett fram stefnu og aðgerðaráætlun um móttöku skemmtiferðaskipa við hafnir bæjarins.<sup>53</sup> Þar er meðal annars kveðið á

<sup>53</sup> Ísafjarðarbær (2024).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

um hámarksfarþegafjölda en auk þess verða teknir upp fjárhagslegir umhverfishvatar til að draga úr mengun.

### ***Helstu stefnubreytingar***

Mörkuð er sérstök stefna um gæði byggðar en slík stefna var ekki í fyrra aðalskipulagi.

### ***Umhverfisáhrif stefnu***

Uppfært síðar

DRÖG

## 9 ATVINNA

Í þessum kafla er fjallað um atvinnumál, þróunarmöguleika atvinnulífs og landnýtingu tengda atvinnusvæðum í þéttbýli og dreifbýli.

### 9.1 ATVINNUÞRÓUN

Hér er fjallað almennt um atvinnuþróun í Ísafjarðarbæ. Nánar er fjallað um einstakar atvinnugreinar í köflum 9.2-9.9.

#### 9.1.1 Forsendur

##### Fyrirliggjandi stefna um atvinnuþróun

###### *Landsskipulagsstefna*

Stefnunni er ætlað að stuðla að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efli atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljósið í skipulagi sem miðar að því að auka til muna bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

###### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Leiðarljós – atvinna og nýsköpun: Auðlindir lands og sjávar eru grunnstoðir atvinnulífs og nýsköpunar á Vestfjörðum þar sem útflutningsdrifið hagkerfi hefur einkum byggt á frumframleiðslu. Aukin fjölbreytni í atvinnulífi, með áherslu á nýsköpun, er lykillinn að því að tryggja svæðinu sjálfbæran vöxt og viðnámsþrótt.

Markmið

- Auka samstarf og samhljóm milli hagaðila
- Efla þjónustu og innviði sveitarfélaga
- Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda
- Efla bláa hagkerfið sem grunn sjálfbærs atvinnulífs
- Sterkt atvinnulíf sem byggir á fjölbreytni og seiglu
- Nýsköpunarhugsun, vaxtarhugarfar og jákvætt viðmót gagnvart nýjum hugmyndum sem hluti af menningu sveitarfélaga og atvinnulífs.

##### Staða og þróun

Samdráttur í efnahagslífi og fólksfækkun einkenndu Vestfirði í lok síðustu aldar og fyrsta hluta 21. aldar. Slakir innviðir í samanburði við aðra landshluta settu mark sitt á atvinnuþróunina. Síðustu ár hefur verið unnið markvisst að uppbyggingu innviða og hefur samkeppnishæfni Vestfjarða batnað þó enn séu uppi stórar áskoranir, m.a. í orkumálum og samgöngum. Frá árinu 2017 hefur orðið viðsnúningur í fjórðungnum; íbúum hefur fjölgað og atvinnulífið eflst.

Atvinnulíf Vestfjarða byggir í grunninn á aðgangi að gjöfulum náttúruauðlindum og er bláa hagkerfið þar burðarásinn. Fiskveiðar og -vinnsla eru enn kjarnagreinar ásamt opinberum störfum en hlutur fiskeldis hefur vaxið ört. Sjávarútvegur, þ.e. veiðar og vinnsla, er hlutfallslega mikilvægari á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum þegar horft er til hlutdeildar atvinnugreina í atvinnutekjum.<sup>54</sup>

Ferðamönnum hefur fjölgað umtalsvert í Ísafjarðarbæ á skipulagstímabilinu, m.a. með komum skemmtiferðaskipa. Vestfirðir eru þó sá landshluti sem mælist með minnsta hlutdeild í ferðaþjónustu hvað varðar fjölda fyrirtækja og stöðugilda.<sup>55</sup>

<sup>54</sup> Byggðstofnun (2025a)

<sup>55</sup> Byggðastofnun (2025b)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Fyrirtækjum í nýsköpun hefur fjölgað og er líftæknifyrirtækið Kerecis nú einn af fjölmennustu vinnustöðum á Ísafirði. Staðbundið háskólanám og háskólasamfélag á Ísafirði hefur vaxið undanfarin ár og er uppbygging í tengslum við það, m.a. afleidd störf. Landbúnaður hefur áfram dregist saman.

Heilt yfir má sjá jákvæða atvinnuþróun síðustu ára í sveitarfélaginu.<sup>56</sup> Atvinnutekjur í fjórðungnum hafa aukist og fyrirtækjum fjölgað. Færri búa aðeins yfir grunnmenntun og fleiri yfir háskólamenntun. Bent hefur þó verið á að þörf sé á fleiri tækifærum fyrir menntað fólk á Vestfjörðum. Í *Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024* er m.a. markmiðið að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki og auka þannig verðmætasköpun í landshlutanum.<sup>41</sup>

Atvinnulífið er útflutningsdrifið og gott umhverfi er til nýsköpunar með öflugu hugviti heimafólks og stuttum boðleiðum. Möguleikar til fullvinnslu náttúruafurða, sér í lagi úr sjó, eru miklir og tækifæri fólgin í aukinni sjálfbærni hagsun með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi. Háhraðanettenging og fjarfundabúnaður gera fólki kleift að sinna vinnu án þess að búa nærri vinnustaðnum.

Ísafjarðarbæjar (sunnan Djúps), Bolungarvíkurkaupstaður og ytri hluti Súðavíkurhrepps flokkast sem eitt vinnusóknarsvæði.<sup>57</sup> Almennt hefur stytting ferðatíma, vegstyttingar og aðrar samgöngubætur áhrif á vinnu- og þjónustusókn og þar með á búsetuskilyrði.

Í sóknaráætlun Vestfjarða kemur m.a. fram að einn af styrkleikum svæðisins er hátt atvinnustig en samgöngur séu veikleiki, tækifæri felast m.a. í styrkingu innviða svo sem samgöngu- og raforkukerfis.

Sveitarfélög á Vestfjörðum leggja áherslu á að gera Vestfirði að áhugaverðum stað fyrir nýsköpun, atvinnuuppbyggingu og fjölbreytni starfa.

Í næstu köflum er fjallað um mismunandi atvinnugreinar m.t.t. landnotkunar. Í gögnum Hagstofunnar liggja ekki fyrir upplýsingar um

umfang einstakra atvinnugreina eftir sveitarfélögum, svo sem tekjur og fjöldi starfa.

### 9.1.2 Markmið og stefna – Atvinnuþróun

#### Markmið

- ♦ Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda
- ♦ Atvinnulíf geti byggt ímynd sína á hreinleika náttúrunnar
- ♦ Stuðlað verði að fjölbreyttu atvinnulífi
- ♦ Efla bláa hagkerfið sem grunn sjálfbærs atvinnulífs

#### Útfærsla stefnu

Stefna um atvinnuþróun verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ♦ Lögð er áhersla á það að sjálfbær þróun og sameiginlegir hagsmunir svæðisins í heild ráði ferðinni við ákvarðanir um staðsetningu, stærð og umfang framkvæmda tengdum atvinnulífi.
- ♦ Ímynd sveitarfélagsins getur haft afgerandi áhrif á atvinnuþróun. Leggja skal áherslu á að viðhalda og bæta þá ímynd sveitarfélagsins sem kennd er við hreinleika og tengslin við náttúru. Einnig skal viðhalda og ýta undir ímynd bæjarins sem sögu- og menningarbæjar og mennta- og þekkingarbæjar.
- ♦ Skapa þarf atvinnuvegum nægt rými til þróunar og vanda val á plássfrekum atvinnurekstri þannig að tryggt verði að framtíðarnýting svæðisins verði sem best. Stuðla skal að vönduðum frágangi allra atvinnulöða, gæta þess að ásýnd atvinnusvæða verði í sátt við umhverfið

<sup>56</sup> Vestfjarðastofa (2025b)

<sup>57</sup> Byggðstofnun (2021)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

og tillit verði tekið til stærðarhlutfalla bygginga og götummynda þar sem það á við. Horfa ber til langs tíma við ákvarðanatöku í skipulagi og huga sérstaklega að afturkræfni framkvæmda og aðgerða.

- ♦ Áhersla skal lögð á fjölbreytt atvinnutækifæri í sem flestum greinum, svo störf verði í boði fyrir sem flesta, óháð kyni, aldri eða öðrum þjóðfélagshópum. Fjölbreytt atvinnulíf getur kallað leitt til árekstra mismunandi greina. Samvinna hagsmunaaðila og upplýst umræða eru lykilatriði til eflingar atvinnulífsins.
- ♦ Mikilvægt er að stuðla að nýsköpun og þróun í atvinnulífinu. Leita skal leiða til að virkja frumkvöðlakraftinn með markvissum stuðningi. Ívilnanir sem höfða til fólks og fyrirtækja, geta verið grundvallarforsenda þess að nýsköpunarfyrirtæki komist á legg. Allir þéttbýliskjarnar Ísafjarðarbæjar eiga sér sterka sögu og sérstöðu. Allir kjarnarnir einkennast af frumkvæði og einkaframtaki sem hafa haft áhrif á söguna en á mismunandi hátt. Nýta þarf þær aðstæður, menningu, hefðir, húsnæði og þekkingu sem fyrir er í hverjum þéttbýliskjarna til atvinnusköpunar. Mikilvægt að uppbygging á námi á öllum stigum, þ.m.t. háskólanámi, verknámi og námi í lýðskóla haldi áfram, því það getur verið hvati til nýsköpunar en laðar auk þess að nýja íbúa.
- ♦ Aukin velferð og lífsgæði eru mikilvægir þættir í uppbyggingu öflugs atvinnulífs. Uppbygging og endurbætur á íbúðarsvæðum, opnum svæðum og aðstöðu til útivistar og íþróttar sem og þjónusta og menningarstarf eru dæmi um þetta.
- ♦ Aðalskipulaginu er ætlað að móta umgjörð um öflugt og fjölbreytt atvinnulíf. Mikilvægt er að efla innviði til að svo megi verða. Með innviðum er einkum átt við vegakerfi, flugsamgöngur, sjóflutninga, almenningssamgöngur, afhendingu rafmagns, fjarskipti, veitur, auk fyrirkomulags úrgangsmála. Einnig samfélagslega innviði eins og félagslega þjónustu, heilsugæslu og menntastofnanir. Samgöngur hafa bein áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja, s.s. flutningskostnað,

áreiðanleika og þann tími sem tekur að flytja vörur eða fólk. Góðar samgöngur til nágrannasveitarfélaga stækka atvinnu- og þjónustusvæði fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar og stuðla þannig að öflugra atvinnulífi. Afhendingaröryggi rafmagns og fjarskipti geta einnig haft úrslitaáhrif á það hvort ákveðin atvinnuuppbygging geti átt sér stað.

### **Helstu stefnubreytingar**

Uppfært síðar

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Uppfært síðar

## **9.2 SJÁVARÚTVEGUR**

Hér er fjallað um sjávarútveg í víðu samhengi. Starfsemi tengd sjávarútvegi fer einkum fram á iðnaðar- og athafnasvæðum sem og í minna mæli á miðsvæðum.

### **9.2.1 Forsendur**

### **Fyrirliggjandi stefna um sjávarútveg**

#### *Landsskipulagsstefna*

Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

#### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Markmið

- Efla þjónustu og innviði sveitarfélaga
- Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- Efla bláa hagkerfið sem grunn sjálfbærs atvinnulífs
- Nýsköpunarhugsun, vaxtarhugarfar og jákvætt viðmót gagnvart nýjum hugmyndum sem hluti af menningu sveitarfélaga og atvinnulífs.

### Staða og þróun sjávarútvegs

Fiskveiðar hafa verið undirstaða byggðar á Vestfjörðum frá upphafi búsetu á svæðinu. Nálægð við gjöful fiskimið og verkkunnátta í landi skapaði Vestfjörðum sérstöðu með öflugum sjávarútvegsbyggðum.

Sjókvíaeldi við Vestfirði hefur margfaldast frá gildistöku fyrra aðalskipulags. Ársframleiðsla árið 2010 var riflega 1100 tonn, allt þorskur. Árið 2024 var framleiðslan riflega 28.000 tonn og um 35.700 tonn árið 2023.

Hlutdeild fiskveiða og fiskvinnslu af atvinnutekjum í Ísafjarðarbæ var árið 2023 um 21% á og hlutdeild fiskeldis tæp 3%.<sup>58</sup> Hlutur veiða og vinnslu hefur farið minnkandi síðustu 15 ár en hlutur fiskeldis hefur aukist. Margfeldisáhrif af þessum greinum hafa auk þess verið talsverð í Ísafjarðarbæ.

Talsverðar breytingar hafa orðið síðustu áratugi í sjávarútvegi vegna breytinga í aflaheimildum og aukinnar tæknivæðingar í veiðum og vinnslu. Störf í greininni eru nú færri en áður. Framleiðsla í sjávarútvegi dróst töluvert saman eftir bankahrunið 2008 en hefur náð betra jafnvægi eftir það. Strandveiðar voru heimilaðar árið 2008 og glæddi það lífi í mörg vestfirsk sjávarþorp. Árið 2007 voru miklar aflaheimildir seldar frá Flateyri og skýrir það m.a. samdrátt í lönduðum afla á þessum tíma. Landaður afli í höfnum Ísafjarðarbæjar var heldur meiri árið 2024 en við gildistöku fyrra aðalskipulags (2010). Aflinn var svipaður á tímabilinu 2000-2006 og árin 2013-2021 en heldur minni á tímabilinu 2007-2012 og frá árinu 2022.<sup>59</sup>

Atvinnutækifæri og umfang sjávarútvegs ákvarðast mjög af heimildum til veiða og eldisframleiðslu sem og framleiðsluháttum, tækninýjungum, nýsköpun og markaðsmótun. Fyrir vikið koma fram sveiflur í umsvifum

greinanna og spár og áætlanir um fjölda starfa í sjávarútvegi einkennast af óvissu.

### 9.2.2 Markmið og stefna - Sjávarútvegur

#### Markmið

- ♦ Að öflugur sjávarútvegur þrífist í sveitarfélaginu.
- ♦ Að bjóða upp á góða aðstöðu í landi fyrir sjávarútveg og fiskeldi, svo sem vegna vinnslu afurða og þjónustu tengdri þessari starfsemi.
- ♦ Að sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við ákvarðanir tengdar fiskeldi og sjávarútvegi.

#### Útfærsla stefnu

Stefna um sjávarútveg verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ♦ Hlúð verði að þeirri starfsemi sem fram fer í dag samhliða því að nýta þau sóknarfæri sem gefast. Sjálfbærni og vistkerfisnálgun skal höfð að leiðarljósi til langtíma hagsældar fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þannig verður leitast við að ná jafnvægi með fjölbreyttum samfélagslegum markmiðum.
- ♦ Gert er ráð fyrir að svæðin næst höfninni verði fyrst og fremst ætluð hafnsækinni starfsemi, eins og sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að haga landnotkun þannig að atvinnugreinar styrki hverja aðra og árekstrar á milli þeirra séu í lágmarki.
- ♦ Áfram verði stuðlað að og stutt við uppbyggingu fiskeldis í sjókvíum. Fiskeldi kann að hafa margvísleg áhrif á samfélag og umhverfi, bæði

<sup>58</sup> Byggðstofnun (2026)

<sup>59</sup> Hagstofa Íslands

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

jákvæð og neikvæð. Mikilvægt er því að fiskeldið sé ábyrgt og taki mið af fyrirliggjandi rannsóknum og þeim skorðum sem settar eru vegna umhverfisáhrifa. Þess skal gætt, í samræmi við lög um fiskeldi, að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Ekki er gert ráð fyrir fiskeldi í Jökulfjörðum eða í Hornstrandafriðlandi.

### **Helstu stefnubreytingar**

Uppfært síðar

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Uppfært síðar

## **9.3 LANDBÚNAÐUR**

Landbúnaðarsvæði er fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstri, með áherslu á búfenað, matvæla- og fódurframleiðslu. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir helstu einkennum landbúnaðarsvæða, þ.m.t. ferðaþjónustu og annarri atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum. Fjalla skal um helstu atriði sem varða mannvirkjagerð og gera sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum innan landbúnaðarsvæða. Beitolönd eru skilgreind sem óbyggð svæði en ekki sem sérstök landbúnaðarsvæði í aðalskipulaginu. Í þessum kafla er einnig fjallað um votlendi og skógrækt.

### **9.3.1 Forsendur**

#### **Fyrirliggjandi stefna um landbúnað**

*Landsskipulagsstefna*

Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.

Í skipulagi dreifbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og eykur bindingu kolefnis, svo sem skógrækt, endurheimt votlendis og jarðvegs.

Við skipulagsgerð í dreifbýli verði landi sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar.

*Svæðisskipulag Vestfjarða*

Efla þjónustu og innviði sveitarfélaga

Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda

Nýsköpunarhugsun, vaxtarhugarfar og jákvætt viðmót gagnvart nýjum hugmyndum sem hluti af menningu sveitarfélaga og atvinnulífs.

Vernda líffræðilegan fjölbreytileika og viðkvæm vistkerfi með sérstakri áherslu á sjófuglabyggðir og selalátur, votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi.

Nýta náttúrumiðaðar loftslagslausnir til að styðja við kolefnisbindingu, endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýting. M.a. með verndun og endurheimt votlendis og birkiskóga.

*Land og líf: Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031*

Framtíðarsýn:

Ástand vistkerfa og líffræðileg fjölbreytni þeirra er í samræmi við vistgetu.

Nýting skóga, votlendis og annarra vistkerfa er sjálfbær og þau hafa öflugan viðnámsþrótt gegn náttúrulegum áföllum og öðru raski.

Vistkerfi landsins geyma ríkulegt magn af kolefni í jarðvegi og gróðri og gegna lykilhlutverki í að Ísland bindi meira kolefni en það losar.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Aukin landgæði í skógum og blómlegri vistkerfum styðja við bætt lífsgæði, lýðheilsu og eykur þanþol samfélaga gagnvart umhverfisbreytingum.

Land býr yfir gæðum sem styðja við fjölbreytta atvinnustarfsemi og sjálfbæra þróun byggða um allt land

### Staða og þróun landbúnaðar

Eins og víðast hvar á landinu hefur samdráttur orðið í landbúnaði í Ísafjarðarbæ síðustu áratugi og samfara því hafa jarðir farið í eyði. Á Vestfjörðum hefur kjötframleiðsla almennt dregist saman síðustu ár og mjólkurbúum hefur fækkað.<sup>60</sup> Hlutdeild landbúnaðar og skógræktar af atvinnutekjum í Ísafjarðarbæ var um 0,3% í Ísafjarðarbæ árið 2023.<sup>61</sup> Hlutfallið hefur lítið breyst frá gildistöku fyrra aðalskipulags. Samkvæmt lögbýlaskrá voru 149 lögbýli í sveitarfélaginu árið 2025 og þar af voru 53 eyðibýli.<sup>62</sup>

Sauðfjárrækt er ráðandi framleiðslugrein í landbúnaði í Ísafjarðarbæ. Undanfarna áratugi ár hefur landbúnaður á Íslandi breyst mikið og um leið hafa ólíkar greinar hans þróast, þar á meðal ferðaþjónusta og skógrækt. Þarfir neytenda hafa breyst og eftirspurn er ekki lengur bundin við vörur sem fullnægja frumþörfum neytandans, s.s. kjöt og mjólk. Neytendur vilja kaupa landbúnaðarvörur sem tengjast lífstíl og upplifun. Dæmi um þetta er vistvænn, lífrænn og menningartengdur landbúnaður. Smásala matvæla og ýmis nýting afurða úr héraði hefur almennt aukist á landinu. Með breyttum áherslum í landbúnaði og nýjum landbúnaðarafurðum hefur hugtakið búsetulandslag borið á góma. Landslag felur ekki aðeins í sér náttúrufar, heldur einnig menningarþætti. Búsetulandslag er auðlind til upplifunar sem fræðir um ferla náttúrunnar, menningarsögu og samspil manns og náttúru.

Skógrækt er víða aukabúgrein í sveitarfélaginu og víða má finna æðarvarp, s.s. í Æðey, Önundarfirði og Dýrafirði, þar sem dúntekja er hluti af búrekstri.


Í Æðey er alþjóðlega mikilvægt fuglaverndarsvæði. Á Vestfjörðum er löng hefð fyrir útræði og fiskverkun á sjávarjörðum. Sláturhús er ekki staðsett á Vestfjörðum og fer meginhluti úrvinnslu kjötafurða fram utan svæðisins.

Hugsanlegt er að þörf fyrir hefðbundinn landbúnað á Íslandi aukist í framtíðinni. Til að auka matvælaöryggi þjóðarinnar er mikilvægt að varðveita það land sem best hentar til matvælaframleiðslu. Með hlýnandi veðurfari er líklegt að ræktunarmöguleikar á bújörðum aukist og er þá sérstaklega litið til kornræktar. Einnig má nefna að bændur hafa síðustu ár gripið til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu þeirra.

<sup>60</sup> Byggðastofnun (2024).

<sup>61</sup> Byggðastofnun (2026)

<sup>62</sup> HMS (2026).



Mynd Ljósmynd

## Flokkun landbúnaðarlands

Unnið síðar

## Votlendi og endurheimt votlendis

Votlendi eru mikilvæg búsvæði plantna og dýra. Jarðvegurinn er mjög kolefnaríkur og geymir verulegan hluta af kolefnisforða jarðar ásamt því að

bæta vatnsbúskapinn. Votlendi hafa burði til þess að jafna vatnsrennsli og geta þannig minnkað hættu á flóðum, sveiflum í vatnsrennsli og jarðvegsrofi. Það er því til mikils að vinna að vernda votlendi og endurheimta raskað votlendi sem ekki er verið að nýta, t.d. til landbúnaðarframleiðslu. Á Íslandi teljast mýrar, flóar, vötn og straumvötn m.a. til votlendisgerða.<sup>63</sup> Íslensk stjórnvöld hafa á stefnuskrá sinni að breyta landnotkun og minnka þannig losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis til að bregðast við loftslagsbreytingum, sbr. *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*.<sup>64</sup>

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt allar vistgerðir á landinu og þá hefur Landbúnaðarháskóli Íslands skráð inn nær alla skurði landsins og jarðvegskort. Þessi gögn nýtast til að greina tækifæri til endurheimtar votlendis.

Votlendi er --- % af heildarflatarmáli sveitarfélagsins og er nánast allt með hátt eða mjög hátt verndargildi eða ---%, þar af eru --% með mjög hátt verndargildi.<sup>65</sup> Lítið raskað votlendi sem fellur undir vernd náttúruverndarlaga nr. 60/2013 telur um --- ha ( mynd 8.1).

## Skógrækt

Í nágrenni við þéttbýli í Ísafjarðarbæ eru skógræktarsvæði sem skógræktarfélag hafa ræktað. Einnig hefur verið skógrækt á vegum skógræktarfélaga og einstaklinga, m.a. á Dröngum í Dýrafirði, í Haukadal, á Læk og Bakka í Dýrafirði, á Gerðhömrum, á Núpi, í Alviðru, á Ketilseyri, í Keldudal, á Auðkúlu, á Hrafnseyri, á Kirkjubóli í Kirkjubólsdal og á Sæbóli. Landeigendur 13 jarða eru með samning við Land og skóg um skógrækt og að auki eru 7 jarðir til viðbótar sem voru með samning við forvera Lands og skóga en þar er plöntun í flestum tilvikum lokið. Samtals taka samningarnir til um 1.600 ha skógræktarsvæðis.<sup>66</sup>

Skógrækt leiðir til breytinga á umhverfinu og getur haft áhrif á gróðurfar, landslag, veðurfar, samfélag og svæði sem njóta verndar, t.d. vegna vatns,

<sup>63</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2016)

<sup>64</sup> Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (2024)

<sup>65</sup> Heimild – ef þetta verður með

<sup>66</sup> Land og skógur (2026)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

náttúruvafars eða söguminja. Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 m h.y.s., sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Skógrækt, uppgræðsla lands og ruðningur á náttúrulegum skógi kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum (tilkynningarskyld framkvæmd) samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Nýræktun skóga er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Skv. 18. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019 er felling skóga eða hluta þeirra, óheimil nema með leyfi Skógræktarinnar. Í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 er bent á að land sé takmörkuð auðlind og að landbúnaðarland sem hentar vel til ræktunar matvæla og fóðurs sé verðmætt. Mikilvægt sé að landnotkun í dreifbýli feli í sér vernd góðs ræktarlands sem þarf að geta staðið undir aukinni matvælaframleiðslu til framtíðar á sama tíma og sveitir landsins þurfa að geta vaxið og dafnað.

Skógrækt getur haft margvísleg jákvæð áhrif, m.a. aukið útivistargildi en einnig sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum. Í landsáætlun í skógrækt 2022-2032<sup>67</sup> er sett fram sú framtíðarsýn að aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verði meðal lykilorða þannig að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040.

Vistfræðilega mikilvægir birkiskógar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í Ísafjarðarbæ eru sjálfstærir birkiskógar, alls - ---- ha samkvæmt gögnum Lands og Skóga og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Sumar tegundir, s.s. skógarkerfill og lúpína, geta verið mjög ágengar og rutt náttúrulegum gróðri og vistkerfum úr vegi. Þessar tegundir breyta ásýnd landsins og erfitt getur reynst að halda þeim í skefjum eða uppræta þær.

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

### 9.3.2 Markmið og stefna - Landbúnaður

#### **Markmið**

Stefna um landbúnað verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

<sup>67</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2022)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Að styðja við þann landbúnað sem er til staðar og tryggja möguleika til uppbyggingar.
- ◆ Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði skilgreint sem landbúnaðarsvæði og því ekki ráðstafað í aðra nýtingu.
- ◆ Stefnt verði að sjálfbærum búskap sem miðar að arðbærri framleiðslu sem tekur bæði tillit til umhverfis og dýravelferðar.
- ◆ Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu. Svigrúm verði fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu í dreifbýli.
- ◆ Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð á landbúnaðarsvæðum og afskekktari búsvæðum sem farin eru í eyði.
- ◆ Landbúnaðarnýting og hefðbundin hlunnindanýting skerði ekki önnur gæði svæðisins.
- ◆ Stuðlað verði að verndun og endurheimt votlendis.
- ◆ Sköpuð verði skógarauðlind til útivistar og atvinnusköpunar.
- ◆ Skógrækt skerði ekki önnur náttúruleg gæði eða hafi neikvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar.
- ◆ Framandi ágengum tegundum, eins og skógarkerfli og lúpínu, verði ekki sáð eða plantað utan skrudgarða og útbreiðsla þeirra heft

### Útfærsla stefnu

- ◆ Lögð er áhersla á að það land sem best hentar til matvælaframleiðslu verði fyrst og fremst nýtt til slíkrar framleiðslu. Svæði sem í dag eru nýtt til landbúnaðar eru skilgreind á skipulagsuppdrætti sem

landbúnaðarsvæði sem og þau svæði sem henta vel til landbúnaðar og eru í góðum tengslum við innviði eins og vegasamband og rafveitu. Ekki er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæðum þar sem landbúnaður hefur lagst af og aðgengi er takmarkað.

- ◆ Fyrrum landbúnaðarsvæði eru hverfisvernduð þannig að nýta megja þau til landbúnaðar í framtíðinni. Þróunarmöguleikar svæðisins felast m.a. í nægilegu landrými, hreinleika og lítt snortinni náttúru.
- ◆ Lögð er áhersla á eflingu og þróun landbúnaðar og uppbyggingu stoðgreina hans. Möguleikar til breytinga felast m.a. í framleiðslu og sölu afurða beint til neytenda. Mikilvægt er að tryggja möguleika til úrvinnslu og sölu landbúnaðarafurða heima í héraði.
- ◆ Landeigendur geti áfram nýtt hlunnindi sín, s.s. með beit, útivist, dúntekju, skógrækt, sjósókn og veiðum.
- ◆ Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir að hægt verði að byggja upp og stunda ferðaþjónustu og nýta þannig þá innviði sem eru til staðar. Heimilt að nýta mannvirki og byggingar fyrir ferðaþjónustu, svo sem til gistingar og veitingasölu. Þar er jafnframt rými fyrir takmarkaðan fjölda smærri útleiguhúsa, tjaldsvæði, heimasölu og heimavinnslu.
- ◆ Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á hverri jörð án þess að breyta aðalskipulaginu.
- ◆ Landeigendum er heimilt að virkja bæjarlækinn með smávirkjun. Jarðhitaleit og minni háttar nýting jarðhita er einnig heimil á landbúnaðarsvæðum.
- ◆ Minni háttar mannvirki eru heimil á landbúnaðarsvæðum, svo sem lítil fjarskiptamöstur, litlar vindmyllur og sólarcellur til heimanotkunar. Einnig má byggja minni mannvirki tengd fiskverkun, svo sem hjalla.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Á skipulagstímabilinu verður framkvæmd nánari greining á umfangi framræsts lands og tækifærum til endurheimtar votlendis.
- ◆ Skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum. Skógrækt til útivistar er einnig heimil á opnum svæðum. Sett eru sérstök ákvæði um skógrækt á hverfisverndarsvæðum í dreifbýli. Innan skógræktar- og landgræðslusvæða gilda sömu heimildir og á landbúnaðarsvæðum um mannvirkjagerð.
- ◆ Hefta skal útbreiðslu og fara varlega með framandi og ágengar tegundir innan sveitarfélagsins, s.s. skógarkerfil og lúpínu.
- ◆ Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í skilmálatöflum fyrir landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði.

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

### *Helstu stefnubreytingar*

Uppfært síðar

### *Umhverfisáhrif stefnu*

Uppfært síðar

## 9.4 FERÐAÞJÓNUSTA

Afbreytingar- og ferðamannasvæði taka m.a. til svæða eins og tjaldstæða og uppbyggðra ferðamannastaða. Ferðaþjónusta fer einnig fram innan annarra landnotkunarflokka, svo sem opinna svæða, verslunar og þjónustusvæðis og miðsvæðis.

### 9.4.1 Forsendur

#### Fyrirliggjandi stefna um ferðaþjónustu

##### Landsskipulagsstefna

Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

##### Svæðisskipulag Vestfjarða

Efla þjónustu og innviði sveitarfélaga

Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda

Nýsköpunarhugsun, vaxtarhugarfar og jákvætt viðmót gagnvart nýjum hugmyndum sem hluti af menningu sveitarfélaga og atvinnulífs.

Stofna og efla friðlýst svæði sem styrkja náttúruvernd, efla ferðaþjónustu og stuðla að jákvæðri byggðapróun.

##### Landsáætlun um innviði

Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 fjallar um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Í áætluninni er lögð áhersla á að sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi hvert ferðamönnum sé beint. Er þá horft til náttúrufrýrbrigða og menningarsögulegra minja sem og mismunandi hópa ferðamanna.

##### Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Sameiginleg sýn vestfirskrar ferðaþjónustu er að Vestfirðir verði sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Ferðamannaleiðin Vestfjarðaleiðin byggist upp samhliða þróun í afbreytingu sem byggir á sérkennum svæðisins, ægifagurrar náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring.

Meginmarkmið áætlunarinnar með sjálfbærni að leiðarljósi:

- Uppbygging gæðaáfangastaða
- Öflugt samstarf hagaðila sem leggur grunn að gæða ferðaþjónustu
- Samstaða um umhverfi og samfélag
- Bættar samgöngur
- Viðhald sérkennis svæðis og náttúru
- Heilsársferðaþjónusta
- Þróun afbreytingar sem byggir á sérstöðu náttúrunnar
- Rannsóknir, þróun og nýsköpun

##### Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030

Framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu er að íslensk ferðaþjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun á grunni jafnvægis á milli efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta. Rekin verði arðsöm og samkeppnishæf ferðaþjónusta sem starfi í sátt við bæði land og þjóð. Ferðaþjónustan stuðli að bættum lífskjörum og hagsæld á Íslandi og verði ein af grundvallarstöðum íslensks efnahagslífs. Meginundirstöður við framkvæmd ferðamálastefnu eru þekking, samhæfing, samgöngur og gæði.

#### Staða og þróun ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein á Íslandi sem hefur vaxið hvað mest á undanförunum árum. Fjöldi erlendra ferðamanna hefur tæplega fimmfaldast á síðustu 15 árum og gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun þeirra næstu

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

árin<sup>68</sup>. Dregið hefur úr árstíðasveiflu í komu ferðamanna til landsins þó enn sé hún töluverð, einkum utan suðvesturhornsins.

Ferðapjónusta er afar mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og ein hagkvæmasta leiðin til að fjölga störfum og auka efnahagsvöxt, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem samdráttur hefur verið í öðrum greinum.<sup>69</sup> Ferðapjónusta getur aukið eftirspurn eftir þekkingu sem leiðir af sér betur launuð störf. Hún hefur einnig oft jákvæð áhrif á menningarlíf, afþreyingu, þjónustu og manngert umhverfi. Fjölgun ferðamanna fylgir jafnan aukið álag á samfélag og náttúru og þar með eykst þörfin fyrir að draga úr þeim áhrifum.

Ferðamönnum á Vestfjörðum hefur fjölgað líkt og á landsvísu. Hlutdeild verslunar og þjónustu í atvinnutekjum í Ísafjarðarbæ var 3,2% árið 2023 og hafði meira en tvöfaldast frá gildistöku fyrra aðalskipulags árið 2010. Markaðshlutdeild Vestfjarða í ferðapjónustu er minni en á mörgum öðrum landsvæðum en miklir möguleikar eru til sóknar.<sup>70</sup>

Á Vestfjörðum hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu ferðapjónustu og samfara því hefur atvinnugreinin eflst. Ein helsta áskorun í ferðapjónustu á Vestfjörðum er, og hefur um langan tíma verið, samgöngur. Önnur stór áskorun er árstíðarsveifla innan greinarinnar. Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á lengingu ferðamannatímabilsins.

Almennt hefur gróska einkennt ferðapjónustu á svæðinu samhliða auknum fjölda ferðamanna. Á Ísafirði setja komur skemmtiferðaskipa mark sitt á bæjarbraginn og þjónustustigið. Þetta á einnig við um aðra þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu. Af einstökum stöðum koma flestir ferðamenn til Ísafjarðar og munar þar mest um farþega skemmtiferðaskipa. Árið 2025 heimsóttu 188 skemmtiferðaskip Ísafjarðarbæ og með þeim um 250.000 farþegar. Til samanburðar var fjöldi skipa 27 árið 2009.<sup>71</sup> Hafnir Ísafjarðarbæjar hafa undanfarin misseri byggt upp aðstöðu fyrir gesti skemmtiferðaskipa við Sundabakka.

<sup>68</sup> Ferðamálastofa (2025)

<sup>69</sup> Ferðamálastofa (2008)

<sup>70</sup> Byggðastofnun (2026)

Margs konar þjónusta og afþreying er til staðar fyrir ferðamenn í Ísafjarðarbæ. Tjaldsvæði eru í öllum þéttbýliskjörnum Ísafjarðarbæjar, nema í Hnífsdal. Einkaaðilar hafa víða komið upp tjaldsvæðum í tengslum við ferðapjónustu. Utan þéttbýlis er Dynjandi fjölsóttasti ferðamannastaðurinn.

Nú er unnið að heilsárshringvegi um Vestfirði. Með tilkomu hans og samfara almenntri eflingu ferðapjónustufyrirtækja með aukinni afþreyingu og vörubrúun eru horfur taldar bjartar.

Við stefnumótun í ferðapjónustu á Vestfjörðum hefur verið litið svo á að sérstaða svæðisins felist í nálægð við einstaka náttúru, einstakri friðsæld og öðruvísi upplifun. Kannanir sýna að náttúran er helsta aðdráttarafl svæðisins, einkum á meðal erlendra ferðamanna. Ferðamennirnir eru náttúruunnendur sem sækja í frið og ró og eru meðvitaðir um umhverfið. Slíkir ferðamenn krefjast almennt minni þjónustu og afþreyingar en sækja í að upplifa hið „ósnerta“ eða óhefðbundna. Dæmi um þetta er svæðið norðan Djúps, þ.e. Hornstrandafriðland og Jökulfirðir, sem og skaginn á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Samkvæmt áfangastaðaáætlun Vestfjarða<sup>72</sup> er landshlutamiðstöð upplýsingamiðstöðva á Vestfjörðum. Í aðgerðaráætlun<sup>73</sup> áætlunarinnar fyrir árið 2024 eru áhersluatriði eftirfarandi:

- Uppbygging, efling og þróun heilsársferðapjónustu í tengslum við opnun Vestfjarðaleiðarinnar
- Kortlagning göngu- og hjólaleiða
- Kortlagning, miðlun og uppbygging áningarstaða
- Kortlagning fuglaskoðunarstaða
- Unninn rammi um stjórnun, stýringu og aðgengi skemmtiferðaskipa
- Efling og þróun vetrarferðamennsku

<sup>71</sup> Ísafjarðarhöfn (2026)

<sup>72</sup> Vestfjarðastofa (2018)

<sup>73</sup> Vestfjarðastofa (2024)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Uppbyggingarverkefni eru skilgreind á eftirfarandi stöðum í Ísafjarðarbæ: Dynjandi, hafnir í Ísafjarðarbæ, Hornstrandir og Jökulfirðir, útivistarsvæði í Tungudal, sólsetrið á Þingeyri, víkingasvæðið á Þingeyri, útsýnispallur á sjóvarnargarði á Flateyri, Sjósondaðstaða í Önundarfirði, skorsteinn á Hvilftarströnd, Staðardalur við Súgandafjörð, Lónið á Suðureyri, Kláfur á Ísafirði, Skrudur í Dýrafirði, Listaverk og útsýnispallur í Seljalandsdal, Neðstikaupstaður og Hrafnseyri.

### 9.4.2 Markmið og stefna – Afþreyingar- og ferðaþjónusta

#### Markmið

- ◆ Aðalskipulagið leggi grunn að öflugri og sjálfbærri ferðaþjónustu, þ.e. ferðaþjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.
- ◆ Tekið verði tillit til þarfa ferðaþjónustunnar við uppbyggingu innviða og ákvarðana um þjónustu.
- ◆ Markvisst verði byggðir upp áhugaverðir staðir sem laða að ferðamenn.
- ◆ Ferðaþjónustan eflist sem heilsársatvinnugrein.
- ◆ Tekið verði tillit til þarfa ferðaþjónustunnar og öryggis ferðamanna við uppbyggingu innviða og ákvarðana um þjónustu.

#### Útfærsla stefnu

Stefna um afþreyingar- og ferðaþjónustu verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Aðalskipulagið skapar grunn til uppbyggingar fjölbreyttrar ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Uppbyggingin skal vera í takti við áfangastaðaáætlun fyrir Vestfirði en inntakið í þeirri áætlun er að Vestfirðir verði gæðaáfangastaður þar sem ferðamenn geti notið sérkenna svæðisins. Uppbygging ferðaþjónustustaða skal stuðla að varðveislu náttúrulegra sérkenna og menningarminja og hafa sem minnst óafturkræf áhrif. Rík áhersla er á að vinna með staðaranda og sérkenni hvers staðar og að þeir höfði jafnt til heimamanna og gesta. Vanda þarf til verka við uppbyggingu á ferðamannastöðum. Aðlaðandi umhverfi getur laðað að sér ferðamenn og einnig nýja íbúa og aukið lífsgæði núverandi íbúa. Nánar er fjallað um náttúruvernd í kafla 5.
- ◆ Viðhorf ferðamanna eru mismunandi og ekki er hægt að fullnægja þörfum allra ferðamanna alls staðar. Sumir ferðamenn sækja í þjónustu á meðan aðrir sækja í náttúrulegt umhverfi. Lögð er áhersla á það að þjónusta við ferðamenn verði fyrst og fremst þar sem byggð er. Gott svigrúm er fyrir ferðaþjónustu á miðsvæðum í öllum byggðakjörnum.
- ◆ Uppbygging ferðaþjónustu á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli skal miða að mestu leyti að verndun náttúru og menningarminja í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Á landbúnaðarsvæðum er svigrúm fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu og mannvirki sem tengjast henni. Á óbyggðum svæðum eru takmarkaðir möguleikar til uppbyggingar ferðaþjónustu.
- ◆ Norðan Ísafjarðardjúps er lögð áhersla á minni ferðamannahópa og einfaldri ferðaþjónustu. Beina skal ferðamönnum inn á ákveðin svæði og þannig draga úr neikvæðum áhrifum en bjóða upp á æskilega grunnþjónustu. Þannig er stuðlað að varðveislu þeirra gæða sem til staðar eru. Skilgreindir eru fjórir flokkar m.t.t. uppbyggingar ferðaþjónustu norðan Djúps: Ferðaþjónustumiðstöðvar, ferðaþjónustukjarnar, ferðaþjónustu-aðstaða, auk þess sem sérstök ákvæði eru fyrir óbyggð svæði. Sjá ákvæðatöflu í kafla 15.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Ísafjarðarbær mun áfram taka á móti skemmtiferðaskipum. Líkt og áður munu allar hafnir sveitarfélagsins verða markaðssettar sem áfangastaðir skipanna. Flest skip munu koma að landi við Sundabakka á Ísafirði. Við framkvæmdir í öllum höfnunum verði litið til þess að þær nýtist fjölbreyttum notendum. Móttaka skemmtiferðaskipa skal vera í sem mestri sátt við samfélagið, bæði íbúa og atvinnulíf. Nánari útfærsla, m.a. fjöldi gesta, skal vera í samræmi við stefnu hafna og aðgerðaáætlun um móttöku skemmtiferðaskipa.
- ◆ Gert er ráð fyrir tjaldsvæðum í öllum byggðakjörnum og eru þau innan afþreyingar- og ferðamannasvæðis. Tjaldsvæði má einnig byggja á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum til sérstakra nota. Tjaldsvæði eru oft í nálægð við viðkvæm svæði og því skal lágmarka rask vegna þeirra.
- ◆ Mikilvægt er að efla samvinnu ferðaþjónustuaðila til að ná frekari árangri í ferðaþjónustu, m.a. við skipulagningu atburða sem geta haft jákvæð áhrif á ímynd svæðisins. Nýta á þau tækifæri sem felast í notkun gamalla bygginga, báta og svæða sem laða að ferðamenn og íbúa. Staðþekking er dýrmæt og mikilvægt er að nýta hana vel.
- ◆ Í Skutulsfirði er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels og baðstaðar á Hauganesi og kláfi, hóteli og veitingastað á Eyrarfjalli.

### Helstu stefnubreytingar

Uppfært síðar

### Umhverfisáhrif stefnu

Uppfært síðar

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

## 9.5 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Í þessum kafla er fjallað um verslun og þjónustu en undir þann landnotkunarflokk heyrja m.a. hótél, gistiheimili, gistiskálar, veitingahús og skemmtistaðir. Fjallað er um ferðaþjónustu í kafla 9.4. hér að framan og miðsvæði í kafla 8.5.

### 9.5.1 Forsendur

---

#### Fyrirliggjandi stefna um verslun og þjónustu

---

##### *Landsskipulagsstefna*

Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

##### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Efla þjónustu og innviði sveitarfélaga

Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda

Sterkt atvinnulíf sem byggir á fjölbreytni og seiglu

Nýsköpunarhugsun, vaxtarhugarfar og jákvætt viðmót gagnvart nýjum hugmyndum sem hluti af menningu sveitarfélaga og atvinnulífs.

#### Staða og þróun verslunar og þjónustu

---

Verslun og þjónusta í sveitarfélaginu er að miklu leyti bundin við miðbæi þéttbýliskjarnanna, sem skilgreint er sem miðsvæði í fyrra aðalskipulagi (sjá kafla 8.5). Utan miðsvæða í þéttbýli og víða í dreifbýli eru tiltekin ferðaþjónustusvæði sem flokkuð eru sem verslun og þjónusta í fyrra aðalskipulagi. Í skipulaginu eru að auki heimildir fyrir minni háttar ferðaþjónustu innan landbúnaðarsvæða sbr. kafla 9.3. Hluti þeirra svæða sem tengjast ferðaþjónustu fellur nú undir landnotkunarflokkinn afþreyingar- og ferðamannasvæði í samræmi við skipulagsreglugerð.

Almennt hefur verslun og þjónusta tengd ferðaþjónustu vaxið samfara auknum fjölda ferðamanna í Ísafjarðarbæ.

#### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

### 9.5.2 Markmið og stefna – Verslun og önnur þjónusta

---

#### Markmið

- ◆ Stuðla að fjölbreyttri og öflugri verslunar- og þjónustustarfsemi
- ◆ Viðhalda blómlegum miðbæjum með góðu aðgengi að verslun og þjónustu

### Útfærsla stefnu

Stefna um verslun- og þjónustu verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Þróun miðbæjanna hefur einkennst af samþættingu margbreytilegrar landnotkunar, s.s. verslunar og þjónustu, íbúðarbyggðar, léttis iðnaðar og stofnana og er lögð áhersla á það að viðhalda þessu mynstri. Stór hluti verslunar og þjónustu innan Ísafjarðarbæjar er því á svæði sem skilgreint er sem miðsvæði, sbr. kafla 8.5. Áhersla er lögð á það að á skilgreindum verslunar- og þjónustusvæðum verði að jafnaði ekki sú starfsemi sem betur hentar í miðbænum, þ.e. á skilgreindu miðsvæði. Þannig er reynt að tryggja að miðbæirnir haldist blómlegir.
- ◆ Gert er ráð fyrir því að hefðbundin dagvöruverslun verði í boði í göngufjarlægð í þéttbýli. Ferðaþjónusta í þéttbýlinu rúmast innan miðsvæðisins og minni háttar ferðaþjónusta rúmast innan landbúnaðarsvæða eins og áður hefur komið fram. Að auki eru skilgreind verslunar- og þjónustusvæði þar sem stærri ferðaþjónusta er til staðar eða fyrirhuguð í dreifbýli og utan miðsvæða.
- ◆ Í Skutulsfirði er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels og baðstaðar á Hauganesi og kláfi, hóteli og veitingastað á Eyrarfjalli.

### Helstu stefnubreytingar

Uppfært síðar

### Umhverfisáhrif stefnu

Uppfært síðar

## 9.6 IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Iðnaðarsvæði í aðalskipulagi eru ætluð fyrir starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir og veitustöðvar, en athafnasvæði eru ætluð fyrir starfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, þ.e. léttari iðnaði en einnig atvinnustarfsemi sem krefst mikils rýmis.

Í þessum kafla er fjallað um almenna starfsemi sem heyrir undir iðnaðar- og athafnasvæði. Iðnaðar- og athafnasvæði koma einnig við sögu í köflum um veitur og fjarskipti í kafla 12, orku og virkjanir í kafla 6, úrgangsmál í kafla 9.8 og sjávarútveg í kafla 9.2.

### 9.6.1 Forsendur

#### Fyrirliggjandi stefna um iðnaðar- og athafnasvæði

##### Landsskipulagsstefna

Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

##### Svæðisskipulag Vestfjarða

Efla þjónustu og innviði sveitarfélaga

Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda

Efla bláa hagkerfið sem grunn sjálfbærs atvinnulífs

Sterkt atvinnulíf sem byggir á fjölbreytni og seiglu

Nýsköpunarhugsun, vaxtarhugarfar og jákvætt viðmót gagnvart nýjum hugmyndum sem hluti af menningu sveitarfélaga og atvinnulífs.

### Starfsemi á iðnaðar- og athafnasvæðum

Iðnaðarstarfsemi í sveitarfélaginu hefur í gegnum tíðina verið tengd sjávarútvegi. Hlutur veiða og vinnslu hefur farið minnkandi síðustu 15 ár en hlutur fiskeldis og starfsemi í nýsköpun og tækni hefur aukist og samhliða því hefur eftirspurn atvinnulóða aukist.

Uppbygging grunninnviða á síðasta skipulagstímabili rennir styrkari stoðum undir iðnaðar- og athafnastarfsemi og ýmis tækifæri eru til staðar. Framtíðartækifærin eru þó enn háð þróun í grunngerð samfélagsins, svo sem flutningskostnaði og framboði og afhendingaröryggi raforku.

Almennt er iðnaðar- og athafnastarfsemi í Ísafjarðarbæ innan þéttbýlisstaðanna, oft nálægt hafnarmannvirkjum, eða í nágrenni við þá. Við gatnamót Vestfjarðavegar og Flateyrarvegar í Öndarfirði er þó vísir að iðnaðar- og athafnasvæði en þar er tengivirki og athafnalóð. Svæðið er mjög sýnilegt frá Þjóðvegi 60 og í nálægð við svæði á náttúruminjaskrá. Í dreifbýli eru einnig stök mannvirki sem teljast til innviða, svo sem tengivirki og virkjanir.

Árið 2025 tók gildi breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar á Suðurtanga Skutulsfjarðareyrar. Með breytingunni er nær allur tanginn iðnaðar- og athafnasvæði en fyrir breytingu var einnig gert ráð fyrir íbúðarbyggð á tanganum. Breytingin er í takti við aukna eftirspurn atvinnulóða. Nokkrar byggingar hafa verið byggðar þar síðustu misseri og fleiri eru í undirbúningi. Jafnframt er unnið að uppbyggingu til móttöku farþega skemmtiferðaskipa eins og fram kom í kafla 9.4.

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

### 9.6.2 Markmið og stefna – Iðnaðar- og athafnastarfsemi

#### Markmið

- ◆ Efla nýsköpun, útflutning og iðngreinar
- ◆ Nægt rými verði fyrir uppbyggingu og starfsemi á iðnaðar- og athafnasvæðum í sátt við samfélag og náttúru

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Áhersla verði lögð á að umgengni á iðnaðar- og athafnasvæðum verði til fyrirmyndar og umhverfi snyrtilegt
- ◆ Þar sem möguleikar eru á nýtingu eldri húsa í þágu atvinnutækifæra, verði fullt tillit tekið til sögu- og verndargildis húsa og umhverfis

### Útfærsla stefnu

Stefna um iðnaðar- og athafnastarfsemi verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Áhersla er lögð á að sú atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar á svæðinu geti vaxið og dafnað en jafnframt verði svigrúm fyrir uppbyggingu nýrra greina. Það á bæði við um nýsköpun og hefðbundnari starfsemi. Svigrúm er fyrir fjölbreytta iðnaðar- og athafnasvæði í öllum þéttbýliskjörnum og í nágrenni við þá. Í þéttbýlinu er, vegna stærðar, mikil blöndun á milli atvinnugreina og því lögð áhersla á það að aðgreina þær ekki of mikið í skipulaginu. Á miðsvæðum er jafnframt svigrúm fyrir hreinlega athafnastarfsemi sbr. kafla 8.5.
- ◆ Á Suðurtanga á Ísafirði er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu iðnaðar- og athafnastarfsemi, en svæðið er í góðum tengslum við samgönguinnviði. Þar er rými fyrir vaxandi atvinnugreinar og nýsköpun. Í Skutulsfirði er rými fyrir frekari iðnaðar- og athafnastarfsemi á Tunguskeiði. Fleiri reitir í firðinum eru skilgreindir fyrir iðnaðar og athafnastarfsemi, í takt við starfsemi sem þar fer fram.
- ◆ Á Suðureyri er áfram gert ráð fyrir athafna- og iðnaðarsvæði við hafnarmannvirkin en þar er stunduð fiskvinnsla. Að auki er gert ráð fyrir iðnaðar- og athafnasvæði á fyrirhugaðri landfyllingu við Brjótinn, líkt og í fyrra aðalskipulagi. Með því móti færast iðnaður frá íbúðarbyggðinni og aukið rými skapast, bæði fyrir íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi.
- ◆ Á Flateyri eru afmörkuð iðnaðar- og athafnasvæði á Oddanum, á milli Túngötu og Oddavegar. Þar er nokkuð mikill húsakostur sem ekki er fullnýttur í dag en tækifæri eru til staðar. Eystri hluti svæðisins er í góðum tengslum við höfnina.
- ◆ Á Þingeyri er iðnaðar- og athafnasvæði við norðanvert Hafnarstræti. Að auki er athafnasvæði vestan og sunnan við smábátahöfnina. Þar er m.a. tækifæri fyrir þjónustu og nýsköpun tengda fiskeldi og sjávarútvegi.
- ◆ Fiskvinnsla er stunduð við bryggjuna í Hnífsdal og áfram er gert ráð fyrir sambærilegri starfsemi þar. Bryggjan er þó ekki nýtt til löndunar eða viðlegu og er hún ekki í góðu ástandi. Við Stekkjargötu í Hnífsdal er áfram gert ráð fyrir ýmissi léttri athafnastarfsemi og íbúðarbyggð en svæðið er skilgreint sem miðsvæði í þessu aðalskipulagi. Menningarsöguleg verðmæti á reitnum eru hverfisvernduð en frá upphafi 20. aldar hafa íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi verið samofin við götuna (sbr. kafla 8.5). Að auki eru þrjár stakar lóðir fyrir athafnastarfsemi í Hnífsdal en nýting þeirra takmarkast af ofanflóðahættu.
- ◆ Í dreifbýli eru iðnaðar- og athafnasvæði einkum tileinkuð veitumannvirkjum og öðrum innviðum (sbr. kafla 6. Auðlindir og 12. Veitur og fjarskipti). Við gatnamót Vestfjarðavegar og Flateyrarvegar í Önundarfirði er líkt og í fyrra aðalskipulagi gert ráð fyrir iðnaðar- og athafnasvæði.
- ◆ Rými er fyrir uppbyggingu stærri iðnaðar á óbyggðum lóðum á Suðurtanga Skutulsfjarðareyrar og á fyrirhugaðri landfyllingu við Brjótinn á Suðureyri. Í báðum tilvikum er gott aðgengi að höfn.
- ◆ Við breytingar í einstökum atvinnugreinum skapast oft aðstæður þar sem atvinnuhúsnæði nýtist ekki á sama hátt og fyrr. Dæmi eru um þetta í öllum byggðakjörnunum og hér er lögð áhersla á að möguleikar til fjölbreyttrar nýtingar á slíku húsnæði verði tryggðir.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Í skipulagsákvæðum er lögð áhersla á góða umgengni og snyrtilegt umhverfi á iðnaðar- og athafnasvæðum. Fylgja ber því eftir við deiliskipulagsgerð og í leyfum.
- ◆ Fjölbreytt athafnastarfsemi og iðnaður ásamt nýsköpun, rannsóknum og menntastofnunum ýta undir verðmætasköpun í hringrásarhagkerfinu. Dæmi um það er samstarf Hraðfrystihússins Gunnvarar og líftæknifyrirtækisins Kerecis.

### Helstu stefnubreytingar

Uppfært síðar

### Umhverfisáhrif stefnu

Uppfært síðar

## 9.7 HAFNIR OG HAFNARSVÆÐI

Í aðalskipulagi er landnotkunarflokkurinn hafnir ætlaður fyrir hafnarmannvirki og svæði þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

### 9.7.1 Forsendur

### Fyrirliggjandi stefna um hafnarsvæði

Landsskipulagsstefna

Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum. Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.

### Svæðisskipulag Vestfjarða

Efla þjónustu og innviði sveitarfélaga

Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda

Efla bláa hagkerfið sem grunn sjálfbærs atvinnulífs

Sterkt atvinnulíf sem byggir á fjölbreytni og seiglu

Nýsköpunarhugsun, vaxtarhugarfar og jákvætt viðmót gagnvart nýjum hugmyndum sem hluti af menningu sveitarfélaga og atvinnulífs.

### Hafnalög og hafnarreglugerð fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar

Fjallað er um hafnarsvæði í Hafnalögum nr. 61/2003 og um hafnir í sveitarfélaginu gildir hafnarreglugerð fyrir Hafnir Ísafjarðarbæjar nr. 1190/2005.

### Starfsemi og þróun á hafnarsvæðum

Hafnaraðstaða er á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Þessi svæði byggðust upp á tímum mikilla umsvifa í sjávarútvegi og sjóflutningum. Nýting svæðanna hefur breyst með samdrætti í fiskveiðum en uppbyggingu sjókvíaldis og vaxandi ferðaþjónustu. Hafnirnar eru ein af mikilvægustu grunnstoðum sveitarfélagsins og stór hluti af tekjum sveitarfélagsins kemur í tengslum við þær. Landaður afli í höfnum Ísafjarðarbæjar árið 2023 var álíka

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

mikill og árið 2010 en aðeins um helmingur af því sem var árið 1995.<sup>74</sup> Sjávar tengd ferðapjónusta hefur vaxið verulega á skipulagstímabilinu. Fjöldi skemmtiferðaskipa sem heimsækir Ísafjörð hefur t.a.m. margfaldast síðustu 15 ár eins og fjallað var um í kafla 9.4.

Ísafjarðarhöfn skiptist í hafnarbakka sem kallast Mávagarður, Sundahöfn, Sundabakki, Ásgeirsbakki og Bátahöfn. Þar er aðstaða fyrir allar stærðir skipa og þjónusta miðast við þarfir allra notenda. Höfnin hefur þróast úr því að vera fyrst og fremst fiskihöfn yfir í það að þjóna fjölbreyttri flóru báta og skipa í takt við stefnu sveitarfélagsins og hafnarinnar. Stærri skip leggjast að Sundabakka, m.a. skemmtiferðaskip og flutningaskip. Minni skemmtiferðaskip geta einnig lagst að Ásgeirsbakka og Mávagarði. Stærri fiskveiðibátar og bátar tengdir fiskeldi leggjast einkum að Ásgeirsbakka og þeim hluta Sundabakka sem snýr að Sundahöfn. Í Sundahöfn eru bryggjur fyrir fiskibáta og farþega- og frístundabáta. Í Bátahöfn er m.a. aðstaða fyrir farþegabáta og skútur og þar eru flotbryggjur. Á hafnarkantinum við Mávagarð er aðstaða fyrir olúflutningaskip við olútanka.

Síðustu ár hefur verið unnið að uppbyggingu á Sundabakka, m.a. lengingu hafnarkantsins og bættri aðstöðu til móttöku ferðamanna. Áhersla hefur verið lögð á öryggi vegfarenda og ásýnd svæðisins í uppbyggingunni. Samhliða þessari uppbyggingu var ákveðið að falla frá íbúðarbyggð á Suðurtanganum, sem gert var ráð fyrir í fyrra skipulagi, og fjölga atvinnulóðum í samræmi við aukna eftirspurn þeirra.

Á Flateyri er löndunarbyggja og flotbryggjur. Strandveiðibátar, sjóstangveiðibátar og bátar tengdir fiskeldi eru á meðal þeirra sem nýta hafnaraðstöðuna. Unnið er að snjóflóðavörnum ofan hafnarinnar á Flateyri en stórt snjóflóð fór inn í höfnina árið 2020. Önnur áskorun er að syðsti hluti hafnarkantsins er að síga.

Á Suðureyri er löndunarbyggja og flotbryggjur. Unnið er að breytingum á varnargarði innsigliðarinnar. Í bænum er talsverð útgerð og sjávar tengd

starfsemi og þar eru flestir strandsveiðibátar innan sveitarfélagsins. Boðið hefur verið upp á sjóstangveiði á Suðureyri síðustu 20 ár.

Á Þingeyri er löndunarbyggja, flotbryggjur og hafskipabryggja þar sem aðkoma er auðveld og nægt dýpi. Þar hefur þróast starfsemi tengd fiskeldi en einnig eru strandveiðibátar gerðir út frá bænum.

Í Hnífsdal og Holti eru bryggjur sem eru sjaldan notaðar til viðlegu. Minni ferjubryggjur eru við Mjólka, Gemlufall, Æðey, og Bæi. Allar fyrrnefndar bryggjur eru á starfssvæði Hafna Ísafjarðarbæjar. Einnig eru litlar bryggjur í Holti, Tyrðilmýri, Grunnavík, Höfðaströnd, Hesteyri, Látrum og Reykjafirði.

Í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum<sup>75</sup> er fjallað um um aðgerðir stjórnvalda til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti. Þar eru orkuskipti í samgöngum ein af mikilvægustu aðgerðunum áætlunarinnar. Þar er bent á að hafnir landsins gegni lykilhlutverki í samdrætti losunar frá skipum og að með innviðaupbyggingu í höfnum sé mögulegt að stuðla að minni bruna eldsneytis. Settar eru fram aðgerðir um uppbyggingu landtenginga í höfnum en einnig á að skoða rafhleðsluinnviði fyrir rafknúin skip og forgangsröðun og uppbyggingu hreinorkuinnviða, þ.e. skip knúin endurnýjanlegum orkugjöfum öðrum en rafmagni.

### 9.7.2 Markmið og stefna – Hafnarsvæði

#### Markmið

Stefna um hafnir og hafnarsvæði verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ♦ Hafnir Ísafjarðarbæjar þjóni fjölbreyttri flóru báta og skipa og verði samkeppnishæfar við aðrar hafnir á landinu hvað varðar þjónustu og aðstöðu

<sup>74</sup> Hagstofa Íslands (2025). Afli og verðmæti afla eftir fisktegund, löndunarhöfn og löndun í heimahöfnum 1992-2023.

<sup>75</sup> Stjórnarráð Íslands (2024)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Svigrúm verði fyrir fjölbreytta starfsemi og vöxt og þróun við hafnir sveitarfélagsins. Góð aðstaða og nægt rými verði fyrir flutninga.
- ◆ Hafnirnar verði sveigjanlegar og geti aðlagast breytingum í atvinnulífi, samfélagi og umhverfi
- ◆ Hafnirnar verði lifandi, öruggar og aðlaðandi með góðu aðgengi fyrir íbúa og gesti
- ◆ Unnið verði að uppbyggingu innviða fyrir endurnýjanlegt eldsneyti
- ◆ Ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar.
- ◆ Vöxtur hafna takmarkist við að umhverfi, samfélag og innviðir geti talist sjálfbær með tilliti til viðmiða og vísa í löggjöf og stefnuskjölum

### Útfærsla stefnu

- ◆ Hafnir Ísafjarðarbæjar eru mikilvæg lífæð samfélagsins og skulu áfram gegna fjölþættu hlutverki í því. Á hafnarsvæðum skal gera ráð fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn. Brýnt er að önnur starfsemi þrengi ekki svo að hafnarsvæðum að það hefti uppbyggingu þeirra. Með sveigjanleika í skipulagi (aðlögunarhæfu skipulagi) hafnarsvæða og nærliggjandi atvinnusvæða er reynt að tryggja rými fyrir vöxt núverandi starfsemi en einnig fyrir nýsköpun og aukna fjölbreytni.
- ◆ Við uppbyggingu og hönnun hafnarsvæða ber að tryggja að dagleg starfsemi gangi greiðlega og án árekstra. Tryggja ber greiðar umferðarleiðir fyrir atvinnustarfsemi á hafnarsvæðum og aðliggjandi atvinnusvæðum.

- ◆ Ímynd hafnarsvæðisins er samofin ímynd bæjarins. Öflug hafnarsvæði, með góða umgengni, geta því haft afgerandi jákvæð áhrif á bæjarfélagið í heild. Gert er ráð fyrir að hafnarsvæðin verði aðlaðandi og opin almenningi en með takmörkunum í þágu atvinnulífs. Öryggi skal ávallt vera forgangsmál. Efla skal tengsl hafnarsvæða og miðsvæða, m.a. með göngu- og hjólaleiðum.
- ◆ Uppbygging skal taka mið af náttúru og menningarverðmætum og gera skal söguna sýnilega við hönnun. Mikilvægt er að taka tillit til hljóðvistar og ljósvistar við ákvarðanatöku, sbr. kafla 8.6.
- ◆ Tryggja ber að innviðir geti þjónað fjölbreyttum notendum hafnarinnar og staðist kröfur um sjálfbærni umhverfis. Gera þarf áætlanir um uppbyggingu innviða fyrir græna orku skipa og farartækja, þ.e. með raftengingu hafna og rými fyrir nýja orkugjafa.
- ◆ Hafnirnar skulu starfa í sátt við umhverfið og taki mið af velferð íbúa. Skilgreina ber mörk æskilegs vaxtar atvinnustarfsemi með tilliti til umhverfis og samfélags. Dæmi um það eru takmarkanir á komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar.
- ◆ Hafnir Ísafjarðarbæjar og Ísafjarðarbær skulu skilgreina samfélagsleg þolmörk við móttöku skemmtiferðaskipa.<sup>76</sup> Þolmörkin eru m.a. háð þeim innviðum sem eru til staðar. Einnig skal sveitarfélagið gefa út tímasetta aðgerðaráætlun til að bæta upplifun gesta og íbúa vegna komu skemmtiferðaskipa. Bókanir skemmtiferðaskipa eru gerðar langt fram í tímann. Frá árinu 2027 gilda eftirfarandi fjöldaviðmið skv. núverandi aðgerðaáætlun<sup>77</sup>: Þegar áætlaður fjöldi farþega í höfn er 6.000 - 8.000 skal hvetja skip til að leita annað. Loka skal fyrir bókanir skipa þegar áætlaður fjöldi hefur náð 8.000.

<sup>76</sup> Ísafjarðarbær (2024).

<sup>77</sup> Ísafjarðarbær (2024).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Skipulag hafnarsvæða og ákvarðanir um uppbyggingu og þróun þeirra skulu taka tillit til áhrifa loftslagsbreytinga og hækkandi sjávarstöðu.
- ◆ Gert er ráð fyrir möguleika á endurnýjun og uppbyggingu núverandi ferjubryggja í dreifbýli.
- ◆ Lögð er áhersla á það að uppbygging hafnarsvæða verði nýtt til að skapa sóknarfæri fyrir hvern bæ og styrki þannig stöðu Ísafjarðar sem byggðakjarna fjórðungsins. Í skipulagsákvæðum er nánar gerð grein fyrir nýtingu mismunandi hafnarkanta.

### Fyrirhuguð mynd



**Mynd** Ljósmynd

### *Helstu stefnubreytingar*

Uppfært síðar

### *Umhverfisáhrif stefnu*

Uppfært síðar

## 9.8 ÚRGANGUR

Í þessum kafla er fjallað um sorphirðu, endurvinnslu, endurnýtingu og meðhöndlun ásamt myndun úrgangs.

### 9.8.1 Forsendur

#### Fyrirliggjandi stefna um úrgang

##### Landsskipulagsstefna

Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis.

Framfylgd við skipulagsgerð í dreifbýli:

Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.

Skipulag dreifbýlis geri ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs við lögbýli, frístundabyggð og ferðamannastaði í dreifbýli. Tekið verði mið af svæðisáætlun sveitarfélags um meðhöndlun úrgangs.

Framfylgd við skipulagsgerð í þéttbýli:

Í skipulagi verði tekið tillit til svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs og viðeigandi uppbyggingu innviða, þ.m.t. flokkunarstöðva í nærumhverfi.

Skipulag verði samþætt stefnu sveitarfélags í svæðisáætlun um lágmarkun úrgangs, úrgangsforvarnir og aukna endurvinnslu og endurnýtingu, með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið.

##### Svæðisskipulag Vestfjarða

Draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu með bættu skipulagi og hagnýtingu hringrásarhagkerfisins.

Innleiða sameiginlega úrgangsstefnu í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Auka aðgengi að flokkun og endurvinnslu í dreifbýli og þéttbýli.

##### Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum

Samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs er sveitarstjórnnum skylt að gera og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála og aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun. Jafnframt skal greina frá því hvernig sveitarfélagið hyggst ná markmiðum sínum um meðhöndlun úrgangs og úrgangsvarnir.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035 var samþykkt af sveitarfélögum haustið 2024.<sup>78</sup> Í áætluninni kemur fram að sveitarfélögin stefni að virku hringrásarhagkerfi, með það að meginmarkmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu, auka aðra endurnýtingu og lágmarka förgun, þannig að magn þess úrgangs sem ekki nýtist í hagkerfinu verði eins lítið og mögulegt er. Sveitarfélögin hyggjast ná markmiðum sínum með því að beita hagrænum hvötum og auka samvinnu sín á milli. Sérstök áhersla er lögð á að lágmarka flutninga, m.a. með sem mestri úrvinnslu úrgangs á svæðinu, og nýtingu lífræns úrgangs innan svæðis.

##### Í átt að hringrásarhagkerfi - stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum

Markmiðið er að draga úr myndun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda og bæta nýtingu auðlinda, m.a. með áherslu á græna nýsköpun. Einnig að draga úr hráefnisnotkun samhliða minni umhverfisáhrifum og minnka dreifingu á efum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi.

##### Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

<sup>78</sup> Environice (2024)

Áætlunin skilgreinir m.a. aðgerðir til að draga úr losun frá úrgangi. Á meðal aðgerða er að innleiða bann við urðun lífrúgangs og lífræns úrgangs og innleiða lög um flokkun úrgangsstrauma.

### 9.8.2 Úrgangsmeðhöndlun og sorphirða

Eins og sjá má hér að framan í yfirliti um fyrirbyggjandi stefnu opinberra aðila um úrgang er lögð áhersla á að lágmarka úrgang, auka endurvinnslu og endurnýtingu sem og eflingu hringrásarhagkerfisins.

Skv. lögum nr. 55/2003 bera sveitarfélög ábyrgð á flutningi heimilísúrgangs og skulu sjá til þess að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Ísafjarðarbær vinnur nú að gerð umhverfis- og loftslagsstefnu ásamt aðgerðaráætlun. Þar verða sett úrgangsmarkmið.

Áætlað er að árið 2023 hafi fallið til tæplega 3.217 tonn af úrgangi í í Ísafjarðarbæ, eða 847 kg á hvern íbúa sem er nálægt meðaltali sveitarfélaganna á Vestfjörðum.<sup>79</sup> Um 55% af úrganginum fór í urðun í Fíflholti á Mýrum og um 23% var afsett í Dagverðardal sem óvirkur úrgangur, hreint timbur, lífrænn úrgangur frá eldhúsum og garðaúrgangur.

Ísafjarðarbær rekur móttökustöð úrgangs í Funa í Engidal. Þar er heimilt að taka á móti allt að 3.000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, umhleðslu, þökkunar og geymslu. Starfsleyfi Funa gildir til 16. febrúar 2028.<sup>80</sup> Í efnisnámu í Dagverðardal (E-2) er heimilt, skv. starfsleyfi, að nýta óvirkan jarðvegsúrgang, m.a. uppgröft úr lóðum, hrein steypubrot, sand úr sandföngum og lífrænan garðaúrgang. Heimilt er að taka við 100 tonnum af jarðvegsefnum árlega en starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá 2018 gildir til desember 2029.

Íbúar á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri geta losað sig við umframsorp í gámabil á söfnunarstöðvum á ákveðnum tímum. Að auki eru grenndargámar fyrir mála, gler og textíl staðsettir í öllum þéttbýliskjörnum

sveitarfélagsins. Sorp er flokkað í fjóra flokka við heimili: Blandaður úrgangur, lífrænn úrgangur, pappír og pappi og plast.

Lífrænn úrgangur er jarðgerður á Ísafirði en afurð jarðgerðarinnar hefur ekki reynst nothæf sem jarðvegsbætur og fer hún í landmótun í Dagverðardal. Öllum öðrum úrgangi er komið til endurvinnslu eða í aðra meðhöndlun utan Ísafjarðarbæjar.

Samkvæmt samþykkt Ísafjarðarbæjar um meðhöndlun úrgangs er lögaðilum og eigendum atvinnuhúsnæðis í þéttbýli heimilt að semja við þjónustuaðila um söfnun heimilísúrgangs. Að öðrum kosti annast sveitarfélagið söfnun úrgangsins.

### 9.8.3 Markmið og stefna – Úrgangur

#### Markmið

- ◆ Stefnt er að virku hringrásarhagkerfi með það að meginmarkmiði að draga úr myndun úrgangs, lágmarka förgun og auka endurvinnslu og endurnýtingu.
- ◆ Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft. Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið.

#### Útfærsla stefnu

Stefna um úrgang verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Mikilvægt er að úrgangsmál verði til fyrirmyndar í sveitarfélaginu og stuðli þannig að öryggi og heilbrigði íbúa og gesta. Úrgangsmál geta einnig haft mikil áhrif á ímynd sveitarfélagsins og þar af leiðandi áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana en einnig val fólks um búsetu.

<sup>79</sup> Environice (2024)

<sup>80</sup> Umhverfisstofnun (2012)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Tryggja skal gott aðgengi að stöðum sem taka á móti sorpi. Leggja skal áherslu á að þessir staðir séu snyrtilegir og sjónmengun í lágmarki.
- ◆ Stuðla skal að fræðslu um úrgangsmál innan sveitarfélagsins. Mikilvægt er að brennanlegt sorp, spilliefni og sorp sem mögulegt er að endurvinna, endi ekki á urðunarstað.
- ◆ Ísafjarðarbær mun innleiða sjálfbæra úrgangsstjórnun sem byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og vinna eftir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum og tilheyrandi aðgerðaráætlun. Í samræmi við svæðisáætlun verða megináherslurnar eftirfarandi:
  - Stefnt verði að virku hringrásarhagkerfi með það að meginmarkmiði að draga úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu, auka aðra endurnýtingu og lágmarka förgun, þannig að magn þess úrgangs sem ekki nýtist í hagkerfinu verði eins lítið og mögulegt er, að teknu tilliti til tæknilegra og efnahagslegra takmarkana. Úrgangsmarkmið skulu skilgreind í aðgerðaráætlun umhverfis- og loftslagsstefnu sveitarfélagsins.
  - Hagrænum hvötum verði beitt í úrgangsmálum, með hagsmuni náttúrunnar og komandi kynslóða að leiðarljósi.
  - Flutningar verði lágmarkaðir, m.a. með því að stuðla að sem mestri úrvinnslu úrgangs á svæðinu, enda leiði það til bestu mögulegu nýtingar auðlinda og lágmarkunar kolefnisspors.
  - Áhersla verði lögð á að lífrænn úrgangur sem til fellur fari ekki til spillis.
  - Aukin samvinna verði við önnur sveitarfélög, bæði hvað varðar úrgangsjónustu og sameiginlega hagsmunagæslu.
- ◆ Áfram er gert ráð fyrir móttökustöð úrgangs í Funa í Engidal og móttöku á óvirkum jarðvegsúrgangi til frágangs efnisnámu E-2 í Dagverðardal. Einnig er gert ráð fyrir jarðgerð á lífrænum úrgangi. Úrgangur til endurvinnslu, urðunar eða annarrar meðhöndlunar verður áfram meðhöndlaður utan Ísafjarðarbæjar.

### *Helstu stefnubreytingar*

Uppfært síðar

### *Umhverfisáhrif stefnu*

Uppfært síðar

## 10 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA

Í þessum kafla er fjallað um skóla og menntastofnanir, menningu og félags- og heilbrigðismál.

### 10.1 SKÓLAR OG MENNTASTOFNANIR

#### 10.1.1 Forsendur

---

#### Fyrirliggjandi stefna um skóla og menntastofnanir

---

##### *Landsskipulagsstefna*

Samkeppnishæft atvinnulíf er eitt af þremur meginmarkmiðum stjórnvalda í skipulagsmálum. Segja má að menntun á öllum stigum leggi grunn að þessu markmið.

##### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Styrkja aðgengi að fjölbreyttri menntun í heimabyggð.

Byggja upp lærdómssamfélag til að mæta þörfum samfélagsins.

Nýta og efla þekkingarsköpun á Vestfjörðum.

##### *Menntastefna Ísafjarðarbæjar<sup>81</sup>*

Stefnan tekur til leik- og grunnskóla. Grunnildir stefnunnar eru virðing, ábyrgð, metnaður og gleði.

#### Starfandi skóla- og menntastofnanir

---

Fimm leikskólar eru starfræktir í Ísafjarðarbæ: Á Þingeyri, Suðureyri, Flateyri, og tveir á Ísafirði. Fjórir heildstæðir grunnskólar starfa í sveitarfélaginu: Grunnskólinn á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Grunnskóli Ísafjarðar er staðsettur á Eyrinni og Þjónar, auk Ísafjarðar, Hnífsdal. Grunn- og

leikskólar á Ísafirði eru þétt setnir og íbúum mun fjölga, gangi markmið aðalskipulagsins eftir.

Einn framhaldsskóli er í Ísafjarðarbæ, þ.e. Menntaskólinn á Ísafirði. Skólinn býður upp á fjölbreytt nám á bóknáms-, verknáms- og starfsnámsbrautum. Í skólanum er heimavist með 34 herbergjum.

Tónlistarskóli Ísafjarðar starfar á Ísafirði en einnig fer kennsla fram í öðrum þéttbýliskjörnum. Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar er einnig starfandi á Ísafirði.


Háskólasetur Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem var stofnað árið 2005. Þar er m.a. boðið upp á tvær staðbundnar meistaranámsleiðir, íslenskunám og aðstöðu fyrir nemendur sem búa eða dvelja á Ísafirði er stunda nám annars staðar. Einnig dvelja nemendahópar frá erlendum háskólum á Ísafirði og nýta aðstöðuna í Háskólasetrinu. Háskólasetrinu er einnig ætlað að vera samstarfsvettvangur í rannsóknnum, atvinnuþróun og nýsköpun. Starfsemi Háskólaseturs er staðsett í Vestrahúsinu ásamt fjölda stofnana og fyrirtækja og er þar enn nokkurt rými til stækkunar. Nemendagarðar með 40 íbúðum í Fjarðarstræti voru teknir í notkun árið 2024.

Lýðskólinn á Flateyri tók til starfa árið 2017 og þar eru tvær brautir starfræktar. Nemendur dvelja í nemendagörðum sem teknir voru í notkun árið 2023.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem býður upp á símenntun og námskeið af ýmsu tagi.

---

<sup>81</sup> Ísafjarðarbær (2019).



Mynd Ljósmynd

### 10.1.2 Markmið og stefna – skólar og menntastofnanir

#### Markmið

- ◆ Nægt rými og aðgengi fyrir alla verði tryggt í grunn- og leikskólum.
- ◆ Umhverfi skóla verði heilsusamlegt, hvetji til hreyfingar og eflir þroska allra
- ◆ Skólarnir nýti sér nálægðina við náttúruna

- ◆ Möguleikar íbúa til náms í heimabyggð verði eflir.
- ◆ Stuðlað verði að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar, rannsókna og þekkingarstarfs á Vestfjörðum. Styrkja skal tengsl þekkingarsamfélagsins og atvinnulífsins.
- ◆ Ísafjarðarbær þroskist áfram sem skóla- og menntabær með sterka sérstöðu og laði að sér íslenska og erlenda nemendur.

#### Útfærsla stefnu

- ◆ Unnið er að stækkun Grunnskóla Ísafjarðar en nemendum hefur fjölgað þar síðustu ár. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir nýjum leikskóla í landi Hvamms á milli Tunguhverfis og Holtahverfis. Þar er einnig svigrúm fyrir grunnskólabyggingar. Bornir voru saman nokkrir staðir fyrir nýjan leikskóla (sjá umhverfismat aðalskipulagsins).
- ◆ Grunnskóla- og leikskólalóðirnar verða í góðum tengslum við íbúðarhverfi og nýtast sem útivistarsvæði. Nýta skal nálægð við náttúruna við hönnun útisvæða.
- ◆ Gott aðgengi að menntun eflir búsetuskilyrði, dregur úr fólksflutningum frá sveitarfélaginu og laðar að nýja íbúa. Ísafjarðarbær mun áfram styðja við menntastofnanir á svæðinu. Á Flateyri er áfram gert ráð fyrir lýðskóla og nemendagörðum með sterk tengsl við samfélag og umhverfi. Starfsemi og stefna Háskólaaseturs er í samræmi við þá stefnu sem sett er fram í svæðisskipulagi Vestfjarða um bláa hagkerfið sem er ætlað að vera grunnur sjálfbærs atvinnulífs. Nefna má mörg dæmi um nýsköpunarverkefni sem tengjast starfseminni Háskólaaseturs og annarra stofnana í Vestrahúsinu. Vestrahúsið er skilgreint er sem miðsvæði í aðalskipulaginu. Í skipulaginu er lögð áhersla á tengsl þessa svæðis við miðbæ Ísafjarðar og hafnirnar, m.a. með göngu- og hjólaleiðum og aðlaðandi hafnarsvæði.

### *Helstu stefnubreytingar*

Uppfært síðar

### *Umhverfisáhrif stefnu*

Uppfært síðar

## 10.2 MENNING

### 10.2.1 Forsendur

#### Fyrirliggjandi stefna um menningu

##### *Landsskipulagsstefna*

Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja.

Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma eflir þau gæði sem felast í menningarlandslagi.

##### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Styðja við menningar- og félagsstarf sem byggist á frumkvæði og drifkrafti einstaklinga og þátttöku nærsamfélagsins.

Styrkja menningarlegt uppeldi og menningarstarfsemi barna og ungmenna.

Auka aðgengi að menningu og fjölbreyttu menningarlífi fyrir alla hópa.

#### Menning og menningararfur

##### *Söfn og menningarhús*

Ísafjarðarbær er þekktur fyrir öflugt menningarlíf. Má í því samhengi nefna menningarhátíðir, starfsemi leikfélaga og kóra og gróskumikið tónlistarlíf.

Menningarhús Ísafjarðarbæjar eru þrjú; Safnahúsið á Eyrartúni, Menningarmiðstöðin Edinborg í Edinborgarhúsinu og Tónleikasalurinn

Hamrar í Tónlistaskólanum á Ísafirði. Þar að auki eru félagsheimili á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og í Hnífsdal. Barnaskólinn í Hnífsdal, sem nú er aflagður, er nýttur sem samkomustaður. Í Alþýðuhúsinu á Ísafirði er rekið kvikmyndahús.

Aðalbókasafn Ísafjarðarbæjar er í Safnahúsinu á Eyrartúni, eða gamla sjúkrahúsinu, sem var byggt árið 1925. Safnið þjónar einnig öðrum byggðakjörnum. Í Safnahúsinu er jafnframt listasafn, ljósmyndasafn og héraðsskjalasafn.

Neðst á Eyrinni, í Neðstakaupstað, stendur elsta húsaþyrping landsins. Í yngsta húsinu, Turnhúsi, er Byggðasafn Vestfjarða. Á svæðinu er elsti slippur landsins, tekinn í notkun snemma á 20. öldinni, en skipasmíði var stunduð á Ísafirði nánast alla 20. öldina. Í miðbæ Ísafjarðar er Gallerí Úthverfa, en þar eru sýnd listaverk og viðburðir haldnir, og Hversdagssafnið.

Á Oddanum á Þingeyri er vísir að safnasvæði, þar sem söguviði Gísla sögu Súrssonar eru gerð skil. Í húsi Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar & co., sem stofnuð var árið 1913, er nú vísir að safni um sögu hússins. Vélsmiðjan hafði mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn, því þar voru þróaðar vörur sem nýttar voru á landsvísu við fiskveiðar.

Á Flateyri er Brúðusafn, þar sem til sýnis eru brúður frá ýmsum heimshornum. Í fyrrum bókaversluninni Bræðurnir Eyjólfsson er Gamla bókabúðið, safn um búðina og heimili kaupmannshjónanna.

Á Hrafnseyri við Arnarfjörð er safn til minningar um Jón Sigurðsson. Safnið er til húsa í endurbættum torfbæ, fæðingarbæ Jóns. Í Dalbæ á Snæfjallaströnd er svokallað Snjáfjallasetur, sýning um náttúru og sögu svæðisins.

##### *Kirkjur og kirkjugarðar*

Kirkjur eru í öllum þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins og auk þess víða í dreifbýli. Friðlýstar kirkjur eru 12 í Ísafjarðarbæ. Nánar er fjallað um menningarminjar í kafla 8.1. Menningar- og búsetuminjar.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Í sveitarfélaginu eru 20 kirkjugarðar, auk tveggja heimagrafreita. Eyrarkirkjugarður á Ísafirði er nánast fullnýttur, en Réttarholtskirkjugarður í Engidal þjónar nú Ísafirði. Unnið er að stækkun hans og var aðalskipulagi breytt árið 2025 vegna þess. Ljóst er að stækka þarf Þingeyrarkirkjugarð á skipulagstímabilinu. Svigrúm er til stækkunar núverandi garðs um 1.000 m<sup>2</sup> en finna þarf frekari stækkun garðsins annan stað. Ef íbúafjölgun verður umfram áætlanir er líklegt að stækka þurfi einnig Hnífsdalskirkjugarð, Flateyrarkirkjugarð og Staðarkirkjugarð undir lok skipulagstímabilsins. Í öðrum kirkjugörðum er almennt nægt rými út skipulagstímabilið, jafnvel þó íbúafjölgun verði umfram áætlanir.

### Vitar

Vitar eru samofnir sögu og menningu íslensku þjóðarinnar. Þeir gegna enn í dag öryggishlutverki en einnig eru þeir aðdráttarafli ferðamanna enda sérstæð mannvirki á myndrænum stöðum. Jafnframt bera þeir merki þróunar íslenskrar byggingarlistar á síðustu öld. Alls eru 10 vitar í sveitarfélaginu, reknir af Vegagerðinni. Vitarnir eru byggðir á tímabilinu 1919-1964. Arnarnes viti var friðaður af menntamálaráðherra, þann 1. desember 2003 skv. 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Þrír vitar njóta friðunar vegna aldurs skv. lögum um menningarminjar og fjórir til viðbótar munu njóta aldursfriðunar á skipulagstímabilinu.

### 10.2.2 Markmið og stefna – Menning

#### Markmið

- ◆ Ísafjarðarbær verði þekktur sem menningarbær.
- ◆ Safna- og menningarstarfsemi með áherslu á sérstöðu svæðisins dafni í öllum byggðakjörnum.
- ◆ Gamlar byggingar með sögulegu gildi verði nýttar fyrir menningarlífið.

- ◆ Ýtt verði undir skapandi greinar og skapandi hugsun.
- ◆ Kirkjum og kirkjugörðum verði viðhaldið.
- ◆ Varðveita vita í sveitarfélaginu sem menningarminjar, auk hlutverks þeirra sem öryggistækis.

#### Útfærsla stefnu

Stefna um skóla og menntastofnanir verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.


- ◆ Með varðveislu menningar- og búsetuminja og byggingararfs er markmiðið að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn og þar með jákvæða þróun sveitarfélagsins (sjá kafla 8.1). Áhersla er lögð á að sérkenni hvers byggðakjarna fái að njóta sín og Ísafjarðarbær myndi fimm aðlaðandi byggðakjarna – hina fögru fimm. Aðlaðandi umhverfi með sterk tengsl hefur jákvæð áhrif á menningarlíf og eflir tengsl þess við ferðaþjónustu.
- ◆ Hlúa skal að skapandi greinum, bæði menntun og starfsumhverfi. Gróska í listum og menningu eykur lífsgæði í samfélaginu og getur haft verulega jákvæð áhrif á ferðaþjónustu.
- ◆ Gert er ráð fyrir að allar kirkjur og kirkjugarðar geti áfram þjónað sínu hlutverki. Gert er ráð fyrir að hver kirkja og tilheyrandi kirkjugarður verði varðveitt sem ein heild og einnig sem sögu- og menningarminjar. Gert er ráð fyrir stækkun Þingeyrarkirkjugarðs, Hnífsdalskirkjugarðs, Flateyrarkirkjugarðs og Staðarkirkjugarðs.
- ◆ Aðalskipulagið gerir ráð fyrir því að útlit og ásýnd vitanna, ásamt nánasta umhverfi þeirra, verði verndað. Hins vegar er gert ráð fyrir svigrúmi fyrir breyttri notkun, s.s. íbúðum eða ferðaþjónustu ef fyrri not leggjast af.

**Helstu stefnubreytingar**

Uppfært síðar

**Umhverfisáhrif stefnu**

Uppfært síðar



Mynd Ljósmynd

## 10.3 FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISMÁL

### 10.3.1 Forsendur

#### Fyrirliggjandi stefna um félags- og heilbrigðismál

##### Landsskipulagsstefna

Ekki eru sett markmið í Landsskipulagsstefnu sem snerta félags- og heilbrigðismál en eitt af meginmarkmiðum stefnunnar er velsæld samfélags. Markmiðið felur m.a. í sér að skipulag skuli stuðla að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu nýja umhverfi.

##### Svæðisskipulag Vestfjarða

Bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu og draga úr heilsufarslegum ójöfnuði.

#### Starfsemi í félags- og heilbrigðismálum í Ísafjarðarbæ

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er með höfuðstöðvar á Ísafirði. Þar er fjórðungssjúkrahús sem veitir almenna bráða- og sjúkraþjónustu og heilsugæsla. Svokölluð heilsugæslusel á vegum stofnunarinnar eru á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Á Ísafirði er hjúkrunarheimilið Eyri, sem opnað var árið 2016 og nú er unnið að stækkun þess. Á Ísafirði eru einnig þjónustuíbúðir aldraðra og dagdeild (Hlíf). Á Þingeyri er hjúkrunarheimilið Tjörn. Heimahjúkrun á Suðureyri og Flateyri er sinnt frá Ísafirði. Í sveitarfélaginu eru um 16,9% af íbúum yfir 65 ára aldri en til samanburðar eru 15,7% yfir þessum aldri á landsvísu. Á Íslandi fjölga hinum eldri almennt hraðar en hinum yngri. Í Ísafjarðarbæ er hátt hlutfall íbúa af erlendum uppruna og því er samfélagið fjölmenningslegt. Nánar er fjallað um samsetningu íbúa í kafla 8.2.

Slökkvistöð Ísafjarðarbæjar rekur fjórar slökkvistöðvar: Á Ísafirði, en þar er aðalstöð, á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Björgunarsveitir eru starfræktar á Ísafirði, á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og í Hnífsdal. Viðbragðsaðilar á Ísafirði eru staðsettir á þremur aðskildum stöðum á Eyrinni. Slökkvistöðin er

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

í Fjarðarstræti, en þar eru slökkvi- og sjúkrabílar staðsettir. Unnið er að byggingu nýrrar slökkviðstöðvar á lóðinni Suðurtangi 1 í samræmi við staðarvalsgreiningu.<sup>82</sup> Lögreglustöð er í Stjórnsýsluhúsinu og Björgunarfélag Ísafjarðar er staðsett við Sindragötu.

### 10.3.2 Markmið og stefna – Félags og heilbrigðismál

#### Markmið

- ◆ Ísafjarðarbær verði fjölskylduvænt samfélag sem tryggir öryggi íbúa og veitir góða heilbrigðis- og félagsþjónustu sem tekur mið af þörfum íbúa óháð aldri og þjóðfélagsstöðu.
- ◆ Skipulag byggðar stuðli að lífsgæðum fólks, bættri lýðheilsu og vellíðan. M.a. með bættum göngutengslum á milli svæða og aðgengi fyrir alla að mannvirkjum í Ísafjarðarbæ.
- ◆ Allir íbúar sveitarfélagsins geti tekið þátt í að þróa og efla samfélagið.
- ◆ Íbúar Ísafjarðarbæjar búi við heilnæmt andrúmsloft.
- ◆ Dregið verði úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

#### Útfærsla stefnu

Stefna um félags- og heilbrigðismál verður einkum framkvæmd með eftirfarandi hætti.

- ◆ Félags- og heilbrigðismál skulu vera í forgangi því þau eru hluti af grunnstöðum samfélagsins. Áhersla er lögð á að viðhalda og efla samfélagslega auðlegð í Ísafjarðarbæ. Styrkja ber þær stöðir sem stuðla að fjölskylduvænu samfélagi og skapa þannig góð skilyrði fyrir

fjölskyldusamveru. Styrkur sveitarfélagsins byggir á samfélaginu sem þar dafnar.

- ◆ Ísafjarðarbær er fjölmenningsleg samfélag og því er mikilvægt er að efla tengsl nýrra íbúa við samfélagið. Leggja ber áherslu á þátttöku almennings í tengslum við stefnumótun og ákvarðanir í sveitarfélaginu, enda stuðlar slíkt að eflingu félagsauðs. Ríkulegur félagsauður hefur jákvæð áhrif á hegðun fólks og viðheldur heilbrigði og hamingju í samfélaginu.
- ◆ Tryggja skal möguleika allra til fullrar þátttöku í samfélaginu, óháð aldri, kyni, færni eða uppruna. Stefnt er að því að Ísafjarðarbær verði bær með aðgengi fyrir alla. Forðast skal, eins og kostur er, aðgreiningu aðgengis eftir færni einstaklinga en miða heldur lausnir við að allir geti nýtt sér aðalinngang og megingönguleiðir.
- ◆ Ný slökkvistöð rís við Suðurtanga 1 en núverandi slökkvistöð við Fjarðarstræti víkur fyrir nýrri íbúðarbyggð. Tryggja þarf rými fyrir björgunarsveitir í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins.
- ◆ Umhverfið hefur talsverð áhrif á líkamlega og andlega heilsu íbúa og dvalargesta stofnana. Þetta á bæði við um útsýni og beinan aðgang að svæðum utandyra. Lögð er áhersla á að umhverfi stofnana verði hannað með þarfir notenda í huga og hugað verði að útsýni frá vistarverum. Sérstök áhersla skal lögð á notkun náttúrulegra efna, eins og trjá- og blómgróðurs, dýralífs og vatnsyfirborðs. Jafnframt skal reynt að tryggja útsýni til sjávar, fjalla, gróðursvæða svæða þar sem búast má við fólki við leik og störf. Mikill kostur er ef útisvæðið dregur einnig að sér gesti og blómlegt mannlíf. Leggja skal áherslu á góð göngutengsl við önnur hverfi og þjónustu. Ávallt skal huga að aðgengi fyrir alla.

<sup>82</sup> Verkís (2021).

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

- ◆ Í skipulaginu er lögð áhersla á gott net göngustíga og góðar almenningssamgöngur sem dregið geta úr loftmengun og útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Áhersla er lögð á að staðsetja daglega þjónustu í nágrenni við íbúðarsvæði til að lágmarka notkun einkabíla. Nánar er fjallað um útivist í kafla 0 og samgöngur í kafla -.

### *Helstu stefnubreytingar*

Uppfært síðar

### *Umhverfisáhrif stefnu*

Uppfært síðar

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

## 11 ÚTIVIST, OPIN SVÆÐI OG ÍPRÓTTIR

Í þessum kafla er fjallað um almenna útivist, leiksvæði, íþróttir, íþróttamannvirki og önnur græn svæði.

### 11.1 FORSENDUR

#### Fyrirliggjandi stefna um útivist og opin svæði

##### *Landsskipulagsstefna*

Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.

Í skipulagi í dreifbýli verði gert ráð fyrir vönduðum útivistarsvæðum af mismunandi stærð og gerð sem henta fyrir hreyfingu, leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa.

Í skipulagi verði gert ráð fyrir heildstæðu kerfi vandaðra almenningsrýma og útivistarsvæða af mismunandi stærð og gerð sem henta fyrir hreyfingu, leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa.

Í skipulagi verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um gróður og náttúru í hinu byggða umhverfi með það að markmiði að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útiveru og einnig í þágu loftslagsmála með viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærum ofanvatnslausnum.

Við skipulagsgerð verði gætt að greiðu aðgengi almennings að strandsvæðum til útivistar, hreyfingar og náttúruupplifunar.

##### *Svæðisskipulag Vestfjarða*

Standa vörð um svæði sem eru mikilvæg fyrir reglubundna útivist íbúa.

Bæta aðgengi að náttúru Vestfjarða á sjálfbæran hátt, með hliðsjón af vernd víðerna og landslagsgæða.

Lágmarka sjónræn og umhverfisleg áhrif af innviðum.

Efla frumkvæði og innviði til hreyfingar og heilbrigðs lífennis.

Efla staði þar sem fólk hittist og nýtur samveru og félagsskapar sem styrkir samfélagslega upplifun.

#### Aðstaða og gildi útivistar, opinna svæða og íþróttar

Útivist, hreyfing og íþróttaiðkun hefur almennt aukist á Íslandi frá gildistöku fyrra aðalskipulags. Áhuginn tengist m.a. breytingum á viðhorfi og breyttum lífsgildum þar sem meira er horft til heilsu. Gert er ráð fyrir að streitutengdir sjúkdómar verði ríkjandi heilsuvandamál næstu áratuginna. Rannsóknir sýna að dvöl á grænum svæðum minnkar streitu og hefur jákvæð áhrif á andlega líðan fólks.<sup>83</sup> Almennt hefur hreyfing í heilnæmu náttúrulegu umhverfi, s.s. görðum, almenningsvæðum, skógum og óspilltri náttúru, jákvæð áhrif bæði á andlega og líkamlega heilsu fólks.

Aðdráttarafi og ímynd Vestfjarða hefur verið og er tengd einstakri náttúru, friðsæld og fjölbreyttri útivist. Möguleikar til útivistar og íþróttar í Ísafjarðarbæ eru góðir vegna nálægðar við náttúru og menningarminjar. Í dreifbýli hefur grunnþjónusta víða verið bætt, með skiltum, salernum og merkingum gönguleiða. Stutt er í áhugaverð útivistarsvæði frá öllum þéttbýlisstöðunum og í nágrenni þeirra hafa víða verið byggð upp útivistarsvæði og göngustígar, m.a. í Tungudal. Göngustígum í þéttbýli hefur einnig fjölgað á skipulagstímabilinu. Almennt hefur notkun stíga aukist samfara fjölgun þeirra, bæði á meðal íbúa og vaxandi fjölda ferðamanna. Í þéttbýli hefur verið unnið að endurbótum og endurskipulagningu leiksvæða. Leiksvæði með leiktækjum hafa verið sett upp við skóla og einnig í hverfum.

<sup>83</sup> Stigsdóttir og Grahn (2002)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Skrúðgarðar eru tiltölulega margir í sveitarfélaginu miðað önnur svæði á landinu. Á meðal þeirra er Austurvöllur, Jónsgarður og Simsonsgarður á Ísafirði og Skrúður í Dýrafirði.

Hjólreiðar hafa notið vaxandi vinsælda. Innan íþróttafélagsins Vestra starfar nú hjólreiðadeild og hafa félagsmenn ásamt öðru áhugafólki sett upp fjallahjólaleiðir í innanverðum Skutulsfirði. Nánar er fjallað um göngu-, hjóla- og reiðleiðir í kafla 13.1.

Sundlaug og íþróttahús eru í hverjum þéttbýliskjarna, nema í Hnífsdal. Sundhöllin á Ísafirði er sú elsta í sveitarfélaginu en hún var tekin í notkun árið 1945. Engin sundlauganna í sveitarfélaginu er lögleg mótslaug. Á Ísafirði eru tvö íþróttahús. Annað er í sömu byggingu og sundlaugin en nýrra hús stendur á Torfnesi við hlið Menntaskólans á Ísafirði. Aðgengi fatlaðra er mjög takmarkað að Sundhöll Ísafjarðar en betra að nýrri laugum og íþróttahúsum bæjarins. Á Torfnesi eru tveir knattspyrnuvellar með gervigrasi, annar þeirra er löglegur keppnisvöllur fyrir allar deildir Íslandmóta. Körfuboltavellar eru víða við íþróttahús og skóla. Gervigraslagðir sparkvellar eru í öllum hverfum sveitarfélagsins.

Í Tungudal er 18 holu golfvöllur og strandblakvellar og í Meðaldal utan Þingeyrar er 9 holu golfvöllur og strandblakvöllur við íþróttahúsið og sundlaugina.

Siglingar í frístundum eru áberandi í Ísafjarðarbæ. Siglingaklúbburinn Sæfari heldur úti m.a. úti starfi fyrir börn og unglina. Klúbburinn hefur aðsetur á Suðurtanga á Ísafirði.

Framboð af skipulegum íþróttagreinum til æfinga er óvenju mikið miðað við stærð sveitarfélagsins. Ein af þeim er skíðaíþróttin sem er rótgróin á Ísafirði. Í Tungudal eru þrjár skíðalyftur en gönguskíðasvæði er á Seljalandsdal. Skíðaskálar eru á báðum stöðum. Svígs kíðasvæðið var áður staðsett á Seljalandsdal en lyfturnar voru færðar í Tungudal árið 1995 eftir endurtekin snjóflóð á Seljalandsdal. Á veturna eru að auki oft troðnar gönguskíðaleiðir í innanverðum Skutulsfirði.

Vélknúin farartæki, einkum snjósleðar og mótorkrosshjól, eru nýtt af áhugafólki til útivistar. Vinsælt er t.d. að fara á snjósleðum upp á Botns- og

Breiðadalsheiði upp frá Dagverðardal eða Seljalandsdal. Ekki er til nein sérstök aðstaða fyrir akstursíþróttir.

Skotíþróttafélag Ísfirðinga er með aðstöðu undir áhorfendastúkunnari á Torfnesi. Að auki er félagið með skotæfingasvæði ofarlega í Dagverðardal, við gamla þjóðveginn.

Í Engidal í Skutulsfirði og á Söndum í Dýrafirði eru hesthúshverfi og reiðhallir. Í Engidal er löglegur keppnisvöllur og öll nauðsynleg keppnisástaða.

Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

## 11.2 MARKMIÐ OG STEFNA – ÚTIVIST OG OPIN SVÆÐI

### Markmið

- ◆ Skipulag stuðli að bættum lífsgæðum og heilsueflingu með útivistarsvæðum og aðstöðu til íþróttaiðkunar.
- ◆ Bæta aðgengi að útivistarsvæðum við þéttbýli og í dreifbýli og jafnframt tryggja varðveislu náttúrunnar sem útivistarsvæðis.
- ◆ Aðalskipulagið stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi hvað varðar samspil byggðar, útivistarsvæða, atvinnusvæða, bæjarrýma og ferðamáta. Stuðlað verði að eflingu gróðurs og skjólmyndun.
- ◆ Aðgengi verði fyrir alla að íþróttamannvirkjum, opnum svæðum og leikvæðum í sveitarfélaginu.
- ◆ Í öllum hverfum sveitarfélagsins verði leiksvæði sem stuðli að góðri hreyfingu og útivist
- ◆ Opin svæði með góðri íþróttaaðstöðu verði í tengslum við öll hverfi bæjarfélagsins.
- ◆ Vernda og viðhalda skrudgöörðum.

### Útfærsla stefnu

- ◆ Í aðalskipulaginu er reynt að hámarka samfélagslegan ávinning útivistar og íþróttaiðkunar, m.a. með því að skapa gott aðgengi að fjölbreyttri aðstöðu til íþróttaiðkunar og útivistar. Allt skipulag skal, eftir því sem við á, taka tillit til og hvetja til útivistar, íþróttar- og tómstundastarfa.
- ◆ Gert er ráð fyrir því að svæðin umhverfis íbúðarhverfi og opin svæði innan þéttbýlismarkna nýtist til almennrar útivistar. Á þessum svæðum er

heimilt að byggja upp skipulögð leik- og útivistarsvæði en leitast skal við að varðveita náttúrulegt landslag eins og kostur er.

- ◆ Bæta og fjölga skal göngu- og hjólaleiðum með aukna útivist í huga, auk þess sem þær verði raunhæfur valkostur sem samgönguleiðir. Innan þessara opnu svæða verði öruggar göngu- og hjólaleiðir á milli hverfa og að helstu útivistarsvæðum í nágrenni byggðar.
- ◆ Varðveita skal náttúru viðkvæmra svæða sem henta vel til útivistar. Stýra skal umferð fólks með stígum og bæta aðstöðu og þar með draga úr álagi á viðkvæm svæði.
- ◆ Á opnum svæðum og stígum skal tryggja að útigögn, s.s. bekkir og sorpílát, verði með hæfilegu millibili þannig að svæðin nýtist öllum.
- ◆ Við alla skipulagsgerð og hönnun skal huga að aðgengi að strandsvæðum og tengslum við atvinnuhætti fyrir og nú, eftir því sem kostur er.
- ◆ Gert er ráð fyrir leiksvæðum í öllum hverfum sveitarfélagsins. Opin svæði í eldri íbúðarhverfum er einnig hægt að nýta sem leiksvæði. Almennt skal miða við að aðalleiksvæði verði ekki í meira en 500 m fjarlægð frá íbúðum og nærleiksvæði verði ekki í meira en 200 m fjarlægð frá íbúðum. Leiksvæði innan íbúðarhverfa eru almennt ekki sýnd á uppdrætti aðalskipulagsins.
- ◆ Lögð er áhersla á að leiksvæði barna hvetji til útivistar og hollrar hreyfingar og nýtist öllum íbúum hverfisins til samveru. Mikilvægt er að varðveita náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er. Huglað skal að öruggum aðkomuleiðum að leiksvæðum og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla.
- ◆ Viðhalda skal gróðursvæðum og endurbæta svæði sem ræktuð hafa verið í þéttbýli. Við deiliskipulagsgerð skal, þar sem það á við, nýta gróður til að fegra og bæta umhverfi, skapa aðlaðandi og áhugaverða

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

umgjörð um hreyfingu og útiveru. Græn svæði verði nýtt sem hluti af ofanvatnslausnum.

- ♦ Aðgengi skal vera fyrir alla að íþróttamannvirkjum og, eftir því sem við á, útivistarsvæðum.
- ♦ Eldri skurðgarðar skulu njóta verndar og áhersla lögð á endurnýjun úr sér genginna hluta þeirra. Skurðgarðar eru lifandi og þurfa því stöðugt viðhald og endurnýjun til að viðhalda upphaflegum markmiðum. Jónsgarður, Simsongarður og Austurvöllur á Ísafirði og Skurður í Dýrafirði eru hverfisverndaðir, sbr. kafla 16.1 um hverfisvernd.
- ♦ Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og viðhaldi á helstu útivistar- og íþróttasvæðum í þéttbýli og nágrenni þéttbýlis í Ísafjarðarbæ. Í töflu 16.1. eru ákvæði fyrir öll útivistarsvæði, opin svæði og íþróttasvæði.

### **Helstu stefnubreytingar**

Uppfært síðar

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Uppfært síðar

### Fyrirhuguð mynd



Mynd Ljósmynd

DRÖG

## **INNVIÐIR – BIRT SÍÐAR**

DRÖG

## SKIPULAGSÁKVÆÐI

## 12 ALMENN ATRIÐI

Í þessum hluta greinargerðarinnar er fjallað um skipulagsákvæði aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2025-2050.

Tilgreindir eru almennir skilmálar fyrir hvern landnotkunarflokk og sértæk ákvæði fyrir hvern reit. Skipulagsuppdráttur sýnir þessa skiptingu með lituðum reitum og auðkenni fyrir hvern reit. Séu reitir ekki merktir sérstaklega, eins og óbyggð svæði, veghelgunarsvæði og sum opin svæði, gilda um þá almennir skilmálar viðkomandi landnotkunarflokks. Afmörkun landnotkunarreita fylgir ekki endilega lóða- og eignamörkum, heldur miðast við miðlínu aðliggjandi gatna og jaðar veghelgunarsvæða stofnbrauta. Flatarmál reita er því brúttóstærð sem felur í sér gatnakerfið.

## 13 LANDNOTKUN

### 13.1 AFBREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)



Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

#### Skipulagsákvæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði

##### Almenn ákvæði

Uppbygging afþreyingar- og ferðamannasvæða skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild. Taka skal taka mið af umhverfinu, þ.e. landslagi og byggingararfi. Er þar átt við stærðarhlutföll, form og efnis- og litanotkun, sem og staðsetningu.

Ekki má skerða náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Uppbyggingin skal vera í sátt við nærliggjandi landnotkun og leitast skal við að lágmarka ónæði og neikvæð áhrif á aðliggjandi íbúðarbyggð, útivistarsvæði og göngu- og reiðleiðir.

Forðast skal skerðingar á landbúnaðarlandi í fl. I. Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í kafla 13.10 (Tafla 13.2).

Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga, útivistarsvæði og fleira þess háttar.

Huga skal að aðgengi fyrir alla að mannvirkjum fyrir ferðaþjónustu sem og vandaðri lýsingu og myrkurgæðum við uppbyggingu og hönnun afþreyingar- og ferðamannasvæða.

##### Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

AF-1 Eyrarkláfur á Eyrarfjalli (-- ha)

Heimild fyrir kláfi með upphafsmastur í fjallsrótum Eyrarfjalls og millimastri á Gleiðarhjalla. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
AF-2	Tjaldsvæði á Suðureyri	
AF-3	Tjaldsvæði á Flateyri	
AF-4	Tjaldsvæði og afþreyingasvæði á Þingeyri	Tjaldsvæði og aðstaða fyrir ferðamenn, m.a. þjónustuhús, salerni, afþreyingarsvæði og bílastæði.
AF-5	Tjaldsvæði í Korpudal, Öfundarfirði	
AF-6	Tjaldsvæði í Tungudal	
AF-7	Tjaldsvæði í Hnífsdal	
AF-8	Tjaldsvæði við Dynjanda	
AF-9	Látrar Aðalvík Hornstrandafriðland	
AF-10	Fljótavík Hornstrandafriðland	
AF-11	Hlöðuvík Hornstrandafriðland	<i>Ferðapjónustuaðstaða:</i> Heimild fyrir einfaldri gestiaðstöðu, þ.e. svæði með þjónustu við ferðamenn sem er smærri í sniðum en í ferðapjónustukjörnum (sjá kafla 9.4 Ferðapjónusta og 15.20 Verslun og þjónusta). Undir það flokkast einföld gestiaðstaða, tjaldsvæði með hreinlætisaðstöðu, vatns- eða þurrsalerni og grunnupplýsingar fyrir ferðamenn.
AF-12	Furufjörður Núverandi mannvirki eru innan Hornstrandafriðlands	
AF-13	Höfði, norðan Djúps Á náttúruminjaskrá Hverfisverndað svæði H18	
AF-14	Galtarviti í Keflavík Hverfisverndað svæði H4	
AF-15	Sæból Aðalvík Hornstrandafriðland	

## 13.2 ATHAFNASVÆÐI (AT)



Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

### Skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

#### Almenn ákvæði

Umgengni á athafnasvæðum skal vera snyrtileg og haga skal mannvirkjum og frágangi á lóðum þannig að ásýnd og yfirbragð séu til sóma.

Forðast skal að varningur safnist á ónýttar lóðir og opin atvinnusvæði. Nýta skal trjágróður á jöðrum athafnasvæða til að draga úr sjónrænum áhrifum, þar sem því verður við komið.

Stuðla skal að öryggi á athafnasvæðum í samræmi við markmið aðalskipulagsins um náttúruvá.

Lýsingu á athafnasvæðum þarf að nálgast á heildrænan hátt þar sem öryggi og velferð íbúa og þeirra sem nýta svæðið er sett í forgrunn. Huga skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar og athafna- og vinnusvæði þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar en valdi ekki ljósmengun eða truflun á lífríki.

#### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
AT-1	Athafnasvæði í Öfundarfirði (9 ha) Hluti reitsins er innan hverfisverndarsvæðis H5	Almenn athafnastarfsemi. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar og huga að nálægð reitsins við svæði á náttúruminjaskrá. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika svæðisins.
AT-2	Hjallar við Hnífsdalsveg (1,5 ha)	Áframhaldandi notkun fiskhjalla og eingöngu svigrúm til uppbyggingar hjalla. Áhersla er lögð á varðveislu hjalla, einnig þeirra sem ekki eru í notkun.
AT-4	Athafnasvæði við Bakkaveg í Hnífsdal	Almenn athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
	Áður leikskóli Á ofanflóðahættusvæði, varnarvirki fyrirhuguð	Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum eða viðbyggingum. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
AT-5	Athafnasvæði á Oddanum Flateyri	Almenn athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð.
AT-6	Athafnasvæði á milli Þingeyrar og flugvallar	Fiskhjallar, og svigrúm til uppbyggingar á almennri athafnastarfsemi. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika frá Þjóðvegi.
AT-7	Athafnasvæði við Hnífsdalsveg, utan við Ísafjörð (0,3 ha) Á ofanflóðahættusvæði	Almenn athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum, viðbyggingum eða auknum umsvifum vegna ofanflóðahættu. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
AT-8	Athafnasvæði á Tunguskeiði á Ísafirði (- ha) – Svæði í uppbyggingu	Almenn athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
AT-9	Athafnasvæði við Hafnarstræti á Þingeyri	Almenn athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við hverfisverndarsvæði, miðbæjarstarfsemi, íbúðarbyggð, kirkju, tjaldsvæði og íþrótt- og útivistarsvæði.
AT-10	Athafnasvæði við Njarðarsund og Sundahöfn (- ha)	Almenn athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við hverfisverndarsvæði.
AT-11	Athafnasvæði við Stakkanes á Ísafirði (1,5 ha) Að hluta til á ofanflóðahættusvæði	Almenn athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
AT-13	Athafnasvæði við Hafrafell, Engidal (1,5 ha)	Almenn athafnastarfsemi. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
AT-14	Athafnasvæði við Djúpveg á Skeiði, sjávarmegin (- ha) Í jaðri hverfisverndarsvæðis H6 og svæðis á náttúruminjaskrá	Almenn athafnastarfsemi. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
AT-15	Athafnasvæði í Dagverðardal	Almenn athafnastarfsemi. Svigrúm til frekari uppbyggingar innan reits. Huga skal að nálægð við frístundabyggð og útivistarsvæði.
AT-17	Athafnasvæði við Seljalandsveg (0,1 ha) Á ofanflóðahættusvæði	Almenn athafnastarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingu eða auknum umsvifum. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
AT-18	Athafnasvæði við Ásgeirsbakka (- ha)	Almennt athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við hverfisverndarsvæði Neðstakaupstaðar. Sérstök áhersla er lögð á snyrtilega ásýnd byggðar sem snýr að Pollinum og hinni hverfisvernduðu fjöru. Áhersla er lögð á vandað útlit svæða næst gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa og öryggi gangandi vegfarenda.
AT-19	Athafnasvæði við Mávagarð (- ha)	Almenn athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við hverfisverndarsvæði.
AT-20	Athafnasvæði við Hólavallargötu í Hnífsdal (0,2 ha) Reiturinn er innan hverfisverndarsvæðis H9 og á ofanflóðahættusvæði.	Almenn athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum eða viðbyggingum á reitnum eða samfelldri viðveru fólks að vetri til. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við uppbyggingu og viðhald á svæðinu. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
AT-21	Hjallar í Hnífsdal (0,2 ha) Reiturinn er innan hverfisverndarsvæðis H9 og á ofanflóðahættusvæði	Áframhaldandi notkun fiskhjalla og eingöngu svigrúm til uppbyggingar hjalla. Áhersla er lögð á varðveislu hjalla, einnig þeirra sem ekki eru í notkun. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við uppbyggingu og viðhald á þeim svæðum sem eru á hverfisverndarsvæði. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
AT-22	Athafnasvæði ofan Dalbrautar í Hnífsdal (0,3 ha) Á ofanflóðahættusvæði. Varnarvirki eru fyrirhuguð.	Almenn athafnastarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingu eða auknum umsvifum. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
AT-23	Athafnasvæði á Suðurtanga (9,7 ha) Að hluta til á nýrri landfyllingu – svæði í uppbyggingu	Almenn athafnastarfsemi, t.d. þjónusta fyrir sjávarútveg, slippur, fiskvinnsla og önnur matvælavinnsla, framleiðslufyrirtæki, vöruheymslur, hreinleg verkstæði, umboðs- og heildverslanir og ýmis nýsköpun. Einnig er svigrúm fyrir þjónustu, svo

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
		sem veitingasölu og verslanir. Sérstök áhersla er lögð á snyrtilega ásýnd byggðar sem snýr að Pollinum og hverfisvernduðum svæðum, þ.e. fjöru og Neðstakaupstað. Hugað skal að ásýnd byggðar séð frá Skutulsfjarðarbraut og byggðinni fyrir ofan hana. Sérstök áhersla er á vandað útlit svæða næst móttöku og gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa. Tryggja skal örugga gönguleið farþega til að lágmarka hættu á skörun við aðra starfsemi á svæðinu. Móttökusvæði farþega skulu nánar útfærð í deiliskipulagi. Hæð mannvirkja takmarkast af hindranafliötum Ísafjarðarflugvallar.
AT-24	Athafnasvæði sunnan við höfnina á Þingeyri (- ha)	Almenn athafnastarfsemi. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
AT-25	Tankurinn á Flateyri (- ha) Reiturinn er á ofanflóðahættusvæði og hverfisverndarsvæði H19	Athafnastarfsemi, t.d. tengd listum og ferðaþjónustu. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum eða viðveru fólks í mannvirkinu að vetri til. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
AT-26	Athafnasvæði í Engidal (- ha)	Almenn athafnastarfsemi. Áhersla er lögð á snyrtilega umgengni vegna nálægðar við útivistarsvæði og íþróttasvæði. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum á reitnum eða samfelldri viðveru fólks að vetri til á ofanflóðahættusvæði C. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.

### 13.3 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E)



Svæði þar sem ráðgert er að losa, taka eða vinna jarðefni, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.

#### Skipulagsákvæði fyrir Efnistöku- og efnislosunarsvæði

##### Almenn ákvæði

Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, vatnsvernd, hverfisvernd, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig við tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna.

Verði hlé á notkun námu eða henni lokað skal ganga snyrtilega frá framkvæmdasvæðinu eins fljótt og auðið er, þannig að það falli sem best að umhverfi. Heimilt er að losa óvirk hrein jarðefni í efnisnámur til frágangs. Efnislosun nemur að hámarki því magni sem heimilt er að taka úr viðkomandi námu.

Ganga skal snyrtilega um efnistökusvæði á meðan á vinnslu stendur, sérstaklega þar sem sýnileiki er mikill eða umhverfið er viðkvæmt.

Landeiganda er heimil efnistaka til eigin nota, allt að 500 m<sup>3</sup>, án framkvæmdaleyfis, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Samráð skal haft við landeiganda vegna efnistöku.

##### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Gerð	Umfang*	Skipulagsákvæði
E-1	Skutulsfjörður vegna jarðganga til Súðavíkur	Haugsvæði	2 ha 150.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-2	Engidalur, Langáreyrar	Setnáma	0,6 ha 40.000 m <sup>3</sup>	Lágmarka skal röskun á lífríki Langár
E-3	Dagverðardalur	Bergnáma	5,3 ha 40.000 m <sup>3</sup>	Efnistaka er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar vegna umfangs

Sértæk ákvæði				
Auðkenni	Lýsing	Gerð	Umfang*	Skipulagsákvæði
E-4	Seljadalur	Setnáma	2,3 ha 40.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-6	Staður í Vatnadal	Setnáma	3,7 ha 60.000 m <sup>3</sup>	Efnistaka er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar vegna umfangs
E-7	Klofningsnáma Önundarfirði. Ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu þann 21. apríl 2023.	Setnáma og haugsvæði	3,3 ha 170.000 m <sup>3</sup>	Efnistaka á grófu efni heimil í tengslum við byggingu ofanflóðavarna ofan Flateyrar. Verði afgangsfni má nýta það í aðrar framkvæmdir. Lágmarka skal neikvæð áhrif af efnistöku á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi. Tryggja skal að efnistakan hafi ekki áhrif á aflagðan urðunarstað og grunnvatnsbrunna til eftirlits með honum. Berjalandi skal hlíft eins og kostur er. Heimilt er að haugsetja kerfil og lúpínumengaðan jarðveg í námunni enda verði tryggt að fræ og plöntuefni nái ekki að þroskast á svæðinu. Tryggja skal einnig að efnið komi ekki síðar til notkunar. Umframefni vegna framkvæmdanna skal nýtt til frágangs námunnar á þeim hluta sem ekki verður nýttur áfram. Vanda skal frágang og móta landið í samræmi við aðliggjandi land. Áhersla skal lögð á grenndargróður við uppgræðslu raskaðs lands. Einnig er trjárækt heimil á svæðinu. Óheimilt er að nota alaskalúpínu og kerfil við uppgræðslu.  Á meðan á efnistöku stendur skal leitast við að tryggja áframhaldandi aðgengi almennings að útivistarsvæðum utan við Flateyri. Að efnistöku lokinni skal gengið þannig frá aðkomuleiðinni að námunum að hún nýtist íbúum til útivistar í aðlaðandi umhverfi.
E-10	Gerðhamradalur	Setnáma	2,2 ha 20.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-11	Grundarendi Hjarðardal	Setnáma	1,7 ha 5.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-12	Innri Lambadalur	Setnáma	3 ha	Sjá almenn ákvæði

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Sértæk ákvæði				
Auðkenni	Lýsing	Gerð	Umfang*	Skipulagsákvæði
			10.000 m <sup>3</sup>	
E-16	Brekkudalur	Setnáma	0,2 ha 3.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-17	Geldingadalur	Setnáma	0,7 ha 5.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-19	Kjaransstaðir	Setnáma	3 ha 20.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-20	Hófsá Borgarfirði	Setnáma	2 ha 20.000 m <sup>3</sup>	Lágmarka skal röskun á lífríki Hófsár
E-21	Utan Klofningsár	Bergnáma	1,7 ha 20.000 m <sup>3</sup>	Efnistaka á grófu efni heimil í tengslum við byggingu ofanflóðavarna ofan Flateyrar. Efnistö skal einungis nýtt ef nýtanlegt grjót fæst ekki af framkvæmdasvæðinu. Tryggja skal að berjalandi verði hlíft eins og kostur er. Að framkvæmdum loknum skal gengið frá svæðinu og námunni lokað. Vanda skal frágang og móta landið í samræmi við aðliggjandi land. Áhersla skal lögð á grenndargróður við uppgræðslu raskaðs lands, þar sem það á við.  Á meðan á efnistöku stendur skal leitast við að tryggja áframhaldandi aðgengi almennings að útivistarsvæðum utan við Flateyri. Að efnistöku lokinni skal gengið þannig frá aðkomuleiðinni að námunum að hún nýtist íbúum til útivistar í aðlaðandi umhverfi.
E-25	Gíslaholt Dýrafirði	Jökulruðningur	1 ha 10.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-26	Kýrá Dýrafirði	Bergnáma	0,5 ha 20.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

<i>Sértæk ákvæði</i>				
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Gerð</i>	<i>Umfang*</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
E-27	Við Þorfinn	Skriðunáma	0,2 ha 10.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-28	Selabólsurð	Skriðunáma	0,5 ha 10.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-29	Langá á Ingjaldssandi	Setnáma	0,5 ha 10.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-30	Langholt Brekkuðal	Setnáma	0,5 ha 10.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-31	Þórðarhorn Hrafnseyrarheiði	Skriðunáma	0,2 ha 5.000 m <sup>3</sup>	Náman er innan hverfisverndarsvæðis H1. Taka þarf mið af hverfisverndarákvæðum.
E-32	Hjarðardalsá	Setnáma	0,5 ha 10.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-33	Alviðrunáma	Setnáma	2,4 ha 40.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-34	Sæluhús Sandsheiði	Rauðamöl	1 ha 20.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-35	Sandaá Dýrafirði	Árset	2,4 ha 30.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-36	Grjóteyri	Setnáma	2,4 ha	Sjá almenn ákvæði

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

<i>Sértæk ákvæði</i>				
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Gerð</i>	<i>Umfang*</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
	Borgarfirði		25.000 m <sup>3</sup>	
E-37	Sandar Dýrafirði	Setnáma	0,5 ha 6.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-38	Kjaransstaðir Nautahjalli	Grjótnáma	4 ha 40.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-39	Sýslumörk	Klapparholt	1,8 ha 150.000 m <sup>3</sup>	Sjá almenn ákvæði
E-40	Drangahlíð	Skríðunáma	3 ha 45.000 m <sup>2</sup>	Sjá almenn ákvæði

\*Umfang á skipulagstímabilinu

### 13.4 FLUGVELLIR (FV)



Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

#### Skipulagsákvæði fyrir flugvelli


Kemur síðar

##### Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

### 13.5 FRÍSTUNDABYGGÐ (F)



Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Tafla 13.1 Lágmarksfjarlægðir fyrir frístundahús vegna takmarkandi þátta.

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð
Landamerki	50 m
Vötn, ár og sjór	50 m
Fornminjar	15 m
Friðlýstar fornminjar	100 m
Verksmiðjur, loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lyktar	500 m
Háspennulínur	Breytilegt sbr. töflu 14.1 í kafla -.
Aðrar veitulagnir	4 m
Stofn- og tengivegir	100 m
Aðrir vegir	50 m

### Skipulagsákvæði fyrir frístundabyggð

#### Almenn ákvæði

Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni og landslagsheildir. Taka skal mið af menningarsögu og byggingararfi, þ.e. stærðarhlutfalla, forma, efnis- og litanotkunar og staðsetningar.

Ekki má skerða náttúruyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Uppbygging frístundahúsa skal hvorki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, né aðgengi að útivistarsvæðum eða loka göngu- og reiðleiðum.

Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga, útivistarsvæði og fleira þess háttar.

Frístundabyggð skal vera í sátt við nærliggjandi landnotkun. Við byggingu frístundahúsa skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í töflunni hér að framan.

Við gerð deiliskipulags fyrir stærri frístundahúsasvæði skal huga sérstaklega að vörnum gegn gróðureldum, s.s. flóttaleiðum og aðgengi slökkviliðs.

Á ofanflóðahættusvæðum þar sem hættumat liggur fyrir eru takmarkanir um viðveru í frístundahúsum.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Svigrúm er fyrir allt að 30 kW smávirðjanir með minni háttar uppistöðulóni eða allt að 200 kW rennslisvirðjanir. Við uppsetningu virðjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Forðast skal að framkvæmdir skerði fyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og lögum um menningarminjar.

Á *landbúnaðarsvæðum* er heimild fyrir allt að þremur frístundahúsum á jörðum sem eru 40 ha eða stærrí ef aðstæður leyfa, án þess að breyta aðalskipulaginu. Sjá frekari ákvæði um landbúnaðarsvæði í kafla 15.10.

Á *hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli* gilda hverfisverndarákvæði um frístundahús, sbr. kafla 16.1 Hverfisvernd.

Í *Hornstrandafriðlandi* gilda eftirfarandi ákvæði:

Megináhersla er lögð á það að viðhalda ásýnd svæðanna eins og þau voru þegar þau voru í byggð.

Endurbyggja má öll íbúðarhús, þjónustuhús og önnur hús, sem búið var í eða voru í notkun eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast til endurbyggðra húsa.

Á svæðum sem hafa verið í eyði frá 1908 skal ekki byggt.

Ekki verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar við staðfestingu aðalskipulagsins.

Hús skulu staðsett í nágrenni byggðar eða í grennd við gömlu húsin en tryggja ber að fornminjum verði ekki spillt.

Útlit nýrra húsa og breytingar á eldri húsum skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Einkum er átt við stærð, efnisval, lit, hlutföll, glugga og þakgerð.

Á óbrotnu landi er heimilt að byggja neyðarskýli og fjarskiptamannvirki. Neyðarskýli eru undanþegin ákvæðum um útlit húsa en skulu vera í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Þau skulu ekki vera stærrí en 25 m<sup>2</sup> og aðeins á einni hæð.

Óheimilt er að breyta skálum, skúrum, neyðarskýlum, salernum og öðrum húsum í frístundahús.

Stærðir lóða fyrir frístundahús skulu ákveðin á hverju svæði eftir mati á hvað umhverfið þolir af byggingum, þeim fjölda íbúðarhúsa sem var á hverju svæði þegar það fór í eyði og fjölda húsa sem nú eru á hverju svæði.

Ekki skal spilla náttúruminum með byggingum. Viðhalda skal landslagsheildum og líffræðilegum fjölbreytileika og gæta þess að hús verði ekki áberandi í landslagi.

Húsum og öðrum minjum um byggð og búskaparhætti frá því fyrir 1950 má ekki spilla, granda, breyta, hylja né flytja úr stað nema leitað hafi verið eftir umsögn Minjastofnunar.

Innan Hornstrandafriðlands gildir auglýsing nr. 332/1985, en þar kemur m.a. fram að mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi (innan netlaga) sé háð leyfi Náttúruverndarstofnunar. Leita skal umsagnar og tilkynna stofnuninni um framkvæmdir þar sem hætta er á því að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Hús frá tímabilinu 1908-1965 eru flokkuð í þrjú flokka og skilgreind á eftirfarandi hátt:

- *Íbúðarhús*: Hús sem búið var í allt árið
- *Þjónustuhús*: Kirkjur, bænahús, samkomuhús, skólar og verslanir
- *Önnur hús*: Útihús, verbúðir, iðnaðarhús, skúrar o.þ.h.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli og í Hornstrandafriðlandi eru svæði fyrir frístundabyggð aðeins tilgreind á uppdrætti ef fjöldi núverandi og heimilaðra húsa er 6 eða fleiri.

Auðkenni	Lýsing og ákvæði um fjölda húsa	Skipulagsákvæði
F-2	Grunnavík: Staður, Oddsflöt, Sútarabúðir og Sætún Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá 9 hús í dag	Allt að 6 ný hús Sjá hverfisverndarákvæði H18
F-3	Höfðaströnd, Jökulfjörðum Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá 3 hús í dag	Allt að 6 ný hús Sjá hverfisverndarákvæði H18
F-4	Dynjandi, Leirufirði Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá 2 hús í dag	Allt að 5 ný hús Sjá hverfisverndarákvæði H18
F-5	Reykjarfjörður Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá 6 hús í dag	Allt að 6 ný hús Sjá hverfisverndarákvæði H18
F-6	Látrar, Aðalvík Hornstrandafriðland 9 hús í dag	Allt að 12 ný hús Sjá ákvæði um <i>Hornstrandafriðland</i> í almennum ákvæðum
F-7	Fljótavík	Allt að 4 ný hús

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Auðkenni	Lýsing og ákvæði um fjölda húsa	Skipulagsákvæði
	Hornstrandafriðland 6 hús í dag	Sjá ákvæði um <i>Hornstrandafriðland</i> í almennum ákvæðum
F-8	Furufjörður Hornstrandafriðland 3 hús í dag	Allt að 4 ný hús Sjá ákvæði um <i>Hornstrandafriðland</i> í almennum ákvæðum
F-9	Hesteyri Hornstrandafriðland 9 hús í dag	Allt að 9 ný hús Sjá ákvæði um <i>Hornstrandafriðland</i> í almennum ákvæðum
F-10	Valhöll Svæði á náttúruminjaskrá	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum
F-11	Landsbankahúsið í Tungudal (-ha) Á ofanflóðahættusvæði Svæði á náttúruminjaskrá 1 hús í dag	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum
F-12	Dyngja, Dagverðardal (-ha) Á ofanflóðahættusvæði 1 hús í dag	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum
F-13	Tunguskógur, Skutulsfirði (8 ha) Á ofanflóðahættusvæði 35 hús í dag	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum
F-14	Dagverðardalur, neðan námu (-ha) Eitt hús í dag	Allt að 15 ný hús

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Auðkenni	Lýsing og ákvæði um fjölda húsa	Skipulagsákvæði
F-19	Seljaland í Skutulsfirði (-ha) Á ofanflóðahættusvæði 1 hús í dag	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum
F-20	Grænigarður (-ha) Á ofanflóðahættusvæði 1 hús í dag	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum
F-21	Dagverðardalur (8,2 ha) Hverfi í uppbyggingu	<p>Allt að 45 ný frístundahús og þjónustuhús.</p> <p>Á F21 má 60% svæðis (skal afmarka á deiliskipulagi) hafa bústaði í flokki II: Gististaðir án veitinga og í tegund (h). Frístundahús: Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarféлага og starfsgreinaféлага, eru undanskilin (skv. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald). Innan sama hluta svæðis er heimilt að reka þjónustuhús með veitingarekstri í flokki II með veitingarstarfsemi í flokki c. Veitingastofa og greiðasala. Á öðrum hluta reitsins er aðeins heimilt að hafa orlofshús í einkaeigu.</p> <p>Skilmálar fyrir frístundabyggð skulu settir í deiliskipulag. Þar skal kveðið á um stærð og gerð húsa, fjölda gistirúma í útleiguhúsum, efnisnotkun og útlit húsa, vegakerfi, bílastæði og veitur. Leikvöllur/almenningsrými skal vera á svæðinu. Góðar tengingar skulu vera fyrir gangandi innan svæðis og út í umlykjandi náttúru ásamt greiðum aðgangi til og frá leikvelli og þjónustuhúsi. Skýrt skal vera, s.s. með skiltum, að gangandi vegfarendur eru í forgangi á svæðinu og börn að leik.</p> <p>Yfirbragð svæðis skal vera sem náttúrulegast. Hús skulu falla að landslagi og inn í náttúruna eins og kostur er til að draga úr sýnileika. Efnisval skal taka mið af jarðlitum. Eigi skal planta trjám sem munu skerða útsýni frá dvalarrýmum húsanna, einungis er gert ráð fyrir kjarri og runnagróðri. Óheimilt er að grisja skóglendi á lóðum umfram það sem nauðsynlegt er vegna eðlilegra nota af lóðinni. Halda skal raski á náttúru í algjöru lágmarki og leggja til hliðar gróðurþekju og endursetja þegar hægt er. Nota skal lágstemmda lýsingu á svæðinu til að forðast ljósmengun.</p>
F-23	Hnífsdalur (0,5 ha)	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Auðkenni	Lýsing og ákvæði um fjölda húsa	Skipulagsákvæði
	Á ofanflóðahættusvæði 4 hús í dag	
F-24	Hnífsdalur (0,3 ha) Hverfisverndarð svæði H9 Á ofanflóðahættusvæði 3 hús í dag	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum
F-25	Sandar, Dýrafirði 1 hús í dag	Allt að 6 ný hús
F-26	Lækjarós, Dýrafirði 1 hús í dag	Allt að 7 ný hús
F-27	Nesdalur Ekkert hús í dag	Allt að 4 ný hús
F-28	Nesdalur, í landi Sæbóls I, II og III Ekkert hús í dag	Allt að 4 ný hús
F-29	Ingjaldssandur, í landi Hrauns og Álfadals Ekkert hús í dag	Allt að 16 ný hús, 4 á hverju svæði
F-33	Tröð, Önundarfirði 1 hús í dag	Allt að 5 ný hús
F-34	Innri Hjarðardalur, Önundarfirði 1 hús í dag	Allt að 9 ný frístundahús og þjónustuhús
F-35	Kroppsstaðir, Önundarfirði	Allt að 6 ný hús

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Auðkenni	Lýsing og ákvæði um fjölda húsa	Skipulagsákvæði
	Ekkert hús í dag	
F-36	Efri Hús, Öundurafirði 3 hús í dag	Allt að 3 ný hús
F-37	Hóll, Öundurafirði 1 hús í dag	Allt að 5 ný hús
F-38	Ytri-Veðrará, Öundurafirði Ekkert hús í dag	Allt að 5 ný hús
F-39	Selárdalur, Súgandafirði 1 hús í dag	Allt að 7 ný hús
F-40	Heimabær í Arnardal, Skutulsfirði 3 hús í dag	Allt að 6 ný hús
F-41	Sæból og Garðar, Aðalvík Hornstrandafriðland 12 hús í dag	Allt að 3 ný hús Sjá ákvæði um <i>Hornstrandafriðland</i> í almennum ákvæðum
F-42	Hæsti Hvammur (Efsti Hvammur), Dýrafirði 3 hús í dag	1 nýtt hús
F-43	Drangar, Dýrafirði Hverfisverndað svæði H1 1 hús í dag, á ytri hluta jarðarinnar	Allt að 4 ný hús, í fjarðarbotni Sjá hverfisverndarákvæði H1
F-44	Kjós, Leirufirði Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá	Allt að 5 ný hús Sjá hverfisverndarákvæði H18

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing og ákvæði um fjölda húsa</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
	1 hús í dag	
F-45	Gullhúsá, Snæfjallaströnd Hverfisverndað svæði H18 og á náttúruminjaskrá Ekkert hús í dag	Allt að 6 ný hús Sjá hverfisverndarákvæði H18
F-46	Horn í Hornvík Hornstrandafriðland 2 hús í dag	Allt að 5 ný hús Sjá ákvæði um friðlandið í almennum ákvæðum
F-47	Núpur – austan Núpsvegur (- ha) 1 hús í dag	Allt að 3 ný hús
F-48	Hafrafell, Skutulsfirði (- ha)	Allt að 5 ný hús
F-49	Engi og Kúluhúsið á Seljalandsvegi (- ha) Á ofanflóðahættusvæði 2 hús í dag	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum
F-50	Dagverðardalur (- ha) 8 hús í dag	Allt að 12 ný hús
F-51	Núpur – vestan Núpsvegur (- ha) 1 hús í dag	Allt að 9 ný hús auk þjónustuhúss
F-52	Arnardalur	þarfnast skoðunar – vantar upplýsingar

## 13.6 HAFNIR (H)



Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

### Skipulagsákvæði fyrir hafnir

#### Almenn ákvæði

Svigrúm er fyrir viðhald og endurbætur á hafnarmannvirkjum.

Byggingar og önnur mannvirki skulu taka mið af einkennum nærliggjandi byggðar og umhverfi.

Heimilt er að dýpka innsiglingaleiðir og viðlegusvæði við hafnarkanta.

#### Sértæk ákvæði

Auðkenni Lýsing

Skipulagsákvæði

H-1

Ísafjarðarhöfn: Sundabakki, Sundahöfn og Mávagarður  
Hafnirnar heyra undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005

Höfnin skal þjónusta fjölbreyttar gerðir báta og skipa, m.a. í tengslum við fiskveiði, fiskeldi, ferðaþjónustu og flutninga. Tryggja ber nægt viðlegupláss.

Við Sundabakka er gert ráð fyrir stærri skipum, m.a. skemmtiferðaskipum, flutningaskipum og löndunum fiskveiðibáta.

Í Sundahöfn er gert ráð fyrir minni og meðalstórum bátum. Þar er einnig gert ráð fyrir móttöku ferjubáta frá skemmtiferðaskipum sem ekki geta lagst að bryggju.

Á iðnaðarsvæði á Mávagarði er gert ráð fyrir olíubirgðastöð og skal nýting hafnarsvæða þar taka mið af nálægð við hana.

Aðal móttökusvæði ferðamanna skemmtiferðaskipa skal vera við Sundabakka. Við Sundabakka er gert ráð fyrir móttökuhúsi fyrir farþega. Tryggja skal öruggar gönguleiðir farþega og íbúa til að lágmarka skörun við aðra starfsemi á svæðinu. Sérstök áhersla er á vandað útlit svæða næst móttöku og gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa. Við sunnanverðan Sundabakka er gert ráð fyrir grófhreinsistöð fyrir fráveitu. Syðst á tanganum er gert ráð fyrir gámasvæði.

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
		<p>Huga skal að nálægð hafnarsvæðis við íbúðarbyggð. Vanda skal allan frágang við framkvæmdir og ganga snyrtilega um hafnarsvæðið.</p> <p>Tryggja skal rofvarnir innan hafnarsvæðis. Framkvæmdir til aðlögunar að breyttum umhverfisaðstæðum eru heimilar.</p> <p>Heimild er fyrir uppbyggingu innviða fyrir endurnýjanlegt eldsneyti.</p> <p>Hæð mannvirkja takmarkast af hindranafötum Ísafjarðarflugvallar.</p> <p>Tryggja skal næga lýsingu fyrir starfsemi á höfninni þannig að lýsingin skapi öryggi en valdi ekki ljósmengun. Vanda skal gerð búnaðar og stig lýsingar við ákvarðanir um hvaða fletir skulu upplýstir.</p>
H-2	<p>Suðureyrarhöfn</p> <p>Brjótur, löndunarbyggja.</p> <p>Höfnin heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005</p>	<p>Gert er ráð fyrir stækkun hafnarmannvirkja í tengslum við nýja landfyllingu innan við Brjótinn. Höfninni er ætlað að þjóna starfsemi á fyrirhugaðri landfyllingunni sem sækir styrk sinn í nálægð við höfn. Svigrúm er fyrir lengingu Brjótisins til að verja hið fyllta svæði fyrir sjógangi.</p> <p>Vanda skal allan frágang við framkvæmdir og ganga snyrtilega um hafnarsvæðið.</p> <p>Tryggja skal næga lýsingu fyrir starfsemi á höfninni þannig að lýsingin skapi öryggi en valdi ekki ljósmengun. Vanda skal gerð búnaðar og stig lýsingar við ákvarðanir um hvaða fletir skulu upplýstir.</p>
H-3	<p>Suðureyrarhöfn</p> <p>Höfnin heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005</p>	<p>Höfnin skal veita almenna þjónustu, svo sem fyrir atvinnustarfsemi, flutninga og frístundabáta á Suðureyri. Tryggja ber nægt viðlegupláss.</p> <p>Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Vanda skal allan frágang við framkvæmdir og ganga snyrtilega um hafnarsvæðið.</p> <p>Efla skal tengsl miðsvæðis og hafnarsvæðis en jafnframt tryggja öruggar umferðarleiðir um hafnarsvæðið.</p> <p>Tryggja skal rofvarnir innan hafnarsvæðis. Framkvæmdir til aðlögunar að breyttum umhverfisaðstæðum eru heimilar.</p> <p>Heimild er fyrir uppbyggingu innviða fyrir endurnýjanlegt eldsneyti.</p>

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
		<p>Tryggja skal næga lýsingu fyrir starfsemi á höfninni þannig að lýsingin skapi öryggi en valdi ekki ljósmengun. Vanda skal gerð búnaðar og stig lýsingar við ákvarðanir um hvaða fletir skulu upplýstir.</p>
H-4	<p>Flateyrahöfn</p> <p>Höfnin heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005</p>	<p>Höfnin skal veita almenna þjónustu, svo sem fyrir atvinnustarfsemi, flutninga og frístundabáta á Flateyri. Tryggja ber nægt viðlegupláss.</p> <p>Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Vanda skal allan frágang við framkvæmdir og ganga snyrtilega um hafnarsvæðið.</p> <p>Efla skal tengsl miðsvæðis og hafnarsvæðis en jafnframt tryggja öruggar umferðarleiðir um hafnarsvæðið.</p> <p>Tryggja skal rofvarnir innan hafnarsvæðis. Framkvæmdir til aðlögunar að breyttum umhverfisaðstæðum eru heimilar, sem og varnargarður vegna ofnaflóða.</p> <p>Heimild er fyrir uppbyggingu innviða fyrir endurnýjanlegt eldsneyti.</p> <p>Tryggja skal næga lýsingu fyrir starfsemi á höfninni þannig að lýsingin skapi öryggi en valdi ekki ljósmengun. Vanda skal gerð búnaðar og stig lýsingar við ákvarðanir um hvaða fletir skulu upplýstir.</p>
H-5	<p>Þingeyrarhöfn</p> <p>Höfnin heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005</p>	<p>Höfnin skal veita almenna þjónustu, svo sem fyrir atvinnustarfsemi, flutninga og frístundabáta á Flateyri. Tryggja ber nægt viðlegupláss.</p> <p>Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Vanda skal allan frágang við framkvæmdir og ganga snyrtilega um hafnarsvæðið.</p> <p>Efla skal tengsl miðsvæðis og hafnarsvæðis en jafnframt tryggja öruggar umferðarleiðir um hafnarsvæðið.</p> <p>Tryggja skal rofvarnir innan hafnarsvæðis. Framkvæmdir til aðlögunar að breyttum umhverfisaðstæðum eru heimilar.</p> <p>Heimild er fyrir uppbyggingu innviða fyrir endurnýjanlegt eldsneyti.</p> <p>Tryggja skal næga lýsingu fyrir starfsemi á höfninni þannig að lýsingin skapi öryggi en valdi ekki ljósmengun. Vanda skal gerð búnaðar og stig lýsingar við ákvarðanir um hvaða fletir skulu upplýstir.</p>

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H-6	Hnífsdalsbryggja Bryggjan heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005	Heimilt er að endurbyggja hafnarmannvirkin. Vanda skal allan frágang við framkvæmdir og ganga snyrtilega um hafnarsvæðið. Huga skal að ásýnd svæðisins vegna sýnileika frá þjóðvegi. Tryggja skal að lýsing valdi ekki óþarfa ljósmengun.
H-8	Mjólkárbyggja Bryggja fyrir fiskeldisbáta og aðra starfsemi í Arnarfirði	Ný þjónustubryggja (trébryggja og flotbryggja) við núverandi ferjubryggju sem leggst af. Aðkoma frá þjóðvegi 60 um afgreiðslusvæði endurnýjanlegs eldsneytis. Að utanverðu er gert ráð fyrir 200 m löngun grjótgarði og 50 m langri trébryggju, innan netlaga. Að innanverðu er fyrirhugaður 75 m langur grjótgarður og 20 m löng flotbryggja. Efni í sjóvarnir við bryggjuna verður tekið úr opnum námum á svæðinu (m.a. E-19). Gert er ráð fyrir möguleika á afhendingu raforku og rafeldsneytis fyrir báta við bryggjuna. Rafmagn kemur frá Mjólkárvirðjun. Gert er ráð fyrir allt að 500 m <sup>2</sup> einnar hæðar þjónustubyggingu við bryggjuna. Í byggingunni verður aðstaða fyrir notendur bryggjunnar og geymsla fyrir búnað. Áhersla er lögð á vandaðan frágang og reynt skal að draga úr sýnileika byggingar frá þjóðveginum. Frágangur svæðisins skal nánar útfærður í deiliskipulagi. Merkja skal Katrínarstein ef farið verður í framkvæmdir nálægt honum, í samræmi við fornleifaskráningu. <sup>84</sup> Tryggja skal að lýsing valdi ekki óþarfa ljósmengun.
H-11	Ísafjarðarhöfn: Ásgeirsbakki og Batahöfn Hafnirnar heyra undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005	Höfnin skal þjónusta fjölbreyttar gerðir báta og skipa, m.a. í tengslum við fiskveiði, fiskeldi, ferðaþjónustu, frístundir og flutninga. Við Ásgeirsbakka er viðlegupláss fyrir stærri báta og skip, m.a. minni skemmtiferðaskip og landanir fiskveiðibáta. Í Batahöfn er gert ráð fyrir minni bátum fyrir ferðaþjónustu sem og frístundabátum. Gert er ráð fyrir aðstöðu í landi fyrir skútur við Olíumúlan. Tryggja ber nægt viðlegupláss. Beina skal umferð gangangi frá Ásgeirsbakka en tryggja góðar gönguleiðir að Olíumúlanum. Gert er ráð fyrir bryggjuhverfi við Batahöfn (Pollgötu) með áhugaverðri gönguleið meðfram hafnarkantinum.

<sup>84</sup> Náttúrustofa Vestfjarða (2024).

<i>Sértæk ákvæði</i>		<i>Skipulagsákvæði</i>
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	
		<p>Huga skal að nálægð hafnarsvæðis við íbúðarbyggð. Vanda skal allan frágang við framkvæmdir og ganga snyrtilega um hafnarsvæðið.</p> <p>Tryggja skal rofvarnir innan hafnarsvæðis. Framkvæmdir til aðlögunar að breyttum umhverfisaðstæðum eru heimilar.</p> <p>Heimild er fyrir uppbyggingu innviða fyrir endurnýjanlegt eldsneyti.</p> <p>Tryggja skal næga lýsingu fyrir starfsemi á höfninni þannig að lýsingin skapi öryggi en valdi ekki ljósmengun. Vanda skal gerð búnaðar og stig lýsingar við ákvarðanir um hvaða fletir skulu upplýstir.</p>
H-12	Gamlar ferjubryggjur: Bæir, Gemlufall og Æðey Bryggjurnar heyra undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005	Svigrúm til viðhalds og uppbyggingar á bryggjunum.
H-13	Minni bryggjur fyrir farþega- og frístundabáta: Tyrðilmýri, Grunnavík, Höfðaströnd, Hesteyri, Látrar og Reykjafjörður	Svigrúm til viðhalds og uppbyggingar
H-14	Holtsbryggja í Önundarfirði Innan hverfisverndarsvæðis H5 Bryggjan heyrir undir Hafnir Ísafjarðarbæjar skv. reglugerð 1190/2005	Viðhalda skal bryggjunni og varðveita ásýnd hennar.

### 13.7 IÐNAÐARSVÆÐI (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

#### Skipulagsákvæði fyrir Iðnaðarsvæði

##### Almenn ákvæði

Umgengni á iðnaðarsvæðum skal vera snyrtileg og haga skal mannvirkjum og frágangi á lóðum þannig að ásýnd og yfirbragð séu til sóma.

Forðast skal að varningur safnist á ónýttar lóðir og opin atvinnusvæði. Nýta skal trjágróður á jöðrum iðnaðarsvæða til að draga úr sjónrænum áhrifum þar sem því verður við komið.

Stuðla skal að öryggi á iðnaðarsvæðum í samræmi við markmið aðalskipulagsins um náttúruvár.

Lýsingu á iðnaðarsvæðum þarf að nálgast á heildrænan hátt þar sem öryggi og velferð íbúa og þeirra sem nýta svæðið er sett í forgrunn. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar en valdi ekki ljósmengun eða truflun á lífríki.

##### Sértæk ákvæði

Auðkenni

Lýsing

Skipulagsákvæði

i-1

Mjólkárirkjun í Arnarfirði (- ha)

Afl 12,05 MW

Innan hverfisverndarsvæðis H1 og að litlum hluta á náttúruminjaskrá

Svigrúm fyrir viðhald og endurbætur virkjunar og tengdra mannvirkja (uppistöðulón og stíflur, veitugöng og skurði, inntaksmannvirki, stöðvarhús og vegi). Til lengri tíma eru frekari virkjanaframkvæmdir mögulegar.

Lágmarka skal allt rask á umhverfi og fella mannvirki sem best að landslagi. Skógrækt er heimil á láglandi. Miða skal allar framkvæmdir við að hluti virkjunarinnar er á hverfisverndarsvæði HV-1.

STÆKKUN VIRKJUNAR - HÓFSÁRVEITA

**Sértæk ákvæði**

Auðkenni Lýsing

*Skipulagsákvæði*

*Hófsárveita - stíflur*

Gert er ráð fyrir tveimur stíflum:

Stífla í útrás, norðvestan við ónefnt vatn í 626 m hæð. Leyfileg lengd stíflu er 300 m, mesta hæð 14 m og áætlað efnismagn 43.000 m<sup>3</sup>.

Stífla í útrás, norðan við Grímsvatn. Stíflan má vera allt að 120 m löng og tveggja metra há. Áætlað efnismagn er 1.000 m<sup>3</sup>.

Vötn í 626 m og 632 m hæð mynda eitt lón vegna stíflugerðar og veituskurða. Flatarmál lónanna verður 0,14-0,66 km<sup>2</sup> eftir vatnsstöðu en er fyrir framkvæmdir 0,3 km<sup>2</sup>. Flatarmál Grímsvatns verður 0,06-0,20 km<sup>2</sup> vegna niðurdráttar en er fyrir framkvæmdir 0,18 km<sup>2</sup>.

*Hófsárveita - veituskurðir*

Gert er ráð fyrir tveimur veituskurðum:

Veituskurður á milli vatna í 626 m og 632 m hæð. Allt að 300 m langur og 2,5 m breiður við botn.

Veituskurður með yfirfalli og botnloka (lokuhúsi) sunnan Grímsvatns og í átt að Borgarhvilftarlæk. Allt að 500 m langur og 2,5 m breiður við botn.

*Hófsárveita – efnistaka*

Gert er ráð fyrir 23.000 m<sup>2</sup> efnistökusvæði á milli vatna í 626 m og 632 m hæð. Þar er heimilt að taka allt að 20.000 m<sup>3</sup> af efni. Efnistökusvæðið er ekki tilgreint á uppdrætti, þar sem það er innan lónstæðis og tímabundið.

*STÆKKUN VIRKJUNAR – TANGAVATN OG HÓLMAVATN*

*Tangavatn - veituskurður*

Veituskurður á milli Kattarvatns og Tangavatns. Allt að 95 m langur og 2,5 m breiður við botn.

*Tangavatn - stækkun stíflu*

Sértæk ákvæði

Auðkenni

Lýsing

Skipulagsákvæði

Heimild fyrir allt að 230 m langri stíflu og 100 m steypu yfirfalli. Stíflan hækkar um 3 m og þar með lokuhús. Áætlað efnismagn í stíflu er 11.000 m<sup>3</sup>. Flatarmál vatns við hæstu stöðu fer úr 0,35 km<sup>2</sup> í 0,40 km<sup>2</sup>. Hæsta staða vatns verður 563,2 m y.s. Gert er ráð fyrir þremur, samtals 220 m löngum veituskurðum neðan stíflu. Uppmokstursefni verður nýtt í stíflu.

*Tangavatn og Hólmavatn*

Heimild er fyrir allt að 60 m<sup>2</sup> stöðvarhúsi á einni hæð við Hólmavatn.

*Hólmavatn - þrýstipípa*

Heimild er fyrir allt að 700 m langri og 0,7 m víðri þrýstipípu á milli Tangavatnsstíflu og fyrirhugaðs stöðvarhúss við Hólmavatn. Pípan verður úr trefjaplasti og niðurgráfin. Lágmarka skal rask og ásýndarbreytingu svæðisins. Endurnýta skal efsta lag jarðefna við fyllingu í skurðinn. Pípan er ekki tilgreind á skipulagsuppdraetti en gera skal grein fyrir henni í deiliskipulagi. Afgangur af uppmokstursetni verður nýttur í veg og stíflu.

*Rafstrengur og ljósleiðari*

Heimild er fyrir rafstreng og ljósleiðara á milli Langavatns, Tangavatns og stöðvarhúss við Hólmavatn. Lagnirnar skulu fylgja vegi og vera niðurgráfnar. Allt rask skal lágmarkað við framkvæmdirnar.

*Vegur að stöðvarhúsi*

Heimild er til lagningar vegar að fyrirhuguðu stöðvarhúsi við Hólmavatn (um 800 m). Vegurinn tengist núverandi slóða sem liggur að Tangavatni. Efni í veginn fæst úr uppgreftri þrýstipípu, skeringum og mögulega úr efnistökusvæði við Tangavatn. Vegurinn liggur um ógróin holt og mela og skal lagður með það í huga að sem minnstur skaði verði á náttúrunni. Vegurinn er sýndur á skipulagsuppdraetti.

*Tangavatn -Efnistaka*

Gert er ráð fyrir efnistöku í lónstæði Tangavatns, í þeim hluta sem fer undir vatn við stækkun stíflu. Heimilt er að taka allt að 15.000 m<sup>3</sup> af efni vegna framkvæmdanna, þ.e. 11.000 m<sup>3</sup> í stíflu og 1.200 m<sup>3</sup> fyrir þrýstipípu frá Tangavatni og að Hólmavatni, og auk þess allt að 1.500 m<sup>3</sup> í vegagerð.

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
		<p>Ganga skal frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Efnistökusvæðið er ekki tilgreint á uppdrætti, þar sem það er innan lónstæðis og tímabundið. Gera skal grein fyrir því í deiliskipulagi. Fyrirhugað efnistökusvæði verður 9,5 ha að umfangi.</p> <p><i>Borgarförður- spennivirki</i></p> <p>Endurnýja á spennivirkin tvö í Borgarfirði og byggja yfir þau. Byggt verður við stöðvarhúsið og ný bygging mun rísa ofan við núverandi spennivirki, austan vélageymslu.</p>
i-2	Iðnaðarsvæði við Hnífsdalsbryggju	<p>Almenn iðnaðarstarfsemi.</p> <p>Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika frá þjóðvegi.</p>
i-3	Iðnaðarsvæði við Brjótinn á Suðureyri	<p>Almenn iðnaðarstarfsemi á nýrri landfyllingu. Tryggja þarf greiðar samgöngur að svæðinu fyrir stærri ökutæki sem tengjast starfsemi á þessu svæði.</p> <p>Skv. úrskurði Skipulagsstofnunar í júlí 2022 er landfyllingin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.</p>
i-4	Iðnaðarsvæði á Flateyri	Almenn iðnaðarstarfsemi. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð og hverfisverndarsvæði.
i-5	Iðnaðarsvæði á Þingeyri	Almenn iðnaðarstarfsemi. Huga skal að nálægð við hverfisverndarsvæði, miðbæjarstarfsemi, íbúðarbyggð, íþróttasvæði og kirkju.
i-6	Tengivirki og iðnaðarstarfsemi í Breiðadal	Vistvænn iðnaður í samræmi við áherslur hringrásarhagkerfisins. Svigrúm til endurbóta tengivirkis. Huga skal að nálægð við hverfisverndarsvæði.
i-7	Iðnaðarsvæði við Sindragötu og Mávagarð	Almenn iðnaðarstarfsemi. Huga skal að nálægð við hverfisverndarsvæði.
i-8	Funi, móttökustöð fyrir úrgang Á ofanflóðahættusvæði	<p>Móttökustöð fyrir úrgang. Heimilt að taka á móti allt að 3.000 t af úrgangi á ári til meðhöndlunar, þ.e. flokkunar, umhleðslu, pökkunar, geymslu og jarðgerðar.</p> <p>Bygging sorpmóttökustöðvarinnar er varin fyrir ofanflóðum með varnargarði. Utan varða svæðisins er ekki gert ráð fyrir þjónustu með samfelldri viðveru starfsfólks eða miklum mannsafnaði á svæðinu að vetrarlagi. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum eða</p>

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
		viðbyggingum. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
i-9	Hreinsistöð fyrir fráveitu á Þingeyri	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta. Huga skal að nálægð við aðra landnotkun, svo sem útivist.
i-11	Mýrarárvirkjun á Snæfjallaströnd (- ha) Afl 60 kW	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta. Miða skal allar framkvæmdir við að svæðið er á náttúruminjaskrá.
i-12	Úlfsárvirkjun í Dagverðardal (- ha) 500 kW	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta.
i-13	Breiðadalsvirkjun Breiðadal í (- ha) 570 kW	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta.
i-14	Rafstöðin að Fossum í Engidal (- ha) Afl 1,1 MW	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta.
i-16	Dalsorkuvirkjun í Súgandafirði (- ha) Afl 550 kW	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta. Miða skal allar framkvæmdir við að svæðið er á náttúruminjaskrá.
i-30	Tungudalsvirkjun í Tungudal (0,3 ha) Afl 700 kW	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta.
i-32	Iðnaðarsvæði á Skeiði, Ísafirði (-ha)	Tengivirki, kyndistöð og almenn iðnaðarstarfsemi. Svigrúm til endurbóta. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
i-34	Iðnaðarsvæði við Skutulsfjarðarbraut (1,5 ha) Á ofanflóðahættusvæði	Almenn iðnaðarstarfsemi. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
		Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum, viðbyggingum eða samfelldri viðveru fólks að vetri til. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
i-35	Athafnasvæði við Eyrargötu, Ísafirði (1 ha)	Almennt athafnastarfsemi. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð. Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við uppbyggingu og viðhald á þeim svæðum sem eru á hverfisverndarsvæði. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn.
i-39	Iðnaðarsvæði á Mávagarði á Ísafirði. M.a. Olíubirgðarstöð. (0,6 ha)	Svæðið er ætlað fyrir olíubirgðastöðvar, aðra orkugjafa og sambærilegan iðnað. Huga skal að nálægð við íbúðarbyggð og matvælaíðnað.
i-40	Iðnaðarsvæði á Suðurtanga á Ísafirði (- ha)	Gert er ráð fyrir fjölbreyttum iðnaði sem samrýmist umhverfi og nálægri landnýtingu. Svæðið er einkum fyrir starfsemi sem krefst aðgengis að höfn og nauðsynlega innviði, svo sem framleiðslu og afhendingu á endurnýjanlegu eldsneyti. Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika við innkomu í bæinn. Sérstök áhersla er á vandað útlit svæða næst móttöku og gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa, sem skal nánar útfært í deiliskipulagi. Hæð mannvirkja takmarkast af hindranaflötum Ísafjarðarflugvallar.
i-42	Þverárvirkjun í Breiðadal (- ha) 400 kW	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta.
i-43	Kaldárvirkjun í Önundarfirði (- ha) 400 kW	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta. Miða skal allar framkvæmdir við að hluti virkjunarinnar er á hverfisverndarsvæði HV-5.
i-44	Laugar í Súgandafirði - jarðhitasvæði (ha)	Heimild til nýtingar jarðhita og frekari jarðhitaleitar, m.a. með borunum. Borteigur er í landi Ísafjarðarbæjar með dæluhúsi og borholuskýli. Einnig er gert ráð fyrir borteigi í landi Lauga með allt að 10 m <sup>2</sup> mannhæðarháu borholuskýli. Heimilt er að leggja hitaveitulögn frá borteigi í landi Lauga að dæluhúsi. Aðkoma að svæðinu er frá Súgandafjarðarvegi.

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
		<p>Áhersla er lögð á snyrtilegt umhverfi vegna sýnileika svæðisins við innkomu í bæinn. Að framkvæmdum loknum skal ganga frá borteigum þannig að sem minnst rask sjáist. Lágmarka skal stærð borteiga.</p>
i-45	Iðnaðarsvæði sunnan Mjólkár	<p>Afhending endurnýjanlegs eldsneytis við Þjóðveg 60 sunnan Mjólkár. Gert er ráð fyrir afgreiðslusvæði og geymslusvæði rafeldsneytis. Einnig er svigrúm fyrir framleiðslu á rafeldsneyti.</p> <p>Heimild er fyrir allt að 500 m<sup>2</sup> byggingu til framleiðslunnar. Vegghæð: Að hámarki 7 m. Mænishæð: Að hámarki 10 m. Önnur aðstaða tengd framleiðslunni, svo sem vegna geymslu og flutnings rafeldsneytis, verður utandyra. Rafmagn kemur frá Mjólkárveikjun. Jarðefni vegna framkvæmdanna verður tekið úr opnum námum á svæðinu (námum E-14, E-15 og E-18).</p> <p>Gert er ráð fyrir þremur allt að 400 m<sup>2</sup> byggingum í tengslum við veikjunina og starfsemi á svæðinu. Vegghæð: Að hámarki 4 m. Mænishæð: Að hámarki 6 m. Sunnan Mjólkár, ofan Þjóðveggar 60, er heimild fyrir tímabundnum vinnubúðum (nánar útfært í deiliskipulagi).</p>
i-46	Tungudalur – jarðhitasvæði	<p>Heimild til nýtingar jarðhita og frekari jarðhitaleitar, m.a. með borunum. Heimilt er að reisa dæluhús neðan Skógarbrautar og leggja hitaveitulagnir frá vinnsluholum að dæluhúsinu.</p> <p>Taka skal tillit til núverandi og fyrirhugaðrar byggðar, m.a. með tilliti til ásýndar, lýsingar og hljóðvistar. Miða skal við þau mörk sem gilda um hávaða við íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum, sbr. viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða í viðauka í reglugerð um hávaða nr. 724/2008.</p>
i-47	<p>Botnsveikjun í landi botns í Dýrafirði</p> <p>3 MW</p> <p>Innan hverfisverndarsvæðis H1 og á náttúruminjaskrá</p>	<p>Heimilt er að reisa allt að 3 MW rennslisveikjun með mögulegri dægurmiðlun, sem nýtir hluta rennslis Botnsár og Drangár. Virkjað rennsli má vera allt að 1,0 m<sup>3</sup>/s. Áætluð orkuvinnsla verður allt að 18 GWh.</p> <p>Gert er ráð fyrir inntaksmannvirki í um 370 m hæð og 3,2 km þrýstipípu að stöðvarhúsi. Stærð stöðvarhúss má vera allt að 150 m<sup>2</sup> og 4 m á hæð. Vegslóði að stöðvarhúsi er allt að 100 m.</p>

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
		<p>Áætluð efnispörf er 20.000 m<sup>3</sup> og er gert ráð fyrir því að nýta efni úr uppgreftri. Umframefni verður sótt í nærliggjandi efnisnámur.</p> <p>Útfærsla skal taka mið af mögulegum ofanflóðum. Hafa skal samráð við Veðurstofu Íslands við deiliskipulagsgerð.</p> <p>Virkjunin verður tengd inn á dreifikerfið með jarðstreng að munna Dýrafjarðarganga. Aðkoma að stöðvarhúsi verður um gamla þjóðveginn sem liggur inn í Dýrafjarðarbotn sunnaverðan.</p> <p>Heimilt er að setja upp tímabundna aðstöðu fyrir verktaka, tæki og búnað nærri stöðvarhúsi virkjunarinnar.</p> <p>Lágmarka skal allt rask við framkvæmdir þannig að sem minnst breyting verði á framkvæmdasvæðinu. Frágangur svæðisins skal nánar útfærður í deiliskipulagi.</p>
i-48	<p>Hvallátursvirkjun í landi botns í Dýrafirði</p> <p>2,5 MW</p> <p>Innan hverfisverndarsvæðis H1 og á náttúruminjaskrá</p>	<p>Heimilt er að reisa allt að 2,5 MW rennslisvirkjun í Hvallátradalsá með mögulegri dægurmiðlun. Gert er ráð fyrir inntaksmannvirki í u.þ.b. 420 m hæð og þaðan má leggja um 2,3 km þrýstípiu vestan árinna að stöðvarhúsi. Heimilt er að reisa allt að 100 m<sup>2</sup> stórt og 4 m hátt stöðvarhús.</p> <p>Útfærsla skal taka mið af mögulegum ofanflóðum. Hafa skal samráð við Veðurstofu Íslands við deiliskipulagsgerð.</p> <p>Virkjunin verður tengd inn á dreifikerfið með jarðstreng að munna Dýrafjarðarganga. Aðkoma að stöðvarhúsi verður um gamla þjóðveginn sem liggur inn í Dýrafjarðarbotn sunnaverðan.</p> <p>Heimilt er að setja upp tímabundna aðstöðu fyrir verktaka, tæki og búnað nærri stöðvarhúsi virkjunarinnar.</p> <p>Lágmarka skal allt rask við framkvæmdir þannig að sem minnst breyting verði á framkvæmdasvæðinu. Frágangur svæðisins skal nánar útfærður í deiliskipulagi.</p>
i-49	Iðnaðarsvæði á Suðureyri (- ha)	Almenn iðnaðarstarfsemi og hreinsistöð fyrir fráveitu. Huga skal að nálægð við hverfisverndarsvæði, miðbæjarstarfsemi, íbúðarbyggð og þjónustusvæði.
i-50	Hitaveita á Suðureyri (- ha)	Óbreytt notkun, svigrúm til endurbóta.

### 13.8 ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB)

---

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

#### Skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð

---

##### *Almenn ákvæði*

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir annarri starfsemi sem þjónar íbúðarhverfunum og veldur ekki óþægindum vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða dregur að sér óeðlilega mikla umferð.

Sérkenni byggðar og náttúru skulu varðveitt við uppbyggingu íbúðarbyggðar.

Rík áhersla er lögð á mótun bæjarrýmis og gott yfirbragð hverfa og bygginga, með vönduðu deiliskipulagi og hönnun.

Hugað skal að nálægð við útivistarsvæði við uppbyggingu, öruggum göngu- og hjólaleiðum sem og aðgengi fyrir alla.

Á íbúðarsvæðum er svigrúm fyrir heimagistingu (flokkur I, 3. gr. í reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald) og íbúðir til útleigu tengdar ferðaþjónustu. Til staðar þarf að vera eitt bílastæði á hvert herbergi. Á íbúðarsvæðum er heimilt að endurútgefa leyfi fyrir starfsemi í flokki II samkvæmt reglugerðinni, þ.e. gististaði án veitinga. Ekki er heimilt að veita ný leyfi fyrir slíka starfsemi innan íbúðarsvæða. Starfsemin má ekki valda íbúum óþægindum, s.s. vegna hávaða, lyktar og lýsingar.

---

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÍB-2	Tunguhverfi, Ísafirði 13 ha	Allt að 135 nýjar íbúðir. Áframhaldandi uppbygging í samræmi við deiliskipulag fyrir ytri hluta hverfisins og innri hlutann. Gert er ráð fyrir samkomuhúsi við Tunguá í innri hlutanum. Heimilt er að nýta byggingar í Neðri-Tungu fyrir ferðapjónustu eða léttu atvinnustarfsemi, auk íbúða.
ÍB-3	Efribær, Ísafirði 21,5 ha Öll byggðin neðan Gleiðarhjalla alveg að Þumlungsgötu. Fyrir er eldra hverfi sem er að stórum hluta á ofanflóðahættusvæði.	Allt að 5 nýjar íbúðir. Þétting byggðar verði í samræmi við einkenni svæðisins og eldri byggð. Túngata er innan hverfisverndarsvæðis H8 og þar gilda því viðeigandi verndarákvæði. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
ÍB-5	Eyrin, Ísafirði 8,2 ha Elsti hverfiskjarni Ísafjarðar, frá Skipagötu / hafnarsvæði að Sólgötu / Kirkjugarði. Gömlu húsin mynda mjög sérstaka ásýnd þéttar byggðar.	Allt að 80 nýjar íbúðir, flestar við Fjarðarstræti. Heimilt er að endurheimta fyrri hús og þetta byggð. Innan reits eru tvö hverfisverndarsvæði (H8 og H20) og þar gilda viðeigandi verndarákvæði. Heimilt er að nýta eldra atvinnuhúsnæðið í Norðurtanga fyrir hreinlega atvinnustarfsemi, s.s. hátækni og þekkingariðnað, auk íbúða. Taka skal mið af sjávarflóðum.
ÍB-6	Holtahverfi, Ísafirði 14,5 ha Að hluta til á ofanflóðahættusvæði	Allt að 4 nýjar íbúðir. Gæta skal þess að uppbygging skerði ekki landbúnaðarnotkun á Góustöðum. Útlit húsa skal falla vel að þeim húsum sem fyrir eru. Í Árholti eru gömul hús sem mikilvægt er að fái að njóta sín. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
ÍB-7	Hauganes, Ísafirði 0,3 ha Sjávarmegin við Djúpveg (Skutulsfjarðarbraut)	Allt að 30 nýjar íbúðir. Gert er ráð fyrir að hverfið byggist upp þegar innri hluti Tunguhverfis verður að mestu byggður.

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÍB-8	Seljalandshverfi, Ísafirði 5,6 ha Að hluta til á ofanflóðahættusvæði	Allt að 12 nýjar íbúðir við Seljaland og Skógarbraut. Gert er ráð fyrir 2 nýjum íbúðum við Seljaland, báðum á snjóflóðahættusvæði A. Gert er ráð fyrir allt að 10 íbúðum við Skógarbraut (neðri) sem er utan snjóflóðahættusvæða. Neðan Skógarbrautar er heimilt að leita að jarðhita á lóðum sem ekki hefur verið úthlutað. Við jarðhitaleit skal miða við þau mörk sem gilda um hávaða við íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum, sbr. viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða í viðauka í reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Virða skal helgunarsvæði fornminja við Kolfinnustaði og gera könnunarskurði í samráði við Minjastofnun. Ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdir og gera Minjastofnun viðvart. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
ÍB-11	Hnífsdalur, meginhluti byggðarinnar 71 ha Stór hluti byggðarinnar er á ofanflóðahættusvæði	Allt að 36 nýjar íbúðir. Annars vegar allt að 30 íbúðir yst og syðst í bænum og hins vegar 6 íbúðir á stökum lóðum á þegar byggðum svæðum í samræmi við deiliskipulag. Verja á byggð með snjóflóðavarnarvirkjum, sbr. kafla 4. Hættumat mun uppfærast í samræmi við nýjar varnir. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða. Elsti hluti svæðisins er á hverfisvernduðu svæði H9. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar, skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
ÍB-12	Hnífsdalur, við Hnífsdalsá 0,4 ha Við Hnífsdalsá ofan Strandgötu. Er á ofanflóðahættusvæði.	Engin ný íbúðarhús. Tilheyrir hverfisvernduðu svæði, H9. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar og ofanflóðahættumat.
ÍB-13	Flateyri, öll íbúðarbyggðin, utan ysta hluta Oddans. 9 ha Að hluta til á ofanflóðahættusvæði.	Allt að 15 nýjar íbúðir. Tilheyrir hverfisvernduðu svæði H11 og skulu því allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
		Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
ÍB-14	Sólbakki innan Flateyrar 0,4 ha Á ofanflóðahættusvæði	Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum eð viðbyggingum vegna ofanflóðahættu. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
ÍB-15	Suðureyri, efsti hluti íbúðarsvæðis. 7 ha Nær öll núverandi hús eru á ofanflóðahættusvæði.	Allt að 50 nýjar íbúðir. Gert ráð fyrir því að íbúðarsvæðið teygi sig niður fyrir Hjallabyggð og út fyrir Hjallaveg. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða. Hluti svæðisins tilheyrir hverfisvernduðu svæði H10 og skulu því allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru. Aðkoma um Hjallaveg og að vestanverðu, frá Brimbrjótnum.
ÍB-16	Suðureyri, ystu íbúðirnar við Aðalgötu og niður að sjó. 0,8 ha	Allt að 5 nýjar íbúðir. Gert ráð fyrir þéttingu byggðar yst á eyrinni við Freyjugötu og Stefnisgötu. Innri hlutinn tilheyrir hverfisvernduðu svæði H10 og skulu því allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa þar vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
ÍB-17	Suðureyri, innsti hluti byggðarinnar. 2,5 ha Hluti íbúðarhúsanna er á ofanflóðahættusvæði.	Allt að 17 nýjar íbúðir. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða. Útlit húsa skal falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
ÍB-18	Þingeyri, íbúðarsvæðið í heild 21,5 ha Lítill hluti reits er á ofanflóðahættusvæði	Allt að 100 nýjar íbúðir. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða. Hluti svæðisins tilheyrir hverfisvernduðu svæði H12. Allar breytingar, viðhald, niðurrif og nýbyggingar húsa á hverfisvernduðum svæðum skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar. Utan hverfisverndaðs svæðis skal útlit húsa falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.
ÍB-25	Landfylling við norðanverða Skutulsfjarðareyri.	Allt að 150 nýjar íbúðir

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
	<p>3,8 ha</p> <p>Nærliggjandi byggð er hverfisvernduð.</p> <p>Búast má við ágangi sjávar úr norðri og norðaustri.</p>	<p>Hverfið skal byggt í anda þess yfirbragðs sem einkennir byggð á Eyrinni og falla vel að núverandi byggð. Við deiliskipulagsgerð skal í þessu samhengi horfa til þéttleika bygginga, breidd gatna og hönnunar umhverfis.</p> <p>Byggingar skulu taka mið af stærðum og hlutföllum íbúðarhúsa á Eyrinni. Horfa skal til staðsetningar á lóð, byggingarmagns, hlutfalla, hæðar, þakforms, lína, rytma, efnisnotkunar og annars útlits sem hefur áhrif á yfirbragð byggðar.</p> <p>Gera skal ráð fyrir öruggum hjóla- og gönguleiðum um hverfið og góðum tengingum við eldri byggð.</p> <p>Umhverfi húsa og almenningsvæði skulu vera í samræmi við ásýnd Eyrarinnar. Þetta á við um girðingar, lýsingu, yfirborðsefni, almenningsbekki o.þ.h. Horfa skal til heildar ásýndar hverfisins við deiliskipulagsgerð og hönnun.</p> <p>Tengja skal byggð við sjóinn og atvinnusögu þar sem það á við.</p> <p>Á vestari hluta svæðisins er gert ráð fyrir minni einbýlishúsum og raðhúsum á tveimur hæðum og með risi. Þessi hluti hverfisins skal spegla nærliggjandi götur innan svæðis í5.</p> <p>Á eystri hluta svæðisins er gert ráð fyrir stærri byggingum, þ.e. raðhúsum og fjölbýli. Fjölbýlishúsin skulu takmarkast við þrjár hæðir og ris. Þessi hluti hverfisins skal vera í takt við nærliggjandi götur innan svæðis í5.</p> <p>Gert er ráð fyrir leiksvæðum innan svæðisins.</p> <p>Verja skal byggð fyrir ágangi sjávar með sjóvarnargarði og landmótun.</p> <p>Hæð lands yfir sjó skal miðast við opinber viðmið um landhæð á lágsvæðum. Fyrir liggur mat á sjávarflóðahættu á núverandi landi.</p> <p>Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sem ráðist verður í til að sporna við mögulegum neikvæðum áhrifum á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum. Það á sérstaklega við landmótun nýrrar strandlengju og aðgengi að fjörinni.</p>
ÍB-29	Flateyraroddi	<p>Allt að 20 nýjar íbúðir.</p> <p>Í vinnslu.</p>
ÍB-30	<p>Mjólká</p> <p>Íbúðir vegna starfsemi Mjólkárvirkjunar.</p> <p>Á hverfisvernduðu svæði HV-1.</p>	<p>Óbreytt landnotkun. Allar framkvæmdir skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar.</p>

### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÍB-31	Veðrará Á hverfisvernduðu svæði HV-5	Allt að 4 nýjar íbúðir. Allar framkvæmdir skulu vera í samræmi við ákvæði hverfisverndar.

## 13.9 ÍPRÓTTASVÆÐI (ÍP)



Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

### Skipulagsákvæði fyrir íþróttasvæði

#### Almenn ákvæði

Íþróttasvæði skulu vera í sátt við umhverfi sitt og aðra nýtingu.

Ávallt skal hugað að aðgengi fyrir alla við hönnun nýbygginga, útisvæða og uppbyggingu innviða.

Huga skal að vandaðri lýsingu og myrkurgæðum á íþróttasvæðum.

Á íþróttasvæðum skal gert ráð fyrir fjölbreyttum ferðamátum, t.d. með því að hafa góðar tengingar við göngu- og hjólastíga og góð hjólastæði.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Íp-1	Hestúsasvæði á Söndum, Dýrafirði	Heimild til áframhaldandi uppbyggingar hestúsaþýggðar, aðstöðu til hestaafþreyingar og frístundabúskapar.
Íp-2	Meðaldalsvöllur í Dýrafirði - golfvöllur	Heimild til áframhaldandi uppbyggingar golfvallar. Samráð skal haft við landeigendur í Meðaldal.
Íp-3	Íþróttavöllur á Þingeyri	Heimild til áframhaldandi uppbyggingar íþróttaaðstöðu.
Íp-4	Skíðasvæðið á Ísafirði Á náttúruminjaskrá og að hluta til á vatnsverndarsvæði Að hluta til á ofanflóðahættusvæði	Áframhaldandi uppbygging á aðstöðu til skíðaiðkunar. Heimild fyrir landmótun, skíðalyftum, skíðaskálum og öðrum mannvirkjum. Heimild til veitinga í skíðaskálum í flokki I-II skv. 4. gr. laga um gisti- og veitingastaði nr. 85/2007. Öll uppbygging skal taka mið af því að svæðið er á náttúruminjaskrá og að hluta til á vatnsverndarsvæði. Öll nýting á reitunum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
Íp-5	Tungudalsvöllur – golfvöllur Að hluta til á ofanflóðahættusvæði.	Heimild til áframhaldandi uppbyggingar golfvallar, æfingarsvæðis og annarrar aðstöðu sem tilheyrir golfiðkun og útivist. Ekki er gert ráð fyrir viðbyggingu við núverandi golfskála, sem er á ofanflóðahættusvæði C. Ekki er gert ráð fyrir samfelldri viðveru fólks að vetri til í golfskálanum. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
Íp-6	Hestúsasvæði í Engidal Á ofanflóðahættusvæði	Heimild til áframhaldandi uppbyggingar hestúsaþýggðar, aðstöðu til hestaiðkunar og frístundabúskapar.
Íp-7	Íþróttasvæði á Torfnesi	Heimild til áframhaldandi uppbyggingar íþróttmannvirkja og íþróttaaðstöðu.
Íp-8	Skotæfingasvæði í Dagverðardal Á vatnsverndarsvæði	Heimild til áframhaldandi uppbyggingar á skotæfingasvæði. Taka skal tillit til vatnsverndar.

*Sértæk ákvæði*


Íb-9

Akstursípróttasvæði í Dagverðardal

Heimild til landmótunar vegna akstursípróttu (mótorkross). Landmótun er aðeins heimil innan svæðis sem þegar hefur verið raskað vegna fyrri efnistöku í Austmannsfallsnámu.

DRÖG

### 13.10 KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K)



Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

#### Skipulagsákvæði fyrir kirkjugarða og grafreiti

##### *Almenn ákvæði*

Vernda skal útlit og ásýnd kirkjugarða og nánasta umhverfis. Við stækkun kirkjugarða skal taka mið af verndargildi þeirra.

Við viðhald og endurbætur kirkjugarða og grafreita verði, eftir því sem mögulegt er, stuðst við algilda hönnun eða aðgengi fyrir alla.

Huga skal að vandaðri lýsingu og myrkurgæðum.

Á hverfisvernduðum svæðum gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.

##### *Sértæk ákvæði*

<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
K-1	Álftamýrarkirkjugarður í Arnarfirði (- ha)	Sjá almenn ákvæði.
K-2	Þingeyrarkirkjugarður (- ha)	Gert ráð fyrir stækkun. Sjá einnig almenn ákvæði.
K-3	Flateyrarkirkjugarður (- ha)	Gert ráð fyrir stækkun. Sjá einnig almenn ákvæði.
K-4	Hnífsdalskirkjugarður (- ha)	Gert ráð fyrir stækkun. Sjá einnig almenn ákvæði.
K-5	Hesteyrarkirkjugarður (- ha)	Sjá almenn ákvæði.
K-6	Unaðsdalskirkjugarður (- ha)	Sjá almenn ákvæði.

### 13.11 LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)



Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Tafla 13.2 Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks-fjarlægð	Undantekningar
Landamerki	50 m	Sameiginleg uppbygging aðliggjandi jarða Jarðhitaleitarholur
Vötn, ár og sjór	50 m	Smávatnsvirkjanir Jarðhitaleitarholur
Friðlýstar fornminjar	100 m	Uppbygging til verndar minjum
Friðaðar fornminjar	15 m	Uppbygging til verndar minjum
Háspennulínur	Breytilegt sbr. töflu 14.1 í kafla 14	Byggingar tengdar háspennulínum.
Veitulagnir	25 m	Byggingar tengdar veitum.
Stofn- og tengivegir	100 m	Jarðhitaleitarholur

### Skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði

#### Almenn ákvæði

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir landbúnaði og tengdum mannvirkjum og starfsemi. Heimild er fyrir stoðgreinum s.s. ferðaþjónustu, gistingu, heimavinnslu og -sölu, þjónustu við landbúnað og smáíðnaði.

Forðast skal að spilla landi sem hentar vel til matvælaframleiðslu. Hefðbundin hlunnindanýting á landbúnaðarlandi er heimil.

Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að reisa allt að þrjú frístundahús á hverju lögbýli án þess að breyta aðalskipulagi. Einnig er heimilt að reisa allt að þrjú íbúðarhús á hverju lögbýli, án tengsla við búrekstur býlisins. Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga og fleira þess háttar.

Svigrúm er fyrir minniháttar ferðaþjónustu í tengslum við búrekstur auk gístiaðstöðu með allt að 10 gistirúmum í flokki I-III skv. 4. gr. laga um gisti- og veitingastaði nr. 85/2007. Einnig minni tjaldsvæði, afþreyingu og aðstöðu til náttúruskoðunar.

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Minniháttar mannvirki eru heimil, svo sem fjarskiptamöstur (allt að 10 m há) og sólarcellur til eigin nota, á og við byggingar. Jarðhitaleit og minni háttar nýting jarðhita er einnig heimil.

Svigrúm er fyrir allt að 30 kW smávirkanir með minni háttar uppistöðulóni eða allt að 200 kW rennslisvirkjanir. Við uppsetningu virkjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni.

Á jörðum með fasta búsetu er heimild fyrir einni vindmyllu. Hámarkshæð hverfils er allt að 20 m, hæsta staða spaða allt að 30 m og uppsett orkuvinnsla allt að 0,5 MW. Lágmarksfjarlægð frá íbúðar- og frístundahúsum á nágrannajörðum skal að lágmarki vera 1.000 m og minnst 200 m frá landamerkjum.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í töflunni hér að framan.

Uppbygging skal falla vel að landi, ásýnd svæðisins og búsetulandslagi.

Huga skal að vandaðri lýsingu á bæjartorfum og tryggja skal myrkurgæði í dreifbýlinu.

Ekki má skerða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
L-1	Verðmætt landbúnaðarland (- ha) Landbúnaðarland í flokki I	Landi verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota en landbúnaðar nema ríkir almannahagsmunir kalli á það, svo sem uppbygging innviða. Heimilt er að staðsetja mannvirki sem tengjast búrekstrinum með beinum hætti, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. Öðrum mannvirkjum tengdum búrekstrinum, svo sem ferðaþjónustu og íbúðar- og sumarhúsum, verði beint á önnur svæði nema starfsemin krefjist ekki nýrra mannvirkja. Slík uppbygging innan núverandi bæjartorfu er þó heimil. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt ef frá er talin skjólbeltaræktun.
L-2	Gott landbúnaðarland (- ha) Landbúnaðarland í flokki II	Almennt er ekki heimilt að staðsetja mannvirki, nema takmarkaða aðstöðu tengda búrekstri eða ferðaþjónustu auk nauðsynlegra innviða. Uppbygging innan núverandi bæjartorfu er heimil enda skerði hún ekki möguleika til hefðbundinna landbúnaðarnota. Skógrækt, allt að 100 ha, er heimil en forðast ber að setja niður tegundir sem ógna líffræðilegum fjölbreytileika, hvort sem er til skógræktar eða annarrar ræktunar.
L-3	Sæmilegt ræktunarland og verðmætt beitiland (- ha) Landbúnaðarland í flokki III og IV	Heimilt er að staðsetja mannvirki sem tengjast búrekstrinum, þ.m.t. ferðaþjónustu, afurðavinnslu/-sölu og aðra atvinnustarfsemi auk íbúðar- og sumarhúsa og innviða. Uppbyggingin skerði ekki möguleika til hefðbundinna landbúnaðarnota.

---

Skógrækt, allt að 100 ha, er heimil en forðast ber að setja niður tegundir sem ógna líffræðilegum fjölbreytileika, hvort sem er til skógræktar eða annarrar ræktunar.

---

L-4 Landbúnaðarland í þéttbýli (- ha)

Áframhaldandi landbúnaðarstarfsemi en starfsemin er víkjandi vegna annarrar uppbyggingar í tengslum við þéttbýlið.

Á meðan landið er í landbúnaðarnotum skal mannvirkjum og túnum viðhaldið þannig að ásýnd þess falli sem best að heildarmynd byggðarinnar.

---

### 13.12 MIÐSVÆÐI (M)

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnáslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

#### Skipulagsákvæði fyrir miðsvæði

##### *Almenn ákvæði*

Áhersla er lögð á eflingu og þéttingu miðbæja eða miðsvæða allra byggðakjarnanna í sveitarfélaginu, þ.e. Ísafjarðar, Flateyrar, Suðureyrar, Þingeyrar og Hnífsdals.

Sérstök áhersla á rýmismyndun í miðbæjum og uppbyggingu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Gert er ráð fyrir því að á hverju svæði byggist upp líflegur og aðlaðandi kjarni með íbúðum og fjölbreyttri miðbæjarstarfsemi, svo sem verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, hótél, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og annarri hreinlegri atvinnustarfsemi.

Áhersla er lögð á það að gera svæðin aðlaðandi með verndun gamalla húsa og annarra einkenna sem og snyrtilegu umhverfi. Uppbygging skal aka mið af byggingarhefð á svæðinu. Varðveita ber byggingar með mikið verndargildi, byggðamynstur og götummynd í samræmi við hverfisverndarákvæði. Við uppbyggingu skal miða við manneskjulegan kvarða og aðlaðandi umhverfi.

Góð tenging verði á milli miðsvæða og hafnarsvæða og fjöru.

Við uppbyggingu skal ávallt hugað að gönguhæfi byggðarinnar með viðeigandi gönguleiðum og tengingum til að tryggja umferð gangandi vegfarenda. Ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla, þar sem því er viðkomið.

Nálgast skal lýsingu á miðsvæðinu á heildrænan hátt, þar sem öryggi og velferð fólks er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og valdi ekki ljósmengun. Nánar skal kveðið á um fyrirkomulag lýsingar í deiliskipulagi.

Þar til hættumat vegna sjávarflóða liggur fyrir skal fjarlægð bygginga frá sjó og gólfkóti þeirra vera í samræmi við viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar<sup>85</sup> og taka mið af þekktum sjávarflóðum.

<sup>85</sup> Vegagerðin (2018)

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
M-1	<p>Miðsvæði á Flateyri (- ha)</p> <p>Á svæðinu er þjónusta, m.a. við ferðamenn, en einnig íbúðir. Gömlu húsin standa nálægt sjónum og mynda sterka heild. Mestur hluti svæðisins er hverfisverndaður (H11).</p>	<p>Uppbygging á óbyggðum reitum til styrkingar miðsvæðis. Svigrúm fyrir allt að 4 nýjar íbúðir. Umfang nýrra bygginga skal vera í takti við núverandi byggð. Forðast skal að stór svæði verði einsleit bílastæði.</p>
M-2	<p>Miðsvæði á Suðureyri (- ha)</p> <p>Á svæðinu er þjónusta, m.a. við ferðamenn en einnig íbúðir. Svæðið er hluti af elstu húsaþyrpingu bæjarins og hverfisverndað (H10).</p>	<p>Uppbygging á óbyggðum reitum til styrkingar miðsvæðis. Svigrúm fyrir allt að 5 nýjar íbúðir. Umfang nýrra bygginga skal vera í takti við núverandi byggð. Forðast skal að stór svæði verði einsleit bílastæði.</p>
M-3	<p>Miðsvæði á Þingeyri (- ha)</p> <p>Fjarðargata og Hafnarstræti.</p> <p>Á svæðinu er þjónusta, m.a. við ferðamenn en einnig íbúðir. Svæðið er hluti af elstu húsaþyrpingu bæjarins og hverfisverndað (H12).</p>	<p>Uppbygging á óbyggðum reitum til styrkingar miðsvæðis. Svigrúm fyrir allt að 20 nýjar íbúðir. Umfang nýrra bygginga skal vera í takti við núverandi byggð. Forðast skal að stór svæði verði einsleit bílastæði.</p>
M-4	<p>Miðsvæði á Ísafirði (- ha)</p> <p>Eyrin í kringum Hafnarstræti, Aðalstræti, Silfurtorg og að Neðstakaupstað.</p> <p>Mjög fjölbreytt starfsemi og líflegt svæði, með m.a. verslun, þjónustu, stofnunum og íbúðum. Silfurtorg er kjarni miðsvæðisins. Hluti svæðisins tilheyrir elstu húsaþyrpingu bæjarins og er hverfisverndaður (H8 og H-).</p>	<p>Uppbygging á óbyggðum reitum til styrkingar miðsvæðis. Svigrúm fyrir allt að 150 nýjar íbúðir. Umfang nýrra bygginga skal vera í takti við núverandi byggð. Forðast skal að stór svæði verði einsleit bílastæði.</p> <p>Starfsemi á jarðhæð Aðalstrætis, frá Silfurgötu að Skipagötu, og Hafnarstrætis, frá Pólgötu að Aðalstræti, skal miðast við daglega viðskiptavini. Á sama svæði verði gluggar í atvinnuhúsnæði gegnsærir á þeirri hlið sem snýr að þessum götum.</p>
M-5	<p>Miðsvæði í Hnífsdal (4,5 ha)</p> <p>Stekkjargata. Íbúðarbyggð hefur verið samofin atvinnustarfsemi á reitnum, s.s. fiskverkun og smáverkstæðum. Að hluta til hefur svæðið haldist þannig fram til dagsins í dag, þó ásýnd þess hafi breyst töluvert. Svæðið er hluti af elstu húsaþyrpingu bæjarins og hverfisverndað (HV9).</p>	<p>Uppbygging á óbyggðum reitum til styrkingar miðsvæðis. Svigrúm fyrir allt að 5 nýjar íbúðir. Umfang nýrra bygginga skal vera í takti við núverandi byggð. Forðast skal að stór svæði verði einsleit bílastæði.</p>

### 13.13 OPIN SVÆÐI (OP)



Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

#### Skipulagsákvæði fyrir opin svæði

##### Almenn ákvæði

Á útivistarsvæðum skulu vera góðar tengingar við göngu- og hjólastíga og góð hjólastæði.

Hugað skal sérstaklega að því hvernig útivistarsvæði og stígar falla að landslagi og náttúru. Ekki má skerða náttúrufrýrbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Útivist skal vera í sátt við aðra nýtingu. Huga skal að aðgengi fyrir alla að útivistarsvæðum.

Ræktunarsvæði fyrir matjurtir eru heimil á opnum svæðum.

Tryggja skal vandaða lýsingu og varðveita myrkurgæði við uppbyggingu og hönnun útivistarsvæða þar sem það á við.

Á hverfisvernduðum opnum svæðum gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.

##### Sértæk ákvæði


Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
OP-1	Útivistarsvæði í Hnífsdal Að hluta til á hverfisverndarsvæði HV-9	Uppbygging vegna almennrar útivistar heimil, s.s. göngustígar, hjólastígar, reiðleiðir, dvalarsvæði, leiksvæði, matjurtagarðar og önnur aðstaða til útiveru og íþróttaiðkunar almennings.
OP-2	Útivistarsvæði í Skutulsfirði Að hluta til á hverfisverndarsvæði (HV-6) og á náttúruinjasrá	Svigrúm fyrir útivistarskóg og trjárækt til skjólmyndunar. Skógrækt er ekki heimil innan helgunarsvæða vega og veitna, sbr. tölur 12.1 og 13.1. Aðrar framkvæmdir innan helgunarsvæða eru háðar leyfi umráðanda þess. Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Gæta skal þess að skógrækt hafi ekki neikvæð
OP-3	Útivistarsvæði á Suðureyri	

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
OP-4	Útivistarsvæði á Flateyri Að hluta til á hverfisverndarsvæði HV-11	áhrif á náttúruleg gæði, svo sem gróðurfar og búsvæði eða menningarmínjar. Meðhöndlun innfluttra tegunda skal vera í samræmi við þá stefnu sem sett er í kafla um skógrækt.
OP-5	Útivistarsvæði á Þingeyri	Jarðhitaleit er heimil en lágmarka skal allt rask.
OP-6	Leiksvæði við Gamla barnaskólann í Hnífsdal	
OP-7	Skipagöturóló Á hverfisverndarsvæði HV-20	Huga skal að öruggum aðkomuleiðum að leiksvæðum og tryggja aðgengi fyrir alla. Leiksvæði skulu vera þroskandi og stuðla að góðri hreyfingu fyrir fjölbreyttan hóp notenda. Leiktæki skulu vera í viðunandi ástandi.
OP-8	Leikvöllurinn Suðureyri Á hverfisverndarsvæði HV-10	Áhersla skal lögð á gróðurnotkun á leiksvæðum.
OP-9	Minjasvæði við kirkjuna á Þingeyri Að hluta til á hverfisverndarsvæði HV-12	Opið svæði til útivistar. Öll nýting og uppbygging taki mið af fornminjum innan reitsins.
OP-10	Skrúður Hverfisverndaður garður, HV-14	
OP-11	Simsonsgarður Hverfisverndaður garður, HV-15	Viðhald og verndun garðanna í samræmi við hverfisverndarákvæði.
OP-12	Jónsgarður Hverfisverndaður garður, HV-16	
OP-13	Austurvöllur Hverfisverndaður garður, HV-17	
OP-14	Sjúkrahústúnið Á hverfisvernduðu svæði HV-8	Opið svæði til útivistar. Öll nýting og uppbygging taki mið af fornminjum innan reitsins.

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
OP-15	Naustahvilft	Heimilt er að byggja upp aðstöðu tengda gönguleið upp í hvilftina, svo sem með bílastæðum, áningarstöðum með upplýsingaskiltum, bekkjum, útsýnisstöðum eða annarri einfaldri aðstöðu. Mannvirki skulu felld að umhverfinu eins og kostur er. Í deiliskipulagi skal gæta að því að gefa rými fyrir gangnamunna og mannvirki tengd væntanlegum jarðgöngum á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar.
OP-16	Seljalandsdalur, Tungudalur, Dagverðardalur, Engidalur Botnsheiði og Breiðadalshaiði. Að hluta til á náttúruminjaskrá og vatnsverndarsvæði.	Uppbygging vegna almennrar útivistar heimil, s.s. göngustígar, hjólastígar, reiðleiðir og önnur aðstaða til útiveru.
OP-17	Dynjandi og nágrenni í Arnarfirði Náttúruvætti og hverfisverndað svæði HV-1	Uppbygging til útivistar og móttöku ferðamanna heimil í samræmi við auglýsingu um náttúruvættið Dynjanda nr. 348/1986 og verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Dynjanda.
OP-18	Ofan byggðar á Flateyri Að hluta til innan hverfisverndaðs svæðis HV-19	Útivistarsvæði og varnarvirki vegna ofanflóða. Heimild til viðhalds og eflingar varnarvirkja til að auka öryggi í samræmi við hættumat og forsendur þess.
OP-19	Ofan Holtahverfis	Mannvirki skulu felld að umhverfinu eins og kostur er. Áhersla skal lögð á grenndargróður eða sambærilegan gróður við uppgræðslu varnarmannvirkja og raskaðs lands. Óheimilt er að nota alaskalúpínu og kerfil við uppgræðslu. Skógrækt til útivistar á láglandi er heimil.
OP-20	Ofan Seljalandshverfis	Draga skal úr neikvæðum áhrifum á aðliggjandi byggð með mótvægisáðgerðum, s.s. landmótun, gróðurnotkun og aðstöðu fyrir útivist.
OP-21	Ofan Efribæjar	
OP-22	Ofan byggðar í Hnífsdal	
OP-23	Fjaran við Neðstakaupstað Á hverfisverndarsvæði HV-13	Tryggja skal aðgengi að fjörunni en jafnframt vernda ásýnd hennar í samræmi við hverfisverndarákvæði.
OP-24	Ræktunarsvæði við Kúluhúsið á Seljalandsvegi	
OP-25	Ræktunarsvæði við Grænagarð	Ræktunarsvæði matjurta fyrir almenning. Heimild til landmótunar og uppbyggingar á aðstöðu.
OP-26	Ræktunarsvæði ofan Stórhólts	

### 13.14 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB)



Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og beitolönd, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, beitarafnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

#### Skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
ÓB-1	Óbyggð svæði (- ha)	<p>Mannvirkjum skal haldið í lágmarki. Landeigendur geti nýtt hlunnindi sín, s.s. með beit, útivist, dúntekju og veiðum.</p> <p>Innan Hornstrandafriðlands má endurbyggja hús í samræmi við ákvæði um frístundahús (tafla --). Á óbyggðum svæðum sem einnig njóta hverfisverndar (HV-1, HV-2, HV-3, HV-4 og HV-18) er heimilt að endurbyggja og reisa frístundahús í samræmi við ákvæði hverfisverndar í kafla 16.1. HV-7 er einnig hverfisverndað svæði, sjá ákvæði í kafla 16.1.</p> <p>Mannvirkjum til almannaþota, s.s. fjallaskálum og neyðarskylum, skal halda í lágmarki. Taka skal mið af öryggismálum og þörf fyrir neyðarafdrep og gístiaðstöðu fyrir gangnamenn og ferðafólk þar sem það á við.</p> <p>Svigrúm er fyrir allt að 30 kW smávirkjanir með minni háttar uppistöðulóni eða allt að 200 kW rennslisvirkjanir. Við uppsetningu virkjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Forðast skal að framkvæmdir skerði fyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og lögum um menningarminjar.</p> <p>Minniháttar mannvirki eru heimil, svo sem fjarskiptamöstur, litlar vindrellur og sólarcellur til eigin nota, á og við byggingar.</p> <p>Skógrækt, allt að 100 ha, er heimil á óbyggðum svæðum en þó er ekki gert ráð fyrir skógrækt í Hornstrandafriðlandi. Á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli eru ákvæði um skógrækt. Taka skal mið af lífríki, landslagi og annarri landnýtingu við ákvarðanir um skógrækt. Nánar er fjallað um skógrækt í kafla -.</p>

Á óbyggðum svæðum eru ýmsar takmarkanir sem m.a. tengjast náttúru- og minjavernd. Sjá nánar í kafla 14 um verndarákvæði. Taka skal mið af ákvæðum viðkomandi verndar við leyfisveitingar á óbyggðum svæðum.

---

DRÖG

### 13.15 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA (S)



Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem, óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

#### Skipulagsákvæði fyrir samfélagsþjónustu

##### Almenn ákvæði

Forðast skal, eins og kostur er, aðgreiningu aðgengis eftir færni einstaklinga en miða heldur lausnir við að allir geti nýtt sér aðalinngang og megingönguleiðir. Ávallt skal hugað að aðgengi fyrir alla við hönnun nýbygginga, útisvæða og uppbyggingu innviða. Lögð er áhersla á að aðgengi verði einnig bætt í eldri byggingum þar sem þjónusta er veitt. Huga ber að verndargildi eldri bygginga og umhverfis þeirra og miða lausnir við að gildi þeirra skerðist ekki.

Huga skal að vandaðri lýsingu og myrkurgæðum á þjónustusvæðum.

Á svæðum fyrir samfélagsþjónustu skal gert ráð fyrir fjölbreyttum ferðamátum, t.d. með því að hafa góðar tengingar við göngu- og hjólastíga og góð hjólastæði.

Á hverfisvernduðum svæðum gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.

##### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
S-1	Grunnskólinn á Ísafirði Innan hverfisverndarsvæðis HV-20	Umhverfi skóla verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli proska allra nemenda.
S-2	Grunnskóli Önundarfjarðar	Öll hönnun miðist við að aðgengi sé fyrir alla að skólanum og annarri þjónustu.
S-3	Leikskólinn Grænigarður, Flateyri	Skólarnir nýti sér nálægðina við náttúruna og sérkenni samfélagsins.
S-4	Leikskólinn Laufás, Þingeyri (0,2 ha)	
S-5	Grunnskólinn Þingeyri	

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
S-6	Skólabyggingar í landi Fagrahvamms í Skutulsfirði (- ha)	Gert ráð fyrir uppbyggingu leikskóla og grunnskóla.  Uppbygging skal vera í sátt við náttúrulegt umhverfi. Nýta skal landgæði og nálægð við útivistarsvæði við uppbyggingu. Umhverfi verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli velferð notenda. Gert er ráð fyrir svæði til ræktunar matjurta (skólagörðum). Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að aðliggjandi byggð, og útsýni frá vistarverum. Öll hönnun miðist við að aðgengi og þjónusta sé fyrir alla.  Aðkoma verður frá Vestfjarðavegi. Nákvæmari staðsetning útfærð í deiliskipulagi.
S-7	Menntaskólinn á Ísafirði, íþróttahúsið á Torfnesi, leikskólinn Sólborg, leikskólinn Eyrarskjól, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Hlíf – þjónustuíbúðir aldraðra, Hjúkrunarheimilið Eyri, Safnahúsið, Ísafjarðarkirkja og Eyrarkirkjugarður.  Hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis HV-8	Svigrúm til stækkunar og breytinga.  Umhverfi verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli velferð notenda. Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að aðliggjandi byggð, útivistarsvæðum á lóð og útsýni frá vistarverum. Öll hönnun miðist við að aðgengi og þjónusta sé fyrir alla. Við stækkun kirkjugarða skal taka mið af verndargildi þeirra.
S-8	Íþróttahús, sundlaug og Þingeyrarkirkja  Kirkjan er friðlýst og innan hverfisverndarsvæðis HV-12	Umhverfi verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli velferð notenda. Hugað skal sérstaklega að aðlögun bygginga að aðliggjandi byggð, útivistarsvæðum á lóð og útsýni frá vistarverum. Öll hönnun miðist við að aðgengi og þjónusta sé fyrir alla. Við stækkun kirkjugarða skal taka mið af verndargildi þeirra.
S-9	Grunnskólinn á Suðureyri, Leikskólinn Tjarnarbær og Suðureyrarkirkja	Vernda skal útlit og ásýnd Eyrarkirkjugarðs.
S-10	Hjúkrunarheimilið Tjörn og heilsugæsla á Þingeyri  Innan hverfisverndaðs svæðis HV-12	
S-11	Gamli barnaskólinn í Hnífsdal	Svigrúm til stækkunar og breytinga.
S-12	Félagsheimilið í Hnífsdal  Innan hverfisverndaðs svæðis HV-9	Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingu, viðbyggingu eða auknum umsvifum. Ekki er gert ráð fyrir samfelldri viðveru fólks að vetri til vegna ofanflóðahættu. Öll nýting á reitnum takmarkast af ofanflóðahættu í samræmi við hættumat og reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.
S-13	Staðarkirkja og kirkjugarður í Súgandafirði	Vernda skal útlit og ásýnd kirkju, kirkjugarðs og nánasta umhverfis.

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
	Friðlýst bygging	Heimilt er að stækka kirkjugarða í samræmi við þörf. Við stækkun skal taka mið af verndargildi þeirra.
S-14	Holtskirkja og kirkjugarður í Önundarfirði Friðlýst bygging	
S-15	Kirkjubólskirkja og kirkjugarður í Valþjófsdal, Önundarfirði Friðlýst bygging	
S-16	Sæbólaskirkja og kirkjugarður á Ingjaldssandi Friðlýst bygging	
S-17	Hraunskirkja og kirkjugarður í Keldudal, Dýrafirði Friðlýst bygging	
S-18	Mýrarkirkja og kirkjugarður í Dýrafirði Friðlýst bygging	
S-19	Hrafnseyrarkirkja og kirkjugarður í Arnarfirði Friðlýst bygging og innan hverfisverndarsvæðis HV-1	
S-20	Réttarholtskirkjugarður og kapellan í Engidal	
S-21	Flateyrarkirkja	
S-22	Unaðsdalskirkja á Snæfjallaströnd Friðlýst bygging	
S-23	Bænahús og kirkjugarður í Furufirði Friðlýst bygging og innan Hornstrandafriðlands	
S-24	Staðarkirkja og kirkjugarður í Grunnavík	

Sértæk ákvæði		Skipulagsákvæði
Auðkenni	Lýsing	
	Friðlýst bygging og innan hverfisverndaðs svæðis HV-18	
S-25	Staðarkirkja og kirkjugarður í Aðalvík Friðlýst bygging og innan Hornstrandafriðlands.	
S-26	Núpskirkja og kirkjugarður í Dýrafirði	
S-27	Arnarnesviti Friðaður og innan hverfisverndaðs svæðis HV-7	
S-28	Langanes við Arnarfjörð	
S-29	Svalvogaviti Friðaður	
S-30	Fjallaskagaviti Innan hverfisverndaðs svæðis HV-2	
S-31	Galtarviti	Útlit og ásýnd mannvirkja og nánasta umhverfis verði verndað.
S-32	Æðeyjarviti	
S-33	Sléttueyrarviti Innan Hornstrandafriðlands	
S-34	Straumnesviti Friðaður og innan Hornstrandafriðlands	
S-35	Hornbjargsviti Innan Hornstrandafriðlands	
S-36	Sauðanesviti	

**Sértæk ákvæði**

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
----------	--------	-----------------

Innan hverfisverndaðs svæðis HV-3

**13.16 SÉRSTÖK NOT HAF- OG VATNSSVÆÐA (SN)**



Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.

**Skipulagsákvæði fyrir sértök not haf- og vatnssvæða**

**Almenn ákvæði**

Ekki má skerða náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.  
Sjá einnig ákvæði fyrir hafnarsvæði í kafla – um hafnir.

**Sértæk ákvæði**

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
----------	--------	-----------------

SN-1	Mávagarður, Sundahöfn og Sundabakki - - ha Svæði hafnarinnar á sjó
------	---

	Svigrúm til endurbóta á aðstöðu á sjó og aðkomu að hafnarsvæðum (H- - H-). Um svæði hafnarinnar gildir Hafnarreglugerð fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar nr. 1190/2005.
--	---

SN-2	Ásgeirsbakki og bátahöfn - - ha
------	---------------------------------

	Heimilt er að dýpta innsiglingaleiðir og viðlegusvæði við hafnarkanta.
--	--

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2025-2050 - DRÖG

	Svæði hafnarinnar á sjó	
SN-3	Suðureyrarhöfn - - ha Svæði hafnarinnar á sjó	
SN-4	Suðureyrarhöfn, Brjótur - - ha Svæði hafnarinnar á sjó	
SN-5	Flateyrarhöfn - - ha Svæði hafnarinnar á sjó	
SN-6	Þingeyrarhöfn - - ha Svæði hafnarinnar á sjó	
SN-7	Hnífsdalsbryggja - - ha Svæði hafnarinnar á sjó	
SN-8	Mjólkárbyggja - - ha Svæði hafnarinnar á sjó	Ný þjónustubryggja ásamt sjónörnum. Núverandi ferjubryggja leggst af. Nánar í kafla og ákvæðum um hafnarsvæði.

## SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆDSLUSVÆÐI (SL)



Svæði fyrir skógrækt, landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Tafla 15.3 Lágmarksfjarlægð á milli takmarkandi þátta og skógræktar.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Skipulagsákvæði
Landamerki	-	Á svæði nærri landamerkjum skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór	-	Ekki þétt skógrækt við vatns-, árbakka og sjó. Heimilt að láta jaðar nærliggjandi skógræktar þynnast út í átt að vötnum, ám og sjó.
Friðlýstar fornminjar	100 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Friðaðar fornleifar	15 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Háspennulínur	Breytilegt sbr. töflu 13.1 í kafla -	Fjarlægð trjáa til loftlína miðist við það að hún sé hæð fullvaxinna trjáa margfölduð með 1,5.
Aðrar veitulagnir	1,5 m	Fjarlægð miðist við rótarkerfi fullvaxins trjágróðurs.
Stofnvegir, tengivegir og aðrir vegir	15-30 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla 14 um samgöngur.

## Skipulagsákvæði fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði

### Almenn ákvæði

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða, skal virða lágmarksfjarlægðir, sbr. töflu hér að framan. Varast ber að láta þessar takmarkanir vera leiðandi í mótun ræktunarsvæðis, enda um lágmarksfjarlægðir að ræða. Mótun svæðis ætti alltaf að taka mið af landslagi og heildarásýnd svæðisins.

Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum.

Skógrækt má ekki raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum eða menningarminjum skv. lögum um menningarminjar.

Skógræktarsvæði skal skipuleggja með tilliti til hættu af völdum gróðurelda og aðgengis slökkviliðs.

Ný skógræktarsvæði sem eru 100 ha eða stærri skulu afmörkuð á skipulagsupprætti. Skógrækt, allt að 100 ha samfellt svæði, er heimil á landbúnaðarsvæðum (L-2, L-3, L-4 og L-5), og óbyggðum svæðum án þess að breyta aðalskipulagi. Útivistarskógrækt er heimil á opnum svæðum. Svæði undir 100 ha eru ekki afmörkuð á upprætti.

Um mannvirkjagerð innan skógræktar- og landgræðslusvæða gilda sömu heimildir og á landbúnaðarsvæðum eftir því sem aðstæður leyfa.

Á hverfisvernduðum svæðum gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.

Í umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar skal koma fram hvernig tillit er tekið til náttúru- og menningarminja, takmarkandi þátta, landslags og annarra staðhátta.

### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
SL-1	Bakki og Brekka	Sjá almenn ákvæði.
SL-2	Fell, Lyngholt og Lækur	Sjá almenn ákvæði.
SL-3	Höfði	Sjá almenn ákvæði.
SL-4	Klukkuland	Sjá almenn ákvæði.
SL-5	Tröð	Sjá almenn ákvæði.
SL-6	Kjaransstaðir og Ketilseyri	Sjá almenn ákvæði.
SL-7	Sandar	Sjá almenn ákvæði.

### 13.17 STRANDSVÆÐI (ST)



Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

#### Skipulagsákvæði fyrir strandsvæði

##### Almenn ákvæði

Ekki má skerða náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjar skv. lögum um menningarminjar.

Strönd haldist í sem náttúrulegustu ástandi í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umgengni á strandsvæðum skal vera góð.

##### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ST-1	Strandsvæði í þéttbýli (- ha) Strandsvæði og fjara innan þéttbýlis í Ísafjarðarbæ	Tryggja skal aðgengi gangandi að fjöru eftir því sem kostur er.
ST-2	Strandsvæði í dreifbýli sem eru friðlýst, hverfisvernduð eða á náttúruminjaskrá (-- ha)	Landeigendur geti nýtt hlunnindi sín, s.s. með beit, útivist, dúntekju og veiðum. Sjálfbær nýting auðlinda er heimil hafi hún óveruleg áhrif á vistkerfi, jarðmyndanir og menningarminjar. Að auki gilda ákvæði hverfisverndar á hverfisvernduðum svæðum og ákvæði um aðra náttúruvernd á friðlýstum svæðum og öðrum svæðum á náttúruminjaskrá.

### 13.18 VEGIR, GÖTUR OG STÍGAR (VE)



Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki, þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

#### Skipulagsákvæði fyrir vegi, götur og stíga

##### Almenn ákvæði

Kemur síðar

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði


### 13.19 VEITUR OG HELGUNARSVÆÐI (VH)



Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

